

Ellen G. White Estate

FRÁ  
RÆÐUSTÓLI  
NÁTTÚRUNNAR



ELLEN G. WHITE



---

# **Frá ræðustóli náttúrunnar**

---

**Ellen G. White**

**1929**

**Copyright © 2012  
Ellen G. White Estate, Inc.**



## **Information about this Book**

### **Overview**

This eBook is provided by the [Ellen G. White Estate](#). It is included in the larger free [Online Books](#) collection on the Ellen G. White Estate Web site.

### **About the Author**

Ellen G. White (1827-1915) is considered the most widely translated American author, her works having been published in more than 160 languages. She wrote more than 100,000 pages on a wide variety of spiritual and practical topics. Guided by the Holy Spirit, she exalted Jesus and pointed to the Scriptures as the basis of one's faith.

### **Further Links**

[A Brief Biography of Ellen G. White](#)  
[About the Ellen G. White Estate](#)

### **End User License Agreement**

The viewing, printing or downloading of this book grants you only a limited, nonexclusive and nontransferable license for use solely by you for your own personal use. This license does not permit republication, distribution, assignment, sublicense, sale, preparation of derivative works, or other use. Any unauthorized use of this book terminates the license granted hereby.

### **Further Information**

For more information about the author, publishers, or how you can support this service, please contact the Ellen G. White Estate at [mail@whiteestate.org](mailto:mail@whiteestate.org). We are thankful for your interest and feedback and wish you God's blessing as you read.



## Efnisyfirlit

Information about this Book .....	i
Inngangur .....	vii
Capitol 1.—Við fjallið .....	8
Capitol 2.—Hverjir eru sælir? .....	12
“Sælir eru syrgjendur, því að þeir munu huggaðir verða.” ...	14
“Sælir eru hógværir.” .....	17
“Sælir eru þeir, sem hungrar og þyrstir eftir rjettlætinu, því að þeir munu saddir verða.” .....	20
“Sælir eru miskunnsamir, því að þeim mun miskunnað verða.”	23
“Sælir eru hreinhjartaðir, því að þeir munu Guð sjá.” .....	24
“Sælir eru friðflytjendur, því að þeir munu Guðs synir kallaðir verða.” .....	27
“Sælir eru þeir, sem ofsóttir verða fyrir rjettlætis sakir, því að þeirra er himnaríki.” .....	28
“Sælir eruð þjer, þá er menn atyrða yður.” .....	29
“Djer eruð salt jarðar.” .....	32
“Djer eruð ljós heimsins.” .....	34
Capitol 3.—Lögmálið er andlegt .....	39
“Jeg er ekki kominn til þess að niðurbjóta, heldur til þess að uppfylla.” .....	39
“Hver sem því brýtur eitt af þessum minstu boðorðum, og kennir mönnum það, hann mun verða kallaður minstur í himnaríki.” .....	43
“Ef rjettlæti yðar tekur ekki langt fram rjettlæti fræðimannanna og Faríseanna, komist þjer alls ekki inn í himnaríki.” .....	44
“Hver sem reiðist bróður sínum. . . verður sekur fyrir dóminum.” .....	46
“Sæstu fyrst við bróður þinn.” .....	48
“Hver sem lítur á konu með girndarhug, hefir þegar drýgt hór með henni í hjarta sínu.” .....	49
“Ef hægra auga þitt hneykslar þig, þá ríf það út og kasta því frá þjer.” .....	49
“Er manningum leyfilegt að skilja við konu sína?” .....	51

“Djer eigið alls ekki að sverja.” . . . . .	53
“Djer skuluð ekki rísa gegn meingjörðamanninum, en slái einhver þig á hægri kinn þína, þá snú þú einnig hinni að honum.” . . . . .	55
“Elskið óvini yðar.” . . . . .	58
“Verið því fullkomnir, eins og yðar himneski faðir er fullkominn.” . . . . .	60
Capitol 4.—Rjettur tilgangur þjónustu . . . . .	62
“Þegar þjer biðjist fyrir, þá verið ekki eins og hræsnararnir.” .	65
“En er þjer biðjist fyrir, þá viðhafið ekki ónytjumælg, eins og heiðingjarnir.” . . . . .	67
“Er þjer fastið, þá verið ekki daprir í bragði eins og hræsnararnir.” . . . . .	68
“Safnið yður ekki fjársjóðum á jörðu.” . . . . .	69
“Ef auga þitt er heilt, þá mun allur líkami þinn vera í birtu.” .	70
“Enginn getur þjónað tveimur herrum.” . . . . .	72
“Verið ekki áhyggjufullir.” . . . . .	73
“Leitið fyrst Guðs ríkis.” . . . . .	76
“Verið því ekki áhyggjufullir um morgundaginn. . . hverjum degi nægir sín þjáning.” . . . . .	77
Capitol 5.—Bæn drottins . . . . .	79
“Er þjer biðjist fyrir, þá segið: Faðir vor.” . . . . .	80
“Helgist þitt nafn.” . . . . .	82
“Tilkomi þitt ríki.” . . . . .	83
“Verði þinn vilji, svo á jörðu, sem á himni.” . . . . .	84
“Gef oss í dag vort daglegt brauð.” . . . . .	84
“Fyrirgef oss syndir vorar, því að vjer fyrirgefum og sjálfir öllum skuldunautum vorum.” . . . . .	87
“Leið oss ekki í freistni, heldur frelsa oss frá illu”. . . . .	89
“Þitt er ríkið og mátturinn og dýrðin”. . . . .	91
Capitol 6.—Dæmið ekki . . . . .	94
“Hví sjer þú flísina í auga bróður þíns?” . . . . .	95
“Gefið eigi hundunum það sem heilagt er”. . . . .	98
“Alt, sem þjer því viljið, að aðrir menn gjöri yður, það skuluð þjer og þeim gjöra.” . . . . .	101
“Þröngt er hliðið og mjór er vegurinn, er liggur til lífsins.” .	104
“Kostið kapps um að komast inn um þrönga hliðið.” . . . . .	106
“Gætið yðar fyrir falsspámönnum.” . . . . .	109



---

“Dað fjell ekki, því að það var grundvallað á bjargi.” . . . . . 111

“ORDIN SEM JEG HEFI TALAÐ VIÐ YÐUR ERU ANDI OG  
ERU LÍF.”

[ii]

[5]

## Inngangur

Fjallrœðan er himnesk blessun heiminum til handa — rödd frá háscæti Guðs. Hún var töluð til þess að hún skyldi vera mœlikvarði fyrir mennina, himneskt ljós, von þeirra og huggun í erfiðleikunum, gleði þeirra og athvarf í öllum hverfuleika lífsins. Hjer talar hinn kununglegi rœðumaður — hinn mikli kennari þau orð, sem Faðirinn gaf honum að mæla.

Yfirlýsingarnar um það, hverjir eru sælir, eru kveðja Krists ekki einungis til þeirra, sem trúa, heldur og til alls mannkynsins. Það er eins og hann hafi í svipinn gleymt því að hann er ekki á himnum. Hann lýsir sjálfum sjer fyrir áheyrendunum sem ljósi heimsins. Blessunar-gnægð streymir af vörum hans eins og útstreymi frá fljóti er lengi hefir verið stíflað og hefir gnægð kraftar. Kristur lætur engan vera í efa um þá lyndiseinkunn, sem hann mun ætíð viðurkenna og blessa. Hann snýr sjer frá hinum metorðagjörnu mönnum í heiminum og að þeim, sem þeir fyrirlíta, og lýsir blessun sinni yfir öllum, er vilja veita viðtöku ljósi hans og lifi. Hinum fátöku í anda, hinum hógværu, hinum auðmjúku, hinum hryggju, og örvæntingarfullu, þeim sem ofsóttir eru, opnar hann faðm sinn og segir: “Komið til min. . . og jeg mun veita yður hvíld.”

[6]

Þó að Kristur sjái eymd mannanna, harmar hann það ekki að hafa skapað þá. Í mannhjartanu sjer hann meira en synd, mkeira en eymd. Í guðdómlegri visku sinni sjer hann möguleia mannsins, það háa takmark, sem honum er unt að ná. Hann veit, að enda þótt mennirnir hafi misnotað náð hans og glatað þeirri tign, sem Guð gaf þeim, getur skaparinn þó orðið dýrðlegur fyrir endurlausn þeirra.

Á öllum tímum munu þau orð, sem Kristur talaði frá sælufjallinu, halda krafti sínum. Hver seining er gimsteinn úr forðabúri sannleikans. Með guðdómlegum krafti bendir Kristur á flokk eftir flokk sem hann blessar vegna þess að hann hefir öðlast hið rjetta lunderni. Með því að lifa lífi löggjafans fyrir trúna, getur sjerhver náð því takmarki, sem er haldið fram í orði hans.

[7]

[8]

[9]

## Capitol 1.—Við fjallið

Meira en f jórtán öldum áður en Jesús fæddist í Betlehem, söfnuðust Ísraelsmenn saman í hinum fagra Sikkems dal, og beggja megin frá fjallinu heyrðust raddir prestanna, er gjörðu kunna blessun og bölvun — “blessunina ef þjer hlýðið skipunum Drottins Guðs yðar, . . . . . en bölvunina, ef þjer hlýðið ekki skipunum Drottins Guðs yðar.” 5. Mós. 11, 27. 28. Og þannig varð fjallið, sem blessunarorðin hljómuðu frá, alkunnugt sem fjall blessunarinnar.

En það var ekki á Gerísímfjalli, sem þau orð voru töl-uð, er koma sem blessun yfir heim fullan syndar og sorg-ar. Ísrael náði ekki þeirri háleitu fullkomnun, sem þeim var sett fyrir sjónir. Það er annar en Jósúa, sem verður að leiða fólk hans inn til hinnar sönnu hvíldar trúarinn-ar. Það er ekki Gerísím, sem nú er kunnugt, sem sælu-fjallið, en þar á móti hið ónefnda fjall við Genesaret-vatnið, þar sem Kristur talaði orð blessunarinnar til lærisveina sinna og mannfjöldans.

Látum oss renna huganum til atburðanna á þeim tím-um; látum oss sitja við fjallið með lærisveinunum, og reyna að skilja þær hugsanir og tilfinningar, sem hreyfðu sjer innra með þeim. Ef vjer skiljum, hvað orð Jesú var fyrir þá, sem heyrðu það, þá munum vjer í þessum orðum hans geta sjeð nýjan skærleik og fegurð og tileinkað oss kjarna þeirra lærdóma, sem þau innihalda oss til handa.

[10] Þegar Frelsarinn byrjaði starfsemi sína, var hin alment ríkjandi hugmynd um Messías og starf hans þannig, að hún gjörði fólkið óhæft til að meðtaka hann. Sannur guðsótti var horfinn sökum erfikenninga og helgisiða, og spádómarnir voru lagðir út eftir því, sem dramsöm, heimselskufull hjörtu kröfðust. Gyðingarnir væntu hins komandi Messíasar, ekki sem frelsara er frelsar frá synd, heldur sem mikils þjóðhöfðingja, sem mundi gjöra ljónið af Júda ætt að drotnara yfir öllum þjóðum. Árangurslaust hafði Jóhannes skírari með hinum hjartarannsakandi krafti hinna gömlu spámanna, reynt að knýja þá til yfirbótar. Árangurslaust hafði hann við ána Jordan bent á það Guðs lamb, sem ber synd heimsins. Guð reyndi að leiða hugsanir

þeirra að spádómum Jesaja um það, sem Frelsarinn átti að líða, en þeir vildu ekki heyra.

Ef kennarar og leiðtogar Israels hefðu verið móttækilegir fyrir hina umbreytandi náð Frelsarans, þá mundi hann hafa gjört þá að sendiboðum sínum meðal mannanna. Það var í Júdeu, sem boðskapurinn um Guðsríki fyrst hafði hljómað og kallið til iðrunar fyrst heyrðist. Með því að reka þá út, sem vanhelguðu musterið í Jerúsalem, hafði Jesús komið fram sem Messías — komið fram sem sá, er hreinsa skyldi sálina af saurgun syndarinnar og gjöra sitt fólk að heilögu musteri í Drotni. En leiðtogar Gyðinga vildu ekki lúta svo lágt, að taka tilsögn kennarans frá Nasaret. Við aðra heimsókn sína í Jerusaleem var hann færður fram fyrir ráðið, og aðeins óttinn við lýðinn aftraði þessum háttsettu mönnum frá því að gjöra tilraun til að ráða hann af dögum. Þá var það, að hann fór burtu úr Júdeu og byrjaði að starfa í Galíleu.

[11]

Hann var búinn að starfa þar í nokkra mánuði, þegar hann hjelt fjallræðuna. Boðskapurinn, er hann hafði flutt um landið, að “Himnaríki væri í nánd”, Matt. 4, 17, hafði vakið eftirtekt allra stjetta og ennfremur æst upp vonir þeirra um metorð og völd. Orðrómurinn um hinn nýja kennara hafði breiðst út fyrir landamæri Gyðingalands, og þrátt fyrir þá stefnu, sem klerkastjettin tók, var það þó álit almennings, að vera mætti að þetta væri hinn eftirþráði lausnari. Mjög mikill mannfjöldi fylgdi honum, hvar sem hann fór, og háar hrifningaöldur risu meðal lýðsins.

Sá tími var kominn, er lærisveinarnir, sem höfðu verið í nánasta sambandi við Krist, skyldu taka meiri þátt með honum í starfsemi hans, svo að þessi mikli mannfjöldi væri ekki skilinn eftir eins og hjörð, er engan hirði hefir. Sumir þessara lærisveina höfðu verið í fylgd með Jesú, frá því að hann byrjaði fyrst starfsemi sína, og hinir tólf höfðu því nær allir sameinað sig honum, sem meðlimir fjölskyldu Jesú. En afvegaleiddir af kenningu lærifeðranna hölluðust þeir einnig að hinni almennu skoðun, er byggdist á voninni um jarðneskt ríki. Þeir gátu ekki skilið breytni Jesú. Þeir höfðu þegar verið orðnir órólegir og mæddir yfir því, að hann hafði ekki gjort þeina tilraun til að styðja mál sitt með því, að reyna að tryggja sjer aðstoð prestanna og lærfeðranna, og yfir því, að hann gjörði ekkert til að koma sjer til valda sem jarðneskur konungur. Það þurfti enn að gjörast mikið verk fyrir lærisveinana, áður en þeir væru hæfir til hins

[12]

[13]

heilaga ætlunarverks, sem þeim skyldi verða falið, er Jesús stigi upp til himins. Þrátt fyrir það, höfðu þeir látið kærleika Krists hafa áhrif á sig, og þó að þeir væru seinir til að trúna, gat Jesús þó sjeð í þeim menn, sem hann gat mentað, og uppfrætt til hins mikla verks síns. Og þegar þeir voru búnir að vera nógu lengi með honum til þess að vera orðnir nokkurn veginn staðfastir í trúnni á hina guðdómlegu köllun hans, og hann einnig frammi fyrir lýðnum hafði sýnt mátt sinn svo augljóslega, að þeir gátu ekki efast um hann, var leiðin opnuð fyrir þá yfirlýsingu viðvíkjandi meginreglum ríkis hans, er mundi hjálpa þeim til að skilja hið sanna eðli þess.

Á fjalli einu nálægt Genesarevatninu hafði Jesús verið alla nóttina á bæn fyrir þessum útvöldu mönnum. Í dögum kallaði hann þá til sín, og með bæn og lærdómsríkum orðum lagði hann hendur sínar yfir þá, blessaði þá og útvaldi þá þannig til að vinna að fagnaðarboðskapnum. Síðan fór hann með þeim niður að sjávarströndinni, þar sem mannfjöldinn hafði þegar árla morguns byrjað að safnast saman.

Auk hins venjulega mannfjölda frá bæjunum í Galíleu, var þarna einnig mikill fjöldi frá Júdeu og sjálfri Jerúsalem, frá Bereö, margir hinna hálfheiðnu íbúa Dekapóles, margir frá Ídúmeu, landinu fyrir sunnan Júdeu, og frá Týrus og Sídon, hinum fönísku byggðum við Miðjarðarhafið. Þeir “heyrðu hve mikil verk hann gjörði”, og komu til “að heyra hann og til þess að fá lækning við sjúkdómum sínum”, og . . . . . kraftur gekk út frá honum og læknaði þá alla.” Mark. 3, 8; Lúk. 6, 17—19. — Þegar mannfjöldinn var orðinn svo mikill að ekki var lengur rúm á hinni mjóu sjávarströnd, jafnvel ekki til að standa svo að allir þeir sem vildu, gætu heyrt til hans, gekk Jesús á undan fólkinu til fjallshlíðarinnar. Þegar hann var kominn þangað, sem var svo sljett, að hentugt var til samkomustaðar fyrir hinn mikla mannfjölda, settist hann niður í grasið, og lærisveinarnir og fólkið fór að dæmi hans.

[14]

Lærisveinarnir höfðu safnast saman kringum Meistara sinn með þeim tilfinningum, að eitthvað meira en venjulegt væri í vændum. Eftir þá viðburði er höfðu átt sjer stað um morguninn, voru þeir þess fullvissir, að nú mundi fást vitneskja viðvíkjandi því ríki, sem þeir vonuðu að hann mundi bráðlega setja á stofn. Eftirvæntingartilfinning hafði gagntekið mannfjöldann, og í svip fólksins mátti sjá hrifni og áhuga.

Meðan þeir sátu þarna í grænni fjallshlíðinni, bíðandi þess að heyra ræðu hins guðdómlega kennara, fylltust hjörtu þeirra hugsunum um framtíðarupphefð. Þarna voru skriftlærðir og Farísear, sem litu til þess dags, er þeir skyldu drotna yfir Rómverjum, sem þeir hötuðu, og verða aðnjótandi auðæfa og frægðarljóma hins mikla og volduga heimsríkis. Hinir fátæku bændur og sjómennirnir væntu þess að fá fullvissu um, að í stað ljelegu kofanna sinna, fæðunnar, er var af skornum skamti, hinnar lýjandi vinnu og kvíðbogans fyrir sulti og seyru, mundu þeir fá vegleg hús og rólega og hæga daga. Í stað grófgjörðu klæðanna, sem þeir voru í á daginn, og ábreiðanna, er þeir notuðu á nóttunni, vonuðu þeir að Kristur mundi gefa þeim skrautklæði yfirdrotnara þeirra.

Allra hjörtu voru gagntekin af þeirri mikillátu von, að Ísrael mundi bráðlega veitast sæmd og heiður í augsýn allra þjóða, sem hinni útvöldu þjóð Drottins, og Jerusalem verða hafin til höfuðstaðar í voldugu heimsríki.

## Capitol 2.—Hverjir eru sælir?

” Og hann lauk upp munni sínum, kendi þeim og sagði:  
Sælir eru fátækir í anda, því að þeirra er himnaríki.”

Þessi orð hljóma eins og eitthvað nýtt og furðulegt í eyrum hins undrandi mannfjölda. Slík kenning er svo gjörólík öllu því, sem þeir höfðu nokkurn tíma heyrt af munni prests eða læriföður. Í henni finna þeir ekkert, er getur skjallað þá upp eða fullnægt mikillæti þeirra og þeim vonum, er þeir gjöra sjer. En nýi kennarinn hefir kraft til að bera, sem heldur þeim í hrifningu. Yndisleiki hins guðdómlega kærleika streymir út frá honum eins og ilmurinn frá blóminu. Orð hans “falla sem regn niður á nýslegið engi, sem regnskúrur, er vökva landið”. Sálm. 72, 6. Ósjálfrátt finna allir, að hjer standa þeir frammi fyrir þeim, sem les leyndarmál hjartans, en nálgast þá þó með ástúð og nærgætni. Hjörtu þeirra upp ljúkast fyrir honum, og um leið og þeir heyra orð hans, sýnir Heilagur andi þeim nokkuð af þýðingu þeirrar uppfræðslu, sem mennirnir á öllum tímum hafa svo mikla þörf á að fá.

Á Krists dögum álitu hinir andlegu leiðtogar fólksins sig ríka af andlegum fjársjóðum. Bæn Faríseans: “Guð, jeg þakka þjer, að jeg er ekki eins og aðrir menn,” gaf til kynna hvers konar hugsanir voru ríkjandi meðal stjettar hans og að miklu leyti einnig meðal allrar þjóðarinnar. En í þeira hóp, sem var safnaður saman kring um Jesúm, voru nokkrir, sem höfðu skilning á hinni andlegu fátækt sinni. Þegar hinn guðdómlegi máttur Krists birtist við fiskidráttinn mikla, fjell [16] Pjetur að fótum Jesú og sagði: “Far þú frá mjer, herra, því að jeg er syndugur maður.” Lúk. 5, 8. Þannig voru einnig í þessum mannfjölda, er var kring um hann á fjallinu, nokkrir, er frammi fyrir hreinleika hans fundu, að þeir voru vesalingar og aumingjar, fátækir, blindir og naktir, Op. 3, 17, og þeir þráðu Guðs náð, er “opinberast sáluhjálpleg öllum mönnum”. Tít. 2, 11. Hjá þessum vöktu inngangsorð Krists von; þeir sáu, að blessun Guðs náði einnig til þeirra.



Jesús hafði rjett bikar blessunarinnar að þeim, sem fanst að þeir væru ríkir og þörfuðust einskis, Op. 3, 17, en þeir höfðu hrundið þessari náðargjöf frá sjer með fyrirlitningu. Sá, sem finst hann vera heilbrigður, sem heldur að hann sje nógu góður, og er ánægður með ástand sitt, hann mun ekki sækjast eftir því, að verða hluttakandi í náð Krists og rjettlæti. Hinn dramsami finnur enga þörf hjá sjer og lokar því hjarta sínu fyrir Kristi, og hinni miklu blessun, sem hann kom til að veita. Slík- ur maður hefir ekkert rúm í hjarta sínu fyrir Krist. Þeir, sem eru ríkir og virðingarverðir í eigin augum, biðja ekki í trú og meðtaka ekki blessun Guðs. Þeim finst þeir vera mettir, og fara tómhentir burt. Þeir, þar á móti, er vita, að þeir geta ómögulega frelsað sig sjálfir, og að þeir geta ekki unnið neitt rjetlætisverk, kunna að meta þá hjálp, sem Kristur kom til að veita. Þetta eru hinir fátæku í anda, er hann kallar sæla.

[17]

Þann, sem Kristur fyrirgefur, gjörir hann fyrst iðrandi, og það er starf Heilags anda að sannfæra um synd. Sá, sem hefir orðið fyrir áhrifum Guðs Anda og sannfærst fyrir hann, kemst að raun um að í sjálfum honum býr ekkert gott. Hann sjer, að alt sem hann hefir gjört, er saurgað af sjálfselsku og synd. Eins og hinn aumi tollheimtumaður, stendur hann langt burtu og þorir ekki að hefja augu sína til himins, meðan hann kallar: “Guð, vertu mjer syndugum líknsamur.” Lúk. 18, 13. Slíkar maður er sæll. Það er til fyrirgefning fyrir hinn iðrandi syndara; því að Kristur er “það Guðs lamb, er ber synd heimsins”. Þetta er Guðs loforð: “Þó að syndir yðar sjeu sem skarlat, skulu þær verða hvítar sem mjöll. Þó að þær sjeu rauðar sem purpuri, skulu þær verða sem ull.” “Og jeg mun gefa yður nýtt hjarta . . . . . og jeg mun leggja yður anda minn í brjóst.” Jes. 1, 18; Ez. 36, 26. 27. Jesús segir um hina fátæku í anda, að “þeirra sje himnaríki.” Þetta ríki er ekki eins og tilheyrendur Krists höfðu vænst, tímanlegt og jarðneskt ríki. Kristur var að birta mönnunum hið andlega ríki kærleika síns, náðar og rjettlætis. Fylkingarmerki Messíasar-ríkisins er líking Manns-sonarins. Þegnar hans eru hinir fátæku í anda, hinir hógvær, þeir, sem ofsóttir eru fyrir rjetlætis sakir. Þeirra er Himnaríki. Þótt það sje enn ekki fullkomnað, er þó það verk byrjað í þeim, sem mun gjöra þá “hæfa til að fá hlutdeild í arfleifð heilagra í ljósinu.” Kól. 1, 12. Allir, sem skilja hina miklu fátækt sálar sinnar, sem finna að í sjálfum þeim býr ekkert gott, geta hlotið rjetlættingu og styrk með því að líta til Jesú. Hann segir:

[18]

[19]

“Komið til mín, allir þjer, sem erfiðið og þunga eruð hlaðnir, og jeg mun veita yður hvíld”, Matt. 11,28. Hann býður oss skifti á fátækt vorri og ríkdómi náðar sinnar. Vjer verðskuldum ekki kærleika Guðs; en Kristur, pantur vor, verðskuldar hann, og hann er fullkomlega fær um að frelsa þá, sem til hans koma. Hvernig sem fortíð vor kann að hafa verið, hversu aumt sem núverandi ástand vort kann að vera, þá mun hinn meðaumkunarsami Frelsari, ef vjer komum til hans með allan veikleika vorn, vanmátt og vandræði, koma á móti oss meðan vjer enn erum langt í burtu, og vefja oss kærleiksörmum sínum og klæða oss í rjettlætisskikkju sína. Hann færir oss fram fyrir Föðurinn, íklædda hinum hvítu klæðum síns eigin lundernis. Hann talar máli voru við Guð, segjandi: “Jeg hefi tekið stöðu syndarans. Líttu ekki á þetta afvegaleidda barn, en líttu á mig”. Ef Satan vitnar með krafti gegn sálum vorum, ákærir oss fyrir synd vora og krefst vor sem herfangs, þá talar blóð Krists með enn meiri krafti.

“Hjá Drottni einum, mun um mig sagt verða, er rjettlæti og vald. . . . Allir Ísraelsniðjar skulu rjettlætast fyrir Drottin og miklast af honum”. Jes. 45,24,25.

**“Sælir eru syrgjendur, því að þeir munu huggaðir verða.”**

Sú hrygð, sem hjer er talað um, er hin sanna hrygð yfir syndinni. Jesús segir: “Þegar jeg verð hafinn frá jörðu, mun jeg draga alla til mín”, Jóh. 12,32. Þeim, sem dreginn er, svo að hann sjer Jesúm hafinn á krossinn, mun verða augljós syndugleiki mannsins. — Honum verður skiljanlegt, að það er syndin, sem var völd að húðstrýkingu og krossfestingu konungs dýrðarinnar. Hann sjer, að þótt hann hafi verið elskaður með ólýsanlegum kærleika, þá hefir líferni hans verið fult vanþakklætis og þrjósku. Hann hefir yfirgefið sinn besta vin og farið illa með hina dýrmætustu gjöf himinsins. Hann hefir krossfest Guðs son á ný og gegnumstungið hið blæðandi hjarta hans. Hann er skilinn frá Guði með syndadjúpi, og hann hryggist af sundurkröndu hjarta. Í slíkri hrygð mun sálin hljóta huggun. Guð lætur oss sjá syndasekt vora, til þess að vjer flýjum til Krists og getum fyrir hann frelsast frá þrældómi syndarinnar og glatt oss í frelsi Guðs barna. Sanniðrandi getum vjer komið að krossinum og varpað þar frá oss syndum vorum. Orð Frelsarans hafa að geyma huggunarboðskap þeim til handa, sem verða fyrir missi eða eru aðþrengdir á einhvern

[20]

[21]

hátt. Harmar vorir vaxa ekki upp af jörðunni. “Ekki langar” Guð til “að þjá nje hrella mannanna börn”, Harm. 3,33. Þegar hann sendir oss raunir og mótlæti, þá er það “oss til gagns, svo að vjer getum fengið heilagleik hans”, Hebr. 12,10. Þegar raunum, sem oss finnast sárar og þungar að bera, er tekið í trú, munu þær verða oss til blessunar. Hið þunga högg, sem sviftir oss jarðneskri gleði, mun verða ráð til þess að snúa augum vorum til himins. Hversu margir þeir eru, sem aldrei mundu hafa lært að þekkja Jesúm, ef mótlæti hefði ekki komið þeim til þess að leita huggunar hjá honum!

Raunir lífsins eru þjónar Guðs, ætlunarverk þeirra er að uppræta hið óhreina og óþýða í lunderni voru. Þegar þær eru að höggva til, máta og meitla, þegar þær eru að sljetta, jafna og fága, þá kennir sá til, sem fyrir því verður. Það er sárt að vera þrýst niður á slípunarhjólíð meðan verið er að slípa, en þegar steinninn hefir þolað alt þetta, þá er hann líka orðinn hæfur til þess, að vera þar, sem honum hefir verið ætlaður staður í hinu himneska musteri. Meistarinn kostar ekki svo nákvæmu

[22]

[23]

og rækilegu verki til, þegar um ónýtt efni er að ræða. Einungis hinir dýrmætu steinar hans eru höggvir til og fágaðir eftir stíl hallarinnar.

Drottinn mun vinna verk fyrir sjerhvern mann, er setur traust sitt á hann. Sá, sem er trúr, mun vinna dýrlega sigra, hljóta mikilsverða fræðslu og reynslu.

Vor himneski faðir gleymir aldrei þeim, sem hafa orðið fyrir mótlæti. Þegar Davíð gekk upp á Olúfjallið, lesum vjer, að “hann gekk grátandi og huldu höfði, og berfættur”. 2. Sam. 15,30. En Drottinn leit í náð til hans. Davíð var klæddur “sekk”, og samviskan ákærði hann. Hið ytra merki auðmýktarinnar bar vott um iðrun hans. Með tárur og sundurkrömdu hjarta bar hann málefni sitt fram fyrir Guð, og Drottinn yfirgaf ekki þjón sinn. Davíð var aldrei dýrmætari Guði kærleikans, heldur en þegar hann með samviskubiti flýði undan óvinum sínum, er voru eggjaðir til uppreistar af hans eigin syni. Drottinn segir: “Alla þá, sem jeg elska, þá tyfta jeg og aga; ver því kostgæfinn og gjör iðrun”. Op. 3,19. Kristur lyftir upp hinu iðrandi hjarta og göfgar hina hryggju sál, þangað til hún verður bústaður hans.

Hversu margir af oss hugsa ekki eins og Jakob á þrengingarstundinni! Vjer höldum, að vjer sjeum í óvinnarhöndum, og vjer berjumst í blindni, þangað til kraftarnir eru að brotum komnir, án þess að

hljóta huggun eða lausn. Þegar hin guðdómlega hönd snart hann á yfirnáttúrlégan hátt, er dagur var að renna, varð Jakobi það ljóst, að það var engill sáttmálans, sem hann hafði glímt við, og grátandi og ósjálfbjarga varpaði hann sjer í hinn eilífa kærleiksfaðm til þess að hljóta þá blessun, sem hjarta hans þráði. Einnig vjer, verðum að læra að skilja það, að reynslan er gagnleg, vjer verðum að læra að lítilsvirða ekki hirting Drottins, eða láta oss gremjast umvöndun hans.

[24]

[25]

“Sæll er sá maður, er Guð hirtir. . . . Hann særir, og hendur hans græða. Úr sex nauðum frelsar hann þig, og í hinni sjöundu snertir þig ekkert illt”. Job. 3,17—19. Jesús kemur með græðslu til sjerhvers, sem er særður. Þjáning, sorg, missir, er vjer höfum orðið fyrir, alt þetta getur nærvera hans ljett og bætt.

Guð langar ekki til að vjer sökkvum oss niður í langvarandi áhyggjur eða berum sífeldan harm í huga. Hann vill að vjer hefjum upp augu vor og skoðum kærleiksauglit sitt. Frelsarinn stendur mörgum við hlið, hverra augu eru svo döpruð af tárur, að þeir sjá hann ekki. Hann þráir að rjetta oss hönd sína, þráir að vjer horfum til hans í barnslegri trú og lofum honum að leiða oss. Hjarta hans er opið fyrir sorgum vorum, áhyggjum og raunum. Hann hefir elskað oss með eilífri elsku og umlukt oss miskunnsemi. Oss er óhætt að treysta honum, vjer ættum að hugsa um miskunnsemi hans liðlangan daginn. Hann þráir að lyfta sálunni frá daglegum áhyggjum og erfiðleikum upp í heimkynni friðarins.

Íhuga þetta, þú barn harma og þjáninga, og gleð þig í voninni! “Trú vor, hún er siguraflið, sem hefir sigrað heiminn”. 1. Jóh. 5,4.

Sælir eru þeir, sem gráta með Jesú af meðaumkun með heiminum í hörmum hans og syrgja yfir syndinni! Slík hrygð er ekki af eigin-gjörnum rötum runnin. Jesús syrgði og leið svo mikla sálarangist, að engin orð megna að lýsa. Misgjörðir mannanna krömdu hjarta hans. Með hinni ítrustu sjálfsafneitun og fórnfýsi vann hann óaflátanlega að því að lina þjáningar mannanna og ljetta byrðar þeirra, og hjarta hans fylltist harmi, er hann sá, hve ófúsir þeir voru að koma til hans til að hljóta lííð. Allir þeir, er feta í fótspor Krists, munu reyna hið sama. Þegar þeir verða hluttakandi í kærleika hans, munu þeir og verða þátttakendur með honum í starfi hans fyrir týndar sálir. Þeir verða hluttakendur í þjáningum Krists og munu einnig verða

[26]

[27]

hluthafar í þeirri

dýrð, er opinberast skal. Eins og þeir eru sameinaðir honum í starfi hans, eins og þeir drekka með honum þjáninga-bikarinn, svo munu þeir einnig verða hluthafar með honum í gleði hans.

Það var fyrir þrautir og þjáningar, að Jesús varð undirbúinn til þjónustunnar sem huggari. Hann hefir sjálfur gengið gegnum allar þrengingar mannlífsins. “Með því að hann hefir liðið, þar sem hans sjálfs var freistað, er hann fær um að fulltingja þeim, er verða fyrir freistingu”. Hebr. 2,18. Í þessari þjónustu getur sjerhver sá átt hlutdeild, sem genginn er inn í samfjelag písla hans. “Því að eins og þjáningar Krists koma í ríkum mæli yfir oss, þannig kemur og huggun vor í ríkum mæli fyrir Krist”. Drottinn hefir sjerstaka náð að veita hinum harmþrungnu, og sú náð hefir í sjer flóginn kraft til að mýkja og þíða hjörtun og sigra sálirnar. Kærleikur hans ryður brautina til hinnar harmþrungnu og sundurkröndu sálar og verður græðslulyf þeim, er syrgja. “Faðir miskunnsemdanna og Guð allrar huggunar, huggar oss í sjerhverri þrenging vorri, svo að vjer getum huggað aðra í hvaða þrenging sem er, með þeirri huggun, sem vjer höfum sjálfir af Guði hlotið”. 2. Kor.1. 5. 3. 4.

### “Sælir eru hógværir.”

“Sælu”-yfirlýsingarnar koma í rjettri röð eftir hinum kristilega þroska mannsins, er kemur smátt og smátt. Sá, sem hefir fundið þörf sína á Kristi, sá, er harmað hefir yfir syndinni og verið með Kristi í skóla þjáninganna, mun læra hógværð af hinum guðdómlega kennara.

Umburðarlyndi og vægðarsemi, er menn verða fyrir mótgjörðum, var ekki í hávegum haft hjá heiðingjunum nje heldur Gyðingum. Þegar Móse, knúinn af Heilögum anda, sagði, að hann væri hógvær frammar öllum mönnum á jörðu, kvað hann sig hafa þá eiginleika til að bera, er samtíðarmenn hans töldu engin meðmæli með hcnem, heldur þvert á móti slíkt, er verðskuldaði meðaumkun eða fyrirlitningu. En Jesús telur hógværðina sem einn hinn helsta eiginleika, er gjörir manninn hæfan fyrir ríki hans. Líf hans og lunderni birti hina guðdómlegu fegurð þessarar mikilsverðu dygðar.

Jesús, sem var ímynd Föðurins og ljómi dýrðar hans, “miklaðist ekki af því, að hann var Guði líkur, heldur lítillækkaði sjálfan sig og tók á sig þjóns mynd”. Fil. 2,6.7. Hann var fús að taka á sig alt bö

mannanna barna og dvaldi meðal þeirra, ekki sem konungur, er krefst þess, að hann sje hyltur, heldur sem sá, er hefir það ætlunarverk að þjóna öðrum. Framkoma hans var laus við sjerhverja mynd hræsni og harðneskju. Eðli Frelsara heimsins var háleitara og göfugra en englanna; en hógværð og auðmýkt, er dró alla til sín, var sameinað hátign hans.

Frelsarinn lagði alt í sölurnar, og í engu af öllu því, er hann gjörði, kom sjálfelska í ljós. Hann lagði alla hluti í hönd Föðurins og var vilja hans undirgefinn í öllu. Þegar hann hafði því nær lokið ætlunarverki sínu hjer á jörðunni, gat hann sagt: “Jeg hefi gjört þig dýrlegan á jörðunni, með því að fullkomna það verk, sem þú fjekst mjer að vinna”. Og hann býður oss: “Lærið af mjer, því að jeg er hógvær og af hjarta lítillátur”. “Vilji einhver fylgja mjer, þá afneiti hann sjálfum sjer og taki upp kross sinn og fylgi mjer”. Jóh. 17,4; Matt. 11,29; 16,24. Látum sjálfelskuna víkja og ekki framar drotna yfir sálunni.

Sá, sem virðir Krist fyrir sjer í sjálfsafneitun hans og hógværð, hlýtur að verða að taka undir með Daníel, er hann segir, þegar hann sá einhvern líkan mannssyni: “Yfirlitur minn var til lýta umbreyttur”. [29] Dan. 10,8. Það sjálfstæði og þeir yfirburðir, sem vjer hrósum oss af, koma þá í ljós í allri sinni viðurstygð, sem merki þess, að vjer sjeum þrælar Satans. Mannseðlið keppist jafnan við að svara fyrir sig og er reiðubúið til deilu; en sá, sem lærir af Kristi, hefir losað sig við sjálfelsku og eigingirni, við dramb og löngun til að láta á sjer bera og hefja sig yfir aðra, og í sálunni ríkir kyrð og rósemi. Maður leggur sig undir yfirráð Heilags anda. Þá finst oss ekki áríðandi að sitja í öndvegi. Vjer höfum enga löngun til að trana oss fram til að verða sjeðir af öðrum; vjer finnum, að mesti heiður vor er að sitja við fætur Frelsarans. Vjer mænum til Jesú og bíðum eftir því að hönd hans leiði oss og rödd hans tali til vor. Páll postuli hafði reynt, hvað þetta er; hann segir: “Jeg er krossfestur með Kristi. Sjálfur lifi jeg ekki framar, heldur lifir Kristur í mjer. En það sem jeg þó enn lifi í holdi, það lifi jeg í trúnni á Guðs son, sem elskaði mig og lagði sjálfan sig í sölurnar fyrir mig”. Gal. 2,20.

Þegar vjer tökum á móti Kristi og höfum hann sem daglegan gest í sálunni, þá mun friður Guðs, sem yfirgnæfir allan skilning, varðveita hjórtu vor og hugsanir í samfjelaginu við Krist Jesúm. Þótt Frelsarinn lifði í stríði og baráttu á jörðunni, var líf hans þó ríkt af

innra friði. Meðan mótstöðumenn hans sátu stöðugt um líf hans, gat hann sagt: “Sá, sem sendi mig, er með mjer; ekki hefir hann látið mig einan, því að jeg gjöri ætíð það, sem honum er þóknanlegt”. Jóh. 8,29. Enginn reiðistormur af Satans hálfu eða manna gat truflað þetta rólega, fullkomna samfjelag við Guð; og hann segir við oss: “Frið læt jeg eftir hjá yður, minn frið gef jeg yður”. Jóh. 14,27. “Takið á yður mitt ok og lærið af mjer, því að jeg er hógvær og af hjarta lítillátur, og þá skuluð þjer finna sálum yðar hvíld”. Matt. 11,29. Berið ok [30] þjónustunnar með mjer Guði til dýrðar og til að lyfta mönnunum [31] upp, og þá munuð þjer finna, að okið er gagnlegt og byrðin ljett.

Það er sjálfelskan, sem eyðir friði vorum. Meðan maðurinn sjálfur lifir með öllu, er hann jafnan reiðubúinn til að verja sig gegn mótgjörðum og skapraunum; en þegar vjer erum dánir, og líf vort er fólgið með Kristi í Guði, þá tökum vjer oss ekki nærri, þótt vjer sjeum lítilsvirtir eða aðrir teknir fram yfir oss. Vjer munum vera daufir fyrir smán, blindir fyrir háði og móðgunum. “Kærleikurinn er langlyndur, hann er góðviljaður; kærleikurinn öfundar ekki; kærleikurinn er ekki raupsamur, hreykir sjer ekki upp; hann hegðar sjer ekki ósæmilega, leitar ekki síns eigin; harm reiðist ekki, tilreiknar ekki hið illa; hann gleðst ekki yfir órjettvísinni, en samgleðst sannleikanum; hann breiðir yfir alt, trúir öllu, vonar alt, umber alt. Kærleikurinn fellur aldrei úr gildi”. I. Kor. 13,4—8.

Gæfa, sem sótt er í jarðneskar uppsprettur, er eins óstöðug og hinar breytilegu kringumstæður; en Krists friður er stöðugur og varanlegur. Hann er óháður sjerhverjum kringumstæðum í lífinu: jarðneskum fjármunum eða fjölda vina. Kristur er hin lifandi vatnslind, og sú hamingja, sem maður sækir til hans, getur aldrei brugðist.

Þegar hógværð Krists birtist á heimilinu, þá mun hún gjöra heimilisfólkið hamingjusamt. Hún eggjar ekki til þrætu, gefur ekki reiðisvar, heldur mildar hið æsta skap og breiðir út frá sjer blíðu og hlýju, sem allir verða varir við, er komast undir hin heillandi áhrif þess. Hvar sem hógværðin er, gjörir hún fjölskyldurnar hjer á jörðunni að hluta af hinni stóru fjölskyldu á hæðum.

Það væri miklu betra fyrir oss að líða fyrir rangar ákærur en að valda sjálfum oss þeirri pyndingu að gjalda óvinum vorum í sömu mynt. Andi hatursins og hefnigirninnar átti upptök sín hjá Satan og getur aðeins [32] [33]

leitt til ills eins fyrir þann, sem elur hann. Auðmýkt hjartans, sú hógværð, sem er ávöxtur þess, að vjer erum í Kristi, er hinn sanni leyndardómur blessunarinnar. “Hann skreytir hina hógværðu með sigri”. Sálm. 149,4. Hinir hógværðu munu “landið erfa”. Það var sjálfsupphefðar-löngunin, sem flutti synd inn í heiminn, og leiddi það af sjer, að vorir fyrstu foreldrar mistu yfirráðin yfir hinni fögru jörðu, sem var ríki þeirra. Það er með því að lítillækka sjálfan sig, að Kristur endurleysir það, sem glatast hefir á þennan hátt, og hann segir, að vjer skulum sigra, eins og hann sigraði. Op. 3,21. Fyrir auðmýkt og undirgefni getum vjer orðið samarfar hans þegar hinir “hógværðu erfa landið”. Sálm. 37,11.

Sú jörð, sem hinum hógværðu er heitin, verður ekki lík núverandi jörðu, sem er myrkvuð af skugga bölvunarinnar og dauðans. “En vjer væntum eftir fyrirheiti hans nýs himins og nýrrar jarðar, þar sem rjettlæti býr”. 2. Pjet. 3,13. “Og engin bölvun mun frammar til vera, og hásæti Guðs og Lambsins, mun í henni vera, og þjónar hans munu honum þjóna”. Op. 22,3.

Þar verða engin vonbrigði, enginn harmur, engin synd. Enginn mun segja: Jeg er sjúkur. Þar verður engin jarðarför, enginn dauði, enginn skilnaður, ekkert harmþrungið hjarta; en Jesús mun verða þar, og friðurinn ríkja. Þar mun þá “ekki hungra og ekki þyrsta, og eigi skal breiskjuloftið og sólarhitinn vinna þeim mein, því að miskunnari þeirra vísar þeim veg og leiðir þá að uppsprettulindum”. Jes. 49, 10.

**“Sælir eru þeir, sem hungrar og þyrstir eftir rjettlætinu, því að þeir munu saddir verða.”**

[34] Rjettlæti er heilagleiki, það er að vera líkur Guði. “Guð er kærleikur”. 1. Jóh. 4, 16. Það er að vera í sam- ræmi við lögmál Guðs því að “öll boðorð þín eru rjettlæti”. Sálm. 119, 172; og “Kærleikurinn er fylling lögmálsins”. Róm. 13, 10, Rjettlæti er kærleikur, og kærleikurinn er Guðs ljós og líf. Rjettlæti Guðs er fullnægt í Kristi. Vjer verðum hluttakandi í rjettlæti fyrir það að meðtaka hann.

Það er ekki fyrir þrautafulla baráttu eða fyrirhafnarmikið erfiði, ekki fyrir gjafir eða fórnir, að rjettlæti fæst; það gefst óverðskuldað sjerhverri sál, sem hungrar og þyrstir eftir að öðlast það. “Heyrið, allir þjer, sem þyrstir eruð, komið hingað til vatnsins, og þjer sem



ekkert silfur eigið, komið; kaupið korn og etið! Komið, kaupið korn án silfurs og endurgjaldslaust”. Jes. 55, 1. Rjettlæti þeirra er frá Drottni. Jes. 54, 17. “Þetta mun verða nafn hans, það er menn nefna hann með: Drottinn er vort rjettlæti”. Jer. 23, 6.

Enginn maður getur framleitt það, sem stilt geti hungur og þorsta sálarinnar. En Jesús segir: “Sjá, jeg stend við dyrnar og kný á. Ef einhver heyrir raust mína og lýkur upp dyrunum, þá mun jeg fara inn til hans og neyta kvöldverðar með honum og hann með mjer”. Op. 3, 20. “Jeg er brauð lífsins. Þann mun ekki hungra, sem til mín kemur, og þann aldrei þyrsta, sem á mig trúir”. Jóh. 6, 35.

Eins og vjer þurfum fæðu til að viðhalda vorum líkaralegu kröftum, þannig þurfum vjer og Krist, brauðið af himnum, til þess að viðhalda hinu andlega lífi og fá styrk til að vinna Guðs verk. Eins og líffærin taka stöðugt á móti þeirri næringu, sem viðheldur lífi og kröftum líkamans, þannig verður sálin að hafa stöðugt samfjelag við Krist, fela sig honum á vald og treysta honum algjörlega.

Eins og hinn þreytti vegfarandi leitar að vatnslindum í eyðimörkinni til að svala þorsta sínum, þannig mun kristinn mann þyrsta eftir hinu hreina lífsins vatni, hvers uppspretta er Kristur. [35]

Þegar vjer virðum fyrir oss fullkomleikann í lunderni Frelsara vors, þá mun sú ósk koma upp í hjarta voru að umbreytast og endurnýjast eftir hinni hreinu mynd hans. Því betur sem vjer þekkjum Guð, því hærra munum Vjer stefna, að því er við kemur lunderni voru og því meiri verður þrá vor eftir að líkjast honum. Guðdómlegur kraftur sameinar sig hinum mannlega, þegar sálin seilist eftir Guði, og hið leitandi hjarta getur sagt: “Bíð róleg eftir Guð sála mín, því að frá honum kemur von mín”. Sálm. 62, 6.

Ef þú finnur þörf í sálu þinni, ef þig hungrar og þyrstir eftir rjettlætinu, þá er þetta sönnun þess, að Kristur verkar á hjarta þitt, svo að þú verðir að biðja hann um, fyrir vísbending Andans, að gjöra það fyrir þig, sem þjer sjálfum er ómögulegt að gjöra. Vjer þurfum ekki að reyna að svala þorsta vorum við ófullnægjandi lindir; því að hin mikla uppsprettulind er rjett fyrir of an oss, og af gnægtum hennar getum vjer drukkið óverðskuldað, ef vjer aðeins förum dálítið hærra upp í stiga trúarinnar.

Guðs orð er uppsprettulind lífsins. Ef þú leitar til þessarar lifandi uppsprettu, þá munt þú, fyrir Heilagan anda, komast í samfjlagið við Krist. Sannleiksatriði, sem þú hefir þekt áður, munu birtast þjer í nýju

ljósi; þú munt fá gleggri og fullkomnari skilning á ritningarstöðum og þeir munu skína fyrir hugskoti þínu eins og sólargeislar: þú munt sjá sambandið milli annara sannleiksatriða og endurlausnarverksins, og þú munt skilja að Kristur leiðir þig. Hinn guðdómlegi kennari er þjer við hlið.

[36] Jesús segir: “Vatnið, sem jeg mun gefa honum mun verða í hon-  
[37] um að lind, er sprettur upp til eilífs lífs”. Jóh. 4, 14. Eftir því sem Heilagur andi smámsaman lýkur upp hugskoti þínu fyrir sannleik-  
[37] anum, munt þú safna þjer fjársjóðum í mynd dýrmætrar reynslu og munt þrá að tala við aðra um hina huggunarríku hluti, sem þjer hafa verið birtir. Þegar þú ert saman með öðrum, munt þú halda fram fyrir þeim nýjum hugsunum viðvíkjandi lunderni Krists og starfi hans. Þú munt jafnan hafa eitthvað nýtt að segja um hinn innilega kærleika hans, bæði þeim, er elska hann, og þeim er ekki elska hann.

“Gefið, og þá mun yður gefið verða”, Lúk. 6, 38; því að Guðs orð er “garðuppspretta, brunnur lifandi vatns og bunulækur ofan af Líbanon”. Ljóðalj. 4, 15. Það hjarta, sem einu sinni hefir smakkað á kærleika Krists, sækist stöðugt eftir að teiga meira og meira, og um leið og þú miðlar öðrum, munt þú sjálfur meðtaka í fyllri mæli — yfirfljótanlegt. Í hvert sinn er Guð opinberast í sálu þinni, vex hæfileikinn til að þekkja og til að elska. Hjartað hrópar í sífellu: “Sýn mjer sjálfan þig betur!” Og andinn svarar ætíð: “Miklu betur!” Róm. 5, 9. 10. Því að Guði þóknast “að gjöra langsamlega fram yfir alt það, sem vjer biðjum eða skynjum”. Ef. 3, 20. Jesús, sem lagði sig algjörlega í sölurnar til frelsunar týndum sálum, fjekk ómælt Andann. Og þannig mun hann verða gefinn sjerhverjum, sem fetar í fótspor Krists og gefur honum hjarta sitt algjörlega fyrir bústað. Drottinn vor hefir sjálfur boðið þetta: “Fyllist andanum”. Ef. 5, 18. Og þetta boð er jafnframt loforð um, að svo skuli verða. Það var hinn velþóknanlegi vilji Föðurins, að “öll fylling skyldi búa í Kristi”, og “þjer hafið, af því að þjer heyrið honum til, öðlast hlutdeild í þessari fylling”. Kól. 1, 19; 2, 10. Guð hefir úthelt kærleika sínum átölulaust, eins og regninu, sem vökvar jörðina. Hann segir: “Drjúpið, þjer himnar, að ofan, og láti skýin rjettlæti niður streyma; jörðin opnist og láti hjálpræði fram spretta og rjettlæti jafnframt!” “Hinir fátæku og voluðu leita vatns, en finna ekki; tunga þeirra verður þur af þorsta, jeg, Drottinn, mun bænheyra þá; jeg, Ísraels Guð mun ekki yfirgefa

þá. Jeg læt ár spretta upp á gróðurlausum hæðum, og vatnslindir í dölunum miðjum. Jes. 45, 8; 41, 17. 18.

“Því að af gnægð hans höfum vjer allir fengið, og það náð á náð ofan”. Jóh. 1, 16.

**“Sælir eru miskunnsamir, því að þeim mun miskunnað verða.”**

Að eðlinu til er mannshjartað kalt, myrkt og kærleikssnautt. Þegar einhver sýnir miskunnsemi og er fús að fyrirgefa, þá gjörir hann þetta ekki af sjálfum sjer, heldur fyrir áhrif Guðs Anda, sem verkar á hjarta hans. “Vjer elskum, af því að hann hefir elskað oss að fyrri bragði”. 1. Jóh. 4, 19. Guð er uppspretta allrar miskunnsemi. Hann er “miskunnsamur og náðugur”. 2. Mós. 34, 6. Hann breytir ekki við oss eftir verðskuldan vorri. Hann spyr ekki um það hvort vjer sjeum verðugir kærleika hans, heldur úthellir hann yfir oss ríkdómi kærleika síns til þess að gjöra oss verðuga. Hann er ekki hefnigjarn. Hann leitast ekki við að hegna, heldur að frelsa. Þegar hann verður að beita oss hörðu, þá er það gjört í þeim tilgangi að frelsa oss. Hann þráir innilega að lina þjáningar mannanna og leggja græðslulyf við sár þeirra. Það er satt, að hann “lætur ekki syndir óhegndar”, 2. Mós. 34, 7., en hann vill burttaka syndasektina.

Hinn miskunnsami er “hluttakandi í guðlegu eðli”, og í því kemur miskunnsemi Guðs og kærleikur í ljós. Allir, hverra hjörtu eru samstilt hjarta alkærleikans, munu leitast við að frelsa en ekki að fyrirdæma. Kristur, sem býr í sálunni er uppspretta, sem aldrei þrýtur. Hvar sem hann dvelur, þar mun vera gnægð mannkærleika.

[39]

Gagnvart hinum villuráfandi, þeim, er freistast, þeim sem sokknir eru í synd og eynd, spyr hinn kristni ekki: Eru þeir verðugir? heldur: Hvernig get jeg hjálpað þeim? Í hinum aumustu og spiltustu sjer hann sálir, sem Kristur dó til að frelsa, og fyrir hvers verðleika Guð hefir gefið börnum sínum þjónustu friðþægingarinnar.

Hinir miskunnsömu eru þeir, sem sýna meðaumkun hinum þjáðu, hinum fátæku, hinum bágstöddu og hinum undirokuðu. Job segir: “Jeg bjargaði bágstöddum, sem hrópuðu á hjálp, og munaðarleysingjum, sem enga aðstoð áttu. Blessunarósk aumingjans kom yfir mig, og hjarta ekkjunnar fyllti jeg fögnuði. Jeg íklæddist rjettlætínu og það íklæddist mjer, ráðvendni mín var mjer sem skikkja og vefjarhöttur. Jeg var auga hins blindu og fótur hins halta. Jeg var

[40]

faðir hinna snauðu, og málefni þess, sem jeg eigi þekti, rannsakaði jeg”. Job 29, 12—16.

Lífið er stríð og armæða fyrir mörgum. Þeir sjá fram á skort, eru óhamingjusamir og vantar trú. Þeim finst ekki að þeir hafi neitt að vera þakklátir fyrir. Vingjarnleg orð, samúðarfult tillit og viðurkenning, mundi fyrir marga, sem stríða og eru einmana, verða sem svaladrykkur þyrstum manni. Hluttekningarorð, greiðvikni og hlýlegt viðmót, mundi lyfta byrðum, sem hvíla þungt á þreyttum herðum. Sjerhvert orð og sjerhvert verk, sem lýsir óeigingirni og velvilja, er vottur um kristilegan kærleik til týndra sálna.

Hinir miskunnsömu, munu miskunn hljóta. “Velgjörðasöm sál mettast ríkulega, og sá, sem gefur öðrum að drekka, skal og sjálfur drykkjaður verða”. Orðskv. 11, 25. Þeir sem vinna sjálfsafneitunarverk öðrum til heilla, hafa gnægð friðar og ánægju. Andinn heilagi, sem býr í sálunni og birtist í líferninu, mýkir hin hörðu hjöрту og vekur mildi og samúð. Það sem maður sáir, það mun maður og upp skera. “Sæll er sá, er gefur gaum bágstöddum; á mæðudeginum bjargar Drottinn honum. Drottinn varðveitir hann og lætur hann halda lífi. Hann mun gæfu njóta í landinu og eigi ofurselur þú hann græðgi óvina hans. Drottinn styður hann á sóttarsænginni”. Sálm. 41, 2—4.

[41] Sá, sem helgar Guði líf sitt með því að þjóna börnum hans, er sameinaður honum, sem hefir auðæfum alheimsins og allri hjálp yfir að ráða. Líf hans er samtengt lífi Guðs með hinni gullnu festi hinna óbreytanlegu fyrirheita Drottins. “En Guð mun uppfylla sjerhverja þörf yðar eftir auðlegð sinni, með dýrð fyrir samfjेलagið við Krist Jesúm”. Fil. 4, 19. Og á hinum síðustu neyðartímum mun hinn miskunnsami finna hæli í skjóli hins miskunnsama Frelsara og fá aðgang að hinum eilífu bústöðum.

**“Sælir eru hreinhjartaðir, því að þeir munu Guð sjá.”**

Gyðingar voru svo strangir að því er snerti siðareglur og ytri hreinleika, að ákvæði þeirra þessu viðvíkjandi bundu mönnum þungar byrðar. Þeir hugsuðu svo mikið um reglur og fyrirskipanir, og voru svo hræddir við útvortis saurgun, að þeir gátu ekki sjeð þann blett, sem eigingirni og hatur setur á sálina.

Jesús talar ekki um að þessi hreinleikur, sem fólgin er í siðareglum sje eitt af skilyrðunum til að fá inngöngu í ríki hans, en sýnir fram á nauðsyn þess að hafa hjartans hreinleik. Sú speki, sem að ofan er, hún er “í fyrsta lagi hrein”. Jak. 3, 17. Ekkert, sem saugar, mun innganga í Guðs borg. Allir, sem þar fá að búa, munu hafa hrein hjörtu. Þeir sem læra af Jesú munu fá meiri og meiri viðbjóð á kæruleysi í framkomu, ósæmilegu tali og óhreinum hugsunum. Þegar Kristur býr í hjartanu, mun framkoma og hugsanir vera hreinar og göfugar.

En þessi orð Jesú: “Sælir eru hreinhjartaðir”, hafa víðtækari þýðingu — þau eiga ekki aðeins við hreinleika í venjulegri merkingu þessara orða, þannig að maður sje laus við girndir og ástríður; þau eiga við hreinleika í hinum huldu áformum sálarinnar og tilgangi. Þau eiga við það, að maður sje laus við dramb og eigingirni í viðleitni, að maður sje auðmjúkur, óeigingjarn og barnslegur. [42]

Þeir einir, sem líkir eru, kunna að meta hvor annan. Nema því aðeins að maður fljetti inn í líferni sitt kærleikans sjálfsfórnarfúsu meginreglu, sem er meginreglan í lunderni Guðs, getur maður ekki þekt Guð. Það hjarta, sem er afvegaleitt af Satan, álitur Guð grimma og ómiskunnssama veru; eigingirnir í fari mannanna, já, hjá Satan sjálfum er tileinkuð hinum kærleiksríka skapara. “Þú hugsaðir”, segir hann, “að jeg væri líkur þjer”. Sál. 50, 21. Í stjórn forsjónar hans, þykjast menn oft sjá gjörræði og hefnigirni. Á sama hátt er farið með Biblíuna, þetta forðabúr, sem auðæfi náðar hans finnast í. Hinum dýrðlegu sannindum hennar, sem eru himinhá og ævarandi, er ekki gaumur gefinn. Fyrir meiri hluta mannkynsins er Kristur sem “rótarkvistur úr þurri jörð”, og þeir sáu enga fegurð á honum, svo að þeim “gæfi á að líta”. Jes. 53, 2. Þegar Jesús ferðaðist um meðal mannanna til að opinbera mannkyninu Guð, sögðu Farísearnir og hinir skriflærðu við hann: “Þú ert Samverji og illur andi er í þjer”. Jóh. 8, 48. Jafnvel lærisveinar hans voru svo blindaðir af eigingirni að þeir voru seinir til að skilja hann, sem var kominn til að opinbera þeim dýrð Föðurins. Þetta var ástæðan fyrir því að Jesús var einmana meðal mannanna. Aðeins á himnum var hann fullkomlega skilinn. [43]

Þegar Kristur kemur í dýrð sinni, þola hinir óguðlegu ekki að sjá hann. Ljós auglitis hans, sem er líf fyrir þá, sem elska hann, er dauði fyrir hina óguðlegu. Biðin eftir honum er fyrir þá “rjett sem óttaleg bið eftir dómi, og grimmilegur eldur”. Hebr. 10, 27. Þegar

hann opinberast, munu þeir biðja um að verða faldir fyrir augliti hans, sem ljet lífið til að frelsa þá.

En hjá þeim, sem eru orðnir hreinsaðir fyrir það, að Heilagur andi hefir búið í þeim, er alt orðið umbreytt. Slíkir geta þekt Guð. Móse var falinn í bergskorunni, þá er dýrð Drottins birtist honum, og það er, þegar vjer erum fólgnir í Kristi, að vjer skoðum kærleika Guðs.

[44]

“Drottinn elskar hjartahreinan, konungurinn er vinur þess, sem hefir geðfelt tal á vörum sjer”. Orðskv. 22,11. Í trúnni getum vjer skoðað hann nú þegar hjer niðri á jörðunni. Í því, sem mætir oss daglega sjáum vjer mikilleik hans og miskunnsemi í hinni vísdómsríku stjórn hans. Vjer sjáum hann í lunderni sonar hans. Heilagur andi tekur þau sannleiksatriði, sem við koma Guði og þeim, er hann hefir sent, og lýkur skilningnum og hjartanu upp fyrir þeim. Hinir hjartahreinu sjá Guð í nýju og nýju ljósi, sjá hið dýrlega samband milli hans og mannanna, þeir sjá hann sem endurlausnara sinn, og þegar þeir virða fyrir sjer hið hreina og elskuverða lunderni hans, vaknar hjá þeim þrá eftir því að verða honum líkir. Þeir sjá hann sem föður, er þráir að faðma að sjer iðrandi son, og hjörtu þeirra fyllast ólýsanlegri og dýrðlegri gleði.

[45]

Hinir hjartahreinu sjá skaparann í hinum miklu máttarverkum hans, í hinu fagra og dásamlega, sem sjáanlegt er í alheiminum. Í hinu ritaða orði hans sjá þeir skýrast opinberaða miskunn hans, gæsku hans og náð hans. Sannindi, sem eru hulin vitringum og hyggindamönnum, opinberast hinum fáfróðu og brjóstmylkingunum. Hið fagra og dýrmæta í sannleikanum, sem spekingar heimsins hafa ekki fengið augun opin fyrir, verður æ gleggra og ljósara fyrir þeim, sem óska þess af einlægu hjarta að þekkja og gjöra Guðs vilja. Vjer fáum opin augu fyrir sannleikanum við það að verða sjálfir hluttakandi í hinu guðdómlega eðli.

Hinir hjartahreinu lifa eins og þeir sæu hinn ósýnilega þann tíma, sem hann afmælir þeim hjer í heiminum, og í lífinu sem í hönd fer, munu þeir í ódauðleikaástandinu sjá hann augliti til auglitis, eins og Adam gjörði, þegar hann gekk með Guði og talaði við hann í Eden.

[46]

“Nú sjáum vjer svo sem í skuggasjá í óljósri mynd”. 1. Kor. 13, 12.

**“Sælir eru friðflytjendur, því að þeir munu Guðs synir kallaðir verða.”**

Kristur er “friðarhöfðingi”. Jes. 9, 6., og starf hans bæði á himni og jörðu er að koma aftur á þeim friði, sem syndin hefir umturnað. “Rjettlættir af trú höfum vjer því frið við Guð fyrir Drottin vorn Jesúm Krist”. Róm. 5, 1. Sjerhver sem er fús að láta af syndinni og opna hjarta sitt fyrir kærleika Krists, verður hluttakandi í þessum himneska friði.

Það er enginn annar friðargrundvöllur til en þessi. Náð Krists í hjartanu afmáir f jandskapinn; hún eyðir deilum og ófriði og fyllir sálina kærleika. Sá, sem hefir frið við Guð og meðbræður sína, getur ekki verið óhamingjusamur. Í hjarta hans er engin öfund, tortrygni fær ekki inngöngu þar, og hatur getur ekki átt sjer stað. Það hjarta, sem er í samræmi við Guð, hefir hlutdeild í friði himinsins og mun breiða himnesk áhrif út frá sjer. Andi friðarins mun hvíla sem himnesk döggi á hjörtum, sem eru þreytt og þjökud af ófriði þessa heims.

Eftirbreytendur Krists eru sendir út um heiminn með friðarboðskapinn. Hver, sem með hinum kyllátu áhrifum, sem hann er sjer sjálfur ekki meðvitandi, áhrifum heilagrar breytni, birtir kærleika Krists, og hver, sem fyrir orð eða breytni kemur öðrum til þess að snúa frá syndinni og gefa Guði hjarta sitt, er friðflytjandi.

Og “sælir eru friðflytjendur, því að þeir munu Guðs synir kallaðir verða”. Friðurinn sem þeir hafa er sönnun þess að þeir hafa samfjelag við himininn. Hin unaðslegu áhrif Krists lykja um þá. Ilmur lísins, hið elskuverða lunderni þeirra sýnir heiminum að þeir era Guðs börn. Mennirnir sjá, að þeir hafa verið með Jesú. “Hver sem elskar, er af Guði fæddur”. 1. Jóh. 4, 7. “En hafi einhver ekki anda Krists, þá er sá ekki hans”; “en allir þeir sem leiðast af anda Guðs, þeir eru Guðs synir”. Róm. 8, 9. 14.

[47]

“Og leifar Jakobs meðal heiðingjanna, mitt á meðal margra þjóða, munu vera sem döggi frá Drottni, sem regndropar á grasi, þeir er bíða ekki eftir neinum og vænta ekki neins af mannanna börnum”. Mik. 5, 6.

**“Sælir eru þeir, sem ofsóttir verða fyrir rjettlætis sakir, því að þeirra er himnaríki.”**

Jesús gefur eftirfylgjendum sínum ekki vonir um heiður eða auð í þessum heimi eða um að þeir geti komist hjá erfiðleikum lífsins; en hann setur þeim fyrir sjónir þau forrjettindi að ganga með herra þeirra götu sjálfsafneitunar og vanvirðu, vegna þess að heimurinn þekkir þá ekki.

Hann sem kom til þess að kaupa lausan hinn glataða heim, varð fyrir mótstöðu af óvinum Guðs og manna. Vondir menn og vondir englar gjörðu miskunnarlaus samtök á móti friðarhöfðingjanum. Hann var svo ólíkur heiminum að þótt öll orð hans og verk væru full guðdómlegrar meðaumkunar, þá mætti hann samt megnri óvináttu. Það, að hann fjelst aldrei á nokkurn hátt á það að maðurinn gæfi ástríðum sínum lausan taum, orsakaði svæsna mótstöðu og megnan óvildarhug. Þannig er það og með alla sem lifa vilja guðrækilega í Jesú Kristi. Milli rjettlætis og ranglætis, milli kærleika og haturs, milli sannleika og lygi á sjer stað óstillandi bardagi. Þegar einhver heldur fram kærleika Krists og heilagleika, þá leiðir hann þegna Satans á aðrar brautir, en þeir hafa gengið áður, og myrkrhöfðinginn eignist til andstöðu. Ofsókn og smán bíður allra, sem hafa anda Krists. Ofsóknaraðferðirnar breytast eftir því sem tímarnir breytast,

[48]

en andinn sem er á bak við — ofsóknar- andinn sjálfur er sá sami sem hefir líflátið Drottins útvöldu alt í frá dögum Abels.

[49]

Þegar mennirnir leitast við að komast í samræmi við Guð, munu þeir komast að raun um að “hneyksli krossins” er enn ekki “tekið burt”. Tignirnar og völdin og andaverur vonskunnar gegn hinum himnesku efnum standa vopnaðar mót öllum, sem hlýðnast hinum himnesku lögum. Ofsóknirnar ættu því alls ekki að vekja hrygð hjá lærisveinum Krists, þær ættu þar á móti að vera gleðiefni; því að þær eru sönnun þess að þeir feta í fótspor Meistarans.

Þó að Drottinn hafi ekki heitið sínu fólki því, að það skuli komast hjá raunum, þá hefir hann þó lofað sínum börnum því, sem er miklu betra. Hann hefir sagt: “Náð mín nægir þjer; því að mátturinn fullkomnast í veikleika”. 2. Kor. 12, 9. Ef það verður hlutskifti þitt að ganga gegnum eldinn sakir nafns Jesú, þá mun hann vera þjer við hlið, eins og hann var með hinum þremur trúu mönnum í Babýlon. Þeir sem elska Frelsarann, munu gleðjast yfir sjerhverju tækifæri er



þeir fá til þess að taka þátt í niðurlægingu hans og vanvirðu. Elska sú, er þeir bera til herra síns, gjörir þeim það ljettbært, sem þeir verða að líða hans vegna. Á öllum tímum hefir Satan ofsótt Guðs fólk. Hann hefir þjáð það og líflátið; en það vann sigur í dauðanum. Með því stöðuglyndi, sem þeir sýndu í trúnni, birtu þeir þann, sem er meiri Satan. Óvinurinn gat kvalið og deytt líkamann, en hann gat ekki snert það líf sem var fólgið með Kristi í Guði. Hann gat lokað inni í fangelsi, en hann megnaði ekki að leggja fjötra á andann. Bak við dimmuna gátu þeir sjeð dýrðina og sagt: “Jeg hygg, að ekki sjeu þjáningar þessa tíma neitt í samanburði við þá dýrð, sem á oss mun opinberast”. Róm. 8, 18. “Þrenging vor, skammvinn og ljettbær, aflar oss mjög yfirgnæfanlegs eilífs dýrðarþunga”.

[50]

Í raunum og ofsóknum kemur dýrð Guðs — lunderni hans í ljós hjá hans útvöldu. Hataður og ofsóttur af heiminum fær söfnuðurinn uppfræðslu og uppeldi í skóla Krists. Börn hans ganga á mjóum vegi hjer á jörðunni; þau hreinsast í bræðsluofni hörmunganna. Þau fylgja Kristi gegnum marga harða baráttu; þau sýna sjálfsafneitun og verða fyrir mörgum sárum vonbrigðum; en hin sára reynsla þeirra veitir þeim skilning á þeirri sekt og því böli, sem syndin leiðir af sjer og þau virða hana fyrir sjer með viðbjóði. Um leið og þau verða hluttakandi í þjáningum Krists, verða þau og hluttakandi í dýrð hans. Spámaðurinn sá sigur Guðs barna í himneskri sýn, hann segir: “Og jeg leit sem glerhaf eldi blandið, og jeg sá þá, sem unnið höfðu sigur . . . . . standa við glerhafið og halda á hörpum Guðs. Og þeir syngja söng Móse, þjóns Guðs, og söng Lambsins, og segja: Mikil og dásamleg eru verkin þín, Drottinn Guð, þú alvaldi; rjettlátir og sannir eru vegir þínir, þú konungur aldanna”. Op. 15, 2. 3. “Þetta eru þeir, sem komnir eru úr þrengingunni miklu og þvegið hafa skikkjur sínar og hvítfágað þær í blóði Lambsins. Þess vegna eru þeir frammi fyrir háseti Guðs, og þjóna honum dag og nótt í musteri hans; og sá sem í hásetinu situr mun tjalda yfir þá.” Op. 7, 14. 15.

**“Sælir eruð þjer, þá er menn atyrða yður.”**

Altaf síðan Satan fjell, hefir hann tælt mennina. Eins og hann hefir dregið upp falsmynd af Guði, þannig hefir hann og gefið rangar hugmyndir um börn hans. Frelsarinn segir: “Smánanir þeirra, er

smána þig, hafa lent á mjer”. Sálms. 69, 10. Á sama hátt lenda þær á lærisveinum hans.

[51] Aldrei hefir nokkur, er lifað hefir meðal manna verið eins grimmilega rægður og Manns-sonurinn var. Hann var hæddur og smánaður sakir sinnar óbrigðulu hlýðni við meginreglur Guðs laga. Þeir hötuðu hann án saka. En hann stóð rólegur frammi fyrir óvinum sínum því að hann vissi, að smáanir eru einn hlutinn af arfi hinna kristnu, hann sýndi samverkamönnum sínum hvernig þeir skyldu afstýra örvum hatursins, og hann sagði þeim að þeir skyldu ekki láta hugfallast í ofsóknum.

Að vísu getur rógburður svert mannorð þess er fyrir verður, en hann getur ekki sett blett á lundernið. Það er varðveitt af Guði. Meðan vjer erum því ekki samþykkir að drýgja synd, megna hvorki Satan nje menn að setja blett á sálina. Sá sem hefir óbifandi traust á Guði, er nákvæmlega hinn sami á hörðum reynslutímum og er erfiðleikar umkringja, eins og hann var í meðlætinu, þegar birta Drottins og velþóknun virtist hvíla yfir honum. Orð hans og verk kunna að vera misstillin og hann tætrygður, en það raskar ekki rósemi hans; því að hann hefir annað háleitara að hugsa um. Eins og Móse heldur hann fast við “hinn ósýnilega, eins og hann sæi hann”. Hebr. 11. 27.

Kristur þekkir alla, sem verða fyrir misstillningi og tætrygni af mönnum. Börn hans geta örugg beðið í þolinmæði, rósemi og trausti, hvernig sem þau kunna að verða rægð og fyrirleit; því að ekkert er hulið, er eigi mun opinbert verða, og þeir, sem heiðra Guð, munu verða heiðraðir af honum í auglýsningu manna og engla.

[52] “Þá er menn atyrða yður og ofsækja”, sagði Jesús, þá “verið glaðir og fagnir”, og hann minti tilheyrendur sína á spámennina, er höfðu talað í nafni Drottins, og benti þeim á að taka þá sjer til fyrirmyndar í því að “líða ilt og í þolinmæði”. Jak. 5, 10. Abel, hinn fyrsti kristni meðal eftirkomenda Adams, dó sem píslarvottur. Enok gekk með Guði og heimurinn þekkti hann ekki. Núi var hæddur og álitinn ofstækismaður og friðarspillir. Aðrir urðu að sæta háðyrðum og húðstrokum og þar á ofan fjötrum og fangelsi”. “Aðrir voru pyndaðir og þáðu ekki lausnin, til þess að þeir öðlist betri upprisu.”

[53] Hebr. 11, 36. 35.

Á öllum tímum hafa hinir útvöldu sendiboðar Guðs verið hæddir og ofsóttir; en fyrir þrengingar þeirra hefir þekkingin á Guði út-

breiðst. Sjerhver lærisveinn Krists verður að skipa sjer í fylkinguna og halda því sama verki áfram, fullviss um, að óvinir þess megna ekki neitt gegn sannleikanum, heldur fyrir sannleikann. Guð vill að sannleikurinn komi í ljós og sje gjörður að rannsóknag og umtalsefni jafnvel þótt það sje með þeirri fyrirlitningu, sem hann verður fyrir. Það þarf að vekja huga mannanna. Sjerhver deila, sjerhver háðung, sjerhver tilraun, sem gjörð er til að hefta samviskufrelsið, er ráð í hendi Guðs til að draga slíka til sín, sem á annan hátt mundu aldrei vakna eða komast til þekkingar á sannleikanum.

Slíkur árangur hefir mjög oft orðið af vitnisburði Guðs votta. Þegar göfugmennið og orðsnillingurinn Stefán var grýttur að tilhlutun ráðsins, beið fagnaðarrindið ekkert tjón. Sú himneska birta, sem skein af ásýðnu hans, og hin guðdómlega meðaumkun er bæn hans á dauðastundinni var þrungin af, var eins og hvöss ör, er sannfærði hinn blindaða meðlim ráðsins, er stóð við ‘hlið hans, og ofsóknarinn og Faríseinn Sál varð útvalið verkfæri til að bera nafn Krists fram fyrir heiðingja og konunga og Ísraelsmenn. Og löngu seinna skrifaði hinn aldurhigni Páll frá fangelsi sínu í Róm: “Sumir þjedika að sönnu Krist af öfund og þrætugirni, . . . ekki af hreinum huga, heldur í þeim tilgangi að bæta þrenging ofan á fjötra mína . . . Það er nóg að Kristur er boðaður á allan hátt, hvort sem það heldur er af yfirdrepskap eða í sannleika”. Fil. 1, 15. 17. 18. Að Páll var settur í fangelsi, varð til þess að fagnaðarerindið breiddist út, og sálir gengu Kristi á hönd í keisarahöllinni sjálfri. Við tilraunir Satans að eyða Guðs orði, verður það eins og “óforgengilegt sæði”, “sem lifir og varir”, (1. Pjet. 1, 23) í hjörtum mannanna. Smán og ofsóknir gegn Guðs börnum, verða nafni Krists til dýrðar og sálum til frelsunar.

[54]

“Laun þeirra”, sem eru vottar Krists í ofsóknum og smánunum, “munu verða mikil á himnum”. Mennirnir líta á tímanlegan hagnað; en Jesús bendir þeim á launin á himnum. En launin bíða ekki öll þangað til í hinu komandi lífi, þau koma að nokkru leyti þegar í þessu lífi.

Drottinn birtist Abraham forðum og sagði: “Jeg er þinn skjöldur — laun þín munu mjög mikil verða.” 1. Mós. 15, 1. Þetta eru laun allra, sem fylgja Kristi. Drottinn Immanúel — hann, “í hverjum allir fjársjóðir spekinnar og þekkingarinnar eru fólgnir”, og í hverjum öll fylling guðdómsins býr líkamlega” Kól. 2, 3. 9., — að komast í samræmi við hann, að þekkja hann, að eiga hann, með því að hjartað

opnast og meðtekur meira og meira af eiginleikum hans; að þekkja kærleika hans og mátt, að eignast auðæfi dýrðar hans og skilja meira og meira af “breiddinni, lengdinni, hæðinni og dýptinni og komast að raun um kærleika Krists, sem yfirgnæfir þekkinguna, og ná að fyllast allri Guðs fyllingu” Ef. 3, 18. 19, — þetta er hlutskifti þjóna Drottins, og það rjettlæti, er þeir fá hjá mjer, segir Drottinn”. Jes. 54, 17.

[55] Það var þessi gleði, sem fylti Pál og Sílas, þegar þeir um miðnætti sungu Drottni lofsöngva í fangelsinu í Filippí. Kristur var hjá þeim þar og ljós návistar hans skein í gegn um myrkrið með dýrð frá hinum himnesku bústöðum. Þegar Páll sá hvernig fagnaðarerindið útbreiddist, skrifaði hann frá Rómaborg, án þess að gefa gaum að fjötrum sínum: “Þetta gleður mig. Já, það mun einnig gleðja mig”. Fil. 1, 18. Og hin sömu orð, sem Kristur talaði á fjallinu, enduróma í boðskap postulans til safnaðarins í Filippí mitt í ofsóknunum, sem hann varð að líða: “Verið ávalt glaðir; jeg segi aftur: verið glaðir.”

### “Djer eruð salt jarðar.”

Saltið er þýðingarmikið vegna þess hæfileika sem það hefir til að verja skemdum, og þegar Guð kallar börn sín salt, þá vill hann kenna þeim að skilja það, að tilgangur hans með því að láta þau verða aðnjótandi náðar sinnar, er sá, að þau verði verkfæri öðrum til frelsunar. Þegar Guð valdi sjer sjerstaka þjóð í heiminum, þá gjörði hann það ekki í þeim tilgangi einum að gjöra þetta fólk að sonum sínum og dætrum, heldur ætlaðist hann og til þess að heimurinn hlyti náð til frelsunar fyrir það. Tít. 2, 11. Þegar Guð útvaldi Abraham, þá gjörði hann það ekki einungis til þess, að hann skyldi verða sjerstakur Guðs vinur, heldur og til þess, að hann skyldi vera meðalgangari hinna sjerstöku forrjettinda, sem Drottinn vildi veita þjóðunum. Í síðustu bæn sinni fyrir krossfestinguna, sagði Jesús: “Þeim til heilla helga jeg sjálfan mig, til þess að þeir einnig skuli í sannleika vera helgaðir.” Jóh. 17, 19. Þannig munu og hinir kristnu, sem eru orðnir hreinsaðir með sannleikanum hafa frelsandi eiginleika, sem vernda heiminn frá algjörðri siðspillingu. Saltið verður að sameinast því, sem það er látið í; það verður að þrengja sjer í gegn um það, til þess að geta varið skemdum. Þannig er það og fyrir persónulega umgengni og kynni, að mennirnir verða fyrir

áhrifum af frelsunarkrafti fagnaðarerindisins. Mennirnir frelsast ekki í hópum, heldur frelsast hver einstakur út af fyrir sig. Persónuleg áhrif eru kraftur. Vjer verðum að komast í kynni við þá, sem vjer [56] ætlum að hjálpa.

Kraftur saltsins á að gefa oss hugmynd um hinn lifandi kraft hins kristna — kærleika Jesú í hjartanu, rjettlæti Krists, sem gagntekur lífernið. Kærleikur Krists verður ekki birgður inni, hann getur ekki [57] verið aðgjörðalaus. Ef hann er í oss, þá mun hann streyma út til annara. Vjer munum komast í náin kynni við þá, og hjörtu þeirra munu vermast af hinum óeigingjarna kærleika og áhuga vorum fyrir þeim. Frá hinum sanntrúaða út gengur lifandi kraftur, sem gagntekur og veitir nýtt siðferðisþrek þeim sálum, sem hann starfar fyrir. Það er ekki mannsins eigin kraftur, sem kemur til vegar breytingunni, heldur er það kraftur Heilags anda.

Jesús bætti þessari alvarlegu aðvörun við: “En ef saltið dofnar, með hverju á þá að selta það? Það er þá til einskis framar nýtt, heldur er því kastað út og það fótum troðið af mönnum.”

Meðan fólkið hlustaði á Krist tala þessi orð, gat það sjeð hvernig saltið lá hjer og þar, því hafði verið kastað út vegna þess að það hafði mist kraft sinn og var því ónýtt. Þetta var mjög vel viðeigandi lýsing á ástandi Faríseanna og þeim áhrifum sem trú þeirra hafði á þjóðina. Það er lýsing á lífi hvers þess manns, sem hefir mist kraft Guðs náðar, og er orðinn kaldur og lifir án Krists. Hvaða játningu sem slíkur maður kann að gjöra, þá verður hann þó af englum og mönnum álitinn án andlegs verðmætis og kraftlaus. Það er við slíka sem Kristur segir: “Betur að þú værir annaðhvort kaldur eða heitur. En eins og þú ert nú, hálfvolgur; hvorki heitur nje kaldur, mun jeg skyrpa þjer út af munni mínum”. Op. 3, 15. 16.

Án lifandi trúar á Krist sem persónulegan frelsara er ómögulegt að hafa góð áhrif í vantrúarfullum heimi. Vjer getum ekki miðlað öðrum því, sem vjer eigum ekki sjálfir. Þau áhrif, sem vjer höfum öðrum til blessunar og uppbyggingar eru í hlutfalli við hlýðni og auðsveipni vora við Krist. Sje engin framkvæmdasöm þjónusta, enginn sannur kærleikur, engin veruleg reynsla, þá er heldur enginn [58] kraftur til að hjálpa, ekkert samfjelag við himininn, enginn ilmur Krists í líferninu. Ef Heilagur andi getur ekki notað oss til þess að sýna mönnunum sannleikann, eins og hann er í Jesú, þá erum vjer líkir saltinu, sem hefir dofnað og er alveg ónýtt. Fyrir vöntun vora á

náð Krists, berum vjer þann vitnisburð frammi fyrir heiminum, að sannleikurinn, sem vjerjátum að trúa, hafi ekki í sjer neinn helgandi kraft, og svo langt sem áhrif vor ná, gjörum vjer Guðs orð að engu. “Þótt jeg talaði tungum manna og engla, en hefði ekki kærleika, yrði jeg hljómandi málmur og hvellandi bjalla, og þótt jeg hefði spádómsgáfu og vissi alla leyndardóma og ætti alla þekking, og þótt jeg hefði svo takmarkalaus trú, að færa mætti fjöll úr stað, en hefði ekki kærleika, væri jeg ekki neitt. Og þótt jeg deildi út öllum eigum mínum, og þótt jeg framseldi líkama minn, til þess að jeg yrði brendur, en hefði ekki kærleika, væri jeg engu bættari”. 1. Kor. 13, 1—3.

Þegar kærleikur Krists fyllir hjartað, mun hann streyma út til annara, ekki sem laun fyrir neitt, er maður hefir gjört, heldur vegna þess að kærleikurinn er hvöt athafnanna. Kærleikurinn mótar lund-ernið, stjórnar áhrifunum, útrýmir óvildinni og göfgar tilfinningarnar. Þessi kærleikur er eins víðfeðminn og alheimurinn og er samhljóða þeim kærleika, sem hinir þjónustubundnu englar hafa. Þegar hann er í hjartanu, gjörir hann lífið ljett og breiðir blessun út til allra, sem vjer umgöngumst. Það er þetta, og ekkert annað en þetta, sem getur gjört oss að salti jarðarinnar.

### “Djer eruð ljós heimsins.”

[59] Þegar Jesús kendi fólkinu, gjörði hann fræðslu sína skemtlega, hann hreif tilheyrendur sína og vakti áhuga þeirra með hinum mörgu líkingum er hann tók af ýmsu í náttúrunni í kring um þá. Fólkið var samankomið snemma morguns. Sólin, er steig hærra og hærra á heiðbláum himninum, rak skýin, er svifu yfir dölunum, á flóttu. Geisladýrðin á austurhimninum var enn ekki horfin. Sólin varpaði sínum gullnu geislum á fjöll og dali. Hafið var sljett og skínandi bjart og endurspeglaði dýrð morgunhiminsins. Silfurskærir daggar-droparnir glitruðu á nýútsprungnum blómum og grænum frjóöngum. Náttúran var brosandi og blíð og fagnaði þeirri blessun, er nýr dagur hafði að færa, fuglarnir sungu yndislega í milli trjáanna og alt í náttúrunni bar vott um líf og kraft. Frelsarinn virti mannfjöldann, er var fyrir framan hann, fyrir sjer, snjeri sjer svo mót hinni upprennandi sólu og sagði við lærisveinana: “Þjer eruð ljós heimsins”. Eins og sólin vinnur velgjörðastarf sitt, rekur á flóttu náttmyrkrið og vekur

heiminn til lífs, þannig eiga og þeir, sem fylgja Kristi að bera þeim himneskt ljós, sem sitja í myrkri synda og villu.

Í geislafeegurð morgunsins sáust nálægir bæir og þorp mjög greinilega og útsýnið var hið yndislegasta. Um leið og Jesús benti á þessa bæi, sagði hann: “Borg, sem stendur uppi á fjalli, fær ekki dulist,” og hann bætti við: “Ekki kveikja menn heldur ljós og setja það undir mæliker, heldur á ljósastikuna; og þá lýsir það öllum, sem eru í húsinu”. Meiri hluti þeirra manna, sem hlustuðu á Jesúm, voru bændur og fiskimenn; þeir höfðu flestir ljeleg húsakynni, oftast aðeins eitt herbergi og þar logaði ljós á ljósastiku, er lýsti upp herbergið, “Þannig”, sagði Jesús, eigið þjer að “láta ljós yðar lýsa mönnunum, til þess að þeir sjái góðverk yðar og vegsami föður yðar, sem er á himnum”.

Aldrei hefir nokkurt annað ljós skinið eða mun nokkur tíma skína á fallna menn, heldur en það ljós, sem skín frá Kristi. Jesús, Frelsarinn, er það eina ljós, er getur lýst upp þann heim, sem liggur í synd. Það stendur skrifað um Krist, að í honum var “líf, og lífið var jós manna”. Jóh. 1, 4. Það var með því að meðtaka þetta líf, að lærisveinarnir gátu orðið ljósberar. Líf Krists í sálunni, kærleikur hans opinberaður í lunderninu, gjörði þá að ljósi heimsins.

[60]

Mennirnir hafa ekkert ljós í sjáltum sjer. Án Krists erum vjer sem kerti, er ekki logar á, eins og tunglið, þegar það snýr frá sólunni; vjer höfum engan ljósgeisla til að senda út í myrkur heimsins. En þegar vjer snúum oss að sólu rjettlætisins, þegar vjer komumst í kynni við Krist, upplýsist öll sálin af hinum guðdómlega ljóma.

Þeir sem fylgja Kristi eftir, eiga að vera meira en aðeins ljós manna meðal. Þeir eru hið eina ljós heimsins. Jesús segir til allra, sem nefna hans nafn: Þjer hafið gefið yður mjer, og jeg hefi gefið heiminum yður sem fulltrúa mína. Eins og Faðirinn hafði sent hann til heimsins, þannig segir hann “hefi jeg sent þá út í heiminn”. Jóh. 17, 18. Eins og Kristur er sá, sem opinberar Föðurinn, þannig eigum vjer að opinbera Krist. Enda þótt Kristur sje hin mikla uppspretta, hvaðan ljósið kemur, þá gleym ekki, ó, þú Guðs barn, að ljósið skín í gegnum mennina! Blessun Guðs er úthlutað í gegnum menn. Kristur sjálfur kom í heiminn sem mannssonur. Hið mannlega sameinað hinu guðlega eðli, verður að snerta við mönnunum. Söfnuður Krists, hver einstakur af lærisveinum Meistarans, er samkvæmt ráðstöfun himinsins ætlaður til þess að opinbera mannkyninu Guð.

[61] Englar frá ríki dýrðarinnar bíða eftir því að geta miðlað sálum, sem eru að tynast, himnesku ljósi og krafti. Á hið mannlega verkfæri að bregðast fram- kvæmdum þess ætlunarverks, er það hefir verið ákveðið til? Ef þetta á sjer stað, þá mun heimurinn í sama hlutfalli, verða rændur hinum fyrirheitnu áhrifum Heilags anda!

En Jesús sagði ekki við lærisveina sína: “Reynið að láta ljós yðar skína”. Hann sagði við þá: “Látið það skína”. Ef Kristur býr í hjartanu, þá er ómögulegt að hylja birtuna er stafar af návist han,s. Ef þeir, sem segjast fylgja Kristi eftir, eru ekki ljós heimsins, þá er það vegna þess, að þeir hafa mist hinn lífgefandi kraft, ef þeir hafa ekkert ljós til að lýsa öðrum með, þá er það vegna þess, að þeir hafa ekki samband við uppsprettu ljóssins.

Á öllum tímum hefir “andi Krists, sem í þeim bjó”, 1. Pjet. 1, 11., gjört hin sönnu börn Guðs að ljósi manna meðal kynslóðar þeirra. Jósef var ljós í Egyftalandi. í hreinleika sínum, í hinni góðu breytni sinni, í sonar legri elsku var hann liking Krists meðal þjóðar, sem tilbað hjáguði. Meðan Ísraelsmenn voru á leiðinni frá Egyftalandi til fyrirheitna landsins, voru þeir, er trúir reyndust meðal þeirra, ljós fyrir þjóðirnar, sem bjuggu í grend við þá. Þeir opinberuðu Guð heiminum. Af Daníel og meðbræðrum hans í Babýlon og af Mordekaí í Persíu lagði skæra birtu út í dimmuna, er grúfði yfir konungahöllunum. Á sama hátt eru lærisveinar Krists settir til að vera ljósberar á leiðinni til himins. Miskunn og gæska Föðurins við heim, sem er í myrkri vegna þess, að hann þekkir ekki Guð, á að leiðast í ljós fyrir þá. Með því að sjá góðverk þeirra, leiðast aðrir til að heiðra Föðurinn á hæðum; því að það kemur í ljós að í háseti alheimsins situr Drottinn, sem er maklegur lofgjörðar og hvers lunderni er eftirsóknarvert að fá. Hinn guðdómlegi kærleikur, sem brennur í hjartanu, hið kristilega samræmi, sem birtist í líferninu, [62] er eins og himneskur glampi, er íbúum þessarar jarðar veitist, svo að þeir geti lært að skilja hið háleita eðli hans.

Það er á þennan hátt, að mennirnir læra að þekkja og trúa “kærleikanum, sem Guð hefir á oss”. 1. Jóh. 4, 16. Það er á þennan hátt, að hjörtu, er áður voru syndug og spilt, hreinsast og breytast, svo að þau geta komið fram fyrir “dýrð hans, lýtalaus í fögnuði”. Júd. 24.

Orð Frelsarans: “Þjer eruð ljós heimsins”, benda á þá sannreynd, að Kristur hefir fengið þeim, sem feta í fótspor hans, heimsvíðtækt ætlunarverk að vinna. Á dögum Krists hafði eigingirni, dramb og



hleypidómar reist háan og rammgjörvan millivegg milli þeirra, er voru settir til að vaka yfir Guðs heilaga orði, og allra annara þjóða á jörðunni. En Frelsarinn var kominn til þess að breyta þessu ástandi. Orðin, sem fólkið heyrði af vörum hans, voru ólík öllu því, er það hafði nokkur tíma heyrð hjá presti og fræðimanni. Kristur rífur niður millivegginn, sjálfelskuna, og hleypidóma þjóðarinnar, er skilur hana frá öðrum, og býður að sýna öllu mannkyninu kærleika. Hann dregur mennina út úr hinum þrönga hring, sem eigingirni þeirra hefir myndað; hann tekur burt allan þjóðernisríg og alla milliveggi í þjóðfjelaginu. Hann gjörir engan mun á nágrönnum og aðkomandi, vinum og óvinum. Hann kennir oss að álíta sjerhverja aðþrengda sál náunga vorn og heiminn kristniboðssvæði vort.

Eins og sólargeislarnir ná alt til endimarka jarðar, þannig ætlast Guð til að gleðiboðskapurinn nái til hveurrar einustu sálar á jörðunni. Ef söfnuður Krists gjörði það, sem Drottinn ætlast til af honum, þá mundi ljósið skína til allra, sem sitja í myrkri og skugga dauðans. Í stað þess að hópa sig saman á einstökum stöðum og hliðra sjer hjá ábyrgð og byrðum, mundu meðlimir safnaðarins dreifa sjer út um öll lönd, þar sem ljós Krists gæti skinið út frá þeim; þeir mundu vinna eins og hann vann að frelsun sálna. Þá mundi “gleðiboðskapurinn um ríkið” í skyndi verða fluttur út um allan heiminn.

[63]

Það er á þennan hátt að áformi Guðs með að kalla sitt fólk, alt frá Abraham í Mesópótamíu og til vor, sem nú lifum, verður framgengt. Hann segir: “Jeg mun blessa þig, . . . . og blesun skalt þú vera!” 1. Mós. 12, 2. Orð Krists, er hann talaði fyrir munn Jesaja spámanns, og hljóma nú á ný í fjallræðunni, eiga við oss, er lifum á hinum síðustu dögum: “Statt upp og skín þú; því að ljós þitt kemur og dýrð Drottins rennur upp yfir þjer.” Jes. 60, 1. Ef dýrð Drottins skín yfir sálu þinni. ef þú hefir virt fyrir þjer fegurð hans, sem ber af tíu þúsundum, og er “allur yndislegur”, Ljóðal. 5, 16. og ef hjarta þitt er orðið upplýst af dýrð hans, þá eru þetta orð, sem Meistarinn hefir til þín talað. Hefir þú verið með Kristi á ummyndunarfjallinu? Niðri á láglandinu eru sálir, sem eru þrælar Satans, og þær bíða eftir því að orð trúarinnar og bænarinna gjöri þær frjálsar.

Vjer eigum ekki einungis að íhuga dýrð Krists, heldur eigum vjer einnig að tala um yfirburði hans. Jesaja ljet sjer ekki nægja einungis að skoða dýrð Krists; hann talaði einnig um hann. Meðan Davíð hugsaði í hjarta sínu, brann eldurinn; síðan talaði hann með

[64] tungu sinni. Þegar hann hugsaði um hinn undursamlega kærleika Guðs, gat hann ekki annað en talað um það, sem hann sá og fann til. Hver getur í trú íhugað hið dásamlega endurlausnaráform, dýrð Guðs eingetna sonar, og ekki talað um þetta? Hver getur hugsað um hinn órannsakanlega kærleika, er birtist við dauða Krists á Golgata krossi, svo að vjer skyldum ekki glatast, heldur hafa eilíft líf — hver getur íhugað þetta án þess að hafa eitthvað að mikla Frelsarann fyrir?

“Alt í helgidómi hans segir: “Dýrð!” Sálm. 29, 9. Hinn ágæti söngvari Ísraels lofaði Drottinn með hörpu sinni, segjandi: “Jeg vil ígrunda dýrð og ágæti hátignar þinnar, jeg vil syngja um dásemdir þínar. Um mátt þinna óttalegu verka munu menn tala, og frá þínum mikilleika vil jeg segja”. Sálm. 145, 5. 6.

Golgata kross á að verða hafinn hátt upp meðal fólksins, svo að það verði gripið af hugsuninni um hann og hugurinn dvelji við hann. Þá munu allir andlegu hæfileikarnir fyllast guðdómlegum krafti beint frá Guði. Þá verður það umhugsunarefnið að geta unnið verk fyrir Meistarann. Þá munu hin lifandi verkfæri senda frá sjer ljósgeisla, er lýsa upp heiminn. Kristur tekur með mikilli gleði á móti sjerhverjum manni, sem vill vera verkfæri í hendi hans. Hann setur hið mannlega í samband við hið guðdómlega, svo að hann geti gjört heiminn hluttakandi í leyndardómi kærleikans í mannlegu holdi. Látum hann vera efnið í samtali voru, söng vorum og bænum vorum! Kalla þú hátt boðskapinn um dýrð hans og haltu áfram að ryðja þjer braut til hinna fjarlægustu landshluta!

[65] Raunir bornar með þolinmæði, blessun meðtekin með þakklæti, freisting sigruð með staðfestu. hógværð, vinsemd, miskunnsemi og kærleikur, er daglega kemur fram — þetta eru þau ljós, er skína út frá lunderninu og eru gagnstæð myrkrinu í hinu eigingjarna hjarta, þar sem lífsins ljós hefir aldrei skinið inn.

### Capitol 3.—Lögmálið er andlegt

**“Jeg er ekki kominn til þess að niðurbjóta, heldur til þess að uppfylla.”**

Það var Kristur, sem í þrumum og eldingum kunngjörði lögmálið á Sínaí-fjalli. Dýrð Guðs hvíldi sem eyðandi eldur yfir tindi þess, og fjallið ljek á reiðiskjálfi fyrir augliti Drottins. Með andlitin beygð til jarðar höfðu Ísraelsmenn með ótta og miklum hátíðleik hlustað á birting hinna heilögu boðorða lögmálsins. Hversu ólíkt þetta var því, er átti sjer stað á “sælu” fjallinu! Undir sumarhimninum, þar sem ekkert nema fuglasöngurinn rauf kyrðina útlistaði Jesús meginreglur ríkis síns. En hann, sem á þeim degi talaði mál kærleikans til fólksins, var að útskýra fyrir því meginreglurnar í því lögmáli, sem var kunngjört á Sínaí.

Á þeim tíma, sem lögmálið var gefið, hafði Israel, er var í mikilli niðurlægingu vegna langvarandi þrældóms í Egyftalandi, mikla þörf fyrir að fá skilning á hátign og mikilleik Guðs; en hann birtist þeim þó ekki síður sem kærleikans Guð.

“Drottinn kom frá Sínaí  
og rann upp fyrir þeim á Seír.  
Hann ljét ljós sitt skína frá Paran-fjöllum  
og kom frá hinum helgu tíu þúsundum  
eldingarnar í hægri hendi hans voru þeim til varnar.  
Já, hann elskar sinn lýð;  
allir hans heilögu eru í hans hendi,  
og þeir fara eftir leiðsögu þinni,  
sjerhver þeirra meðtekur af orðum þínum”.

Það var Móse, sem Guð opinberaði dýrð sína í hinum óviðjafnanlegu orðum, er hafa verið hinn mikilsmetni arfur trúaðra á öllum tímum: “Drottinn, Drottinn, miskunnsamur og líknsamur Guð, þolinmóður, gæskuríkur og harla trúfastur, sem auðsýnir gæsku þúsundum og fyrirgefur misgjörðir, afbrot og syndir”. 2. Mós. 34, 6. 7.

[66]

Lögmálið, sem var gefið á Sínaí, var yfirlýsing um meginreglur kærleikans. Það birti mönnunum á jörðunni, lögmál himinsins. Það var gefið fyrir milligöngumann — talað af honum, sem hefir mátt til þess að beygja hjötru mannanna til hlýðni við reglur þess. Guð hafði gjört kunnugt markmið lögmálsins, þegar hann sagði við Ísrael: “Helgir menn skuluð þjer vera fyrir mjer”. 2. Mós. 22, 31.

En Ísrael hafði ekki sjeð eða skilið hið andlega eðli lögmálsins, og alt of oft var það þannig, að hin svo kallaða hlýðni þeirra var einungis innifalin í því að halda helgisiðina og hinar ytri reglur í stað þess að beygja hjartað undir yfirráð kærleikans. Þegar Jesús í framkomu sinni og starfsemi hjelt fram hinum heilögu, mildu og föðurlegu eiginleikum Guðs við mennina og benti á hversu einskis-verð sú hlýðni er, sem einungis er innifalin í útvortis guðsdýrkun, þá gátu leiðtogar Gyðinga hvorki fallist á orð hans nje skilið þau. Þeir álitu að hann legði ekki nóga áherslu á kröfur lögmálsins, og þegar hann hjelt fram við þá því, sem var einmitt kjarni þeirrar þjónustu, er Guð hafði fyrirskipað að þeir skyldu framkvæma, litu þeir einungis á hið ytra, og sökuðu hann um tilraunir til að kollvarpa lögmálinu.

Jesús talaði með gætni og stillingu, en raeð alvöru og krafti, sem hreif hjörtu fólksins. Árangurslaust vonuðust þeir eftir því að heyra hann endurtaka hinar dauðu erfikenningar og ströngu kröfur fræðimannanna. Þeir “undruðust mjög kenning hans; því að hann kendi þeim eins og sá sem vald hafði, og ekki eins og fræðimenn þeirra”. Matt. 7, 28. 29. Farísearnir tóku eftir því, að hann hafði alt aðra aðferð við að kenna, heldur en þeir höfðu. Þeir sáu að sannleikurinn í hreinleika hans og fegurð og með hinum djúpu og mildu áhrifum, læsti sig inn í hug og hjarta margra. Hinn guðdómlegi kærleikur og viðkvæmni Frelsarans dró hjörtu mannanna að honum. Lærifeðurnir sáu að kenning hans ónýtti meginþátt þeirrar uppfræðslu, er þeir höfðu veitt fólkinu. Hann reif niður millivegginn, sem stuðlaði að því að ala dramb þeirra og einangrunarhugsun, og þeir óttuðust, að ef hann fengi að halda áfram eins og hann var byrjaður, þá mundi hann draga lýðinn algjörlega frá þeim. Þeir báru því megnan óvildarhug til hans, og vonuðu að fá tækifæri til að snúa huga fólksins í gegn honum og á þann hátt að gjöra þeim mögulegt að hann yrði dæmdur af ráðinu og svo líflátinn.

Þegar Jesús var á fjallinu, höfðu njósningar nánar gætur á honum, og þegar Jesús útskýrði meginreglur rjettlætisins, ljetu Farísearnir

hvísla því meðal mannfjöldans að kenning hans kæmi í bága við þau boðorð, sem Guð hafði gefið á Sínaí. Frelsarinn sagði ekki neitt, er raskað gæti trúnni á nokkuð það, er gefið var fyrir Móse; því að sjerhver guðdómlegur ljósgeisli sem hinn mikli fyrirliði Ísraels færði sínu fólki, kom frá Kristi. Það eru margir, sem segja í hjarta sínu að Jesús sje kominn til að afnema lögmálið, en Jesús sýnir með ótvíræðum orðum afstöðu sína til hinna guðdómlegu boða.

“Ætlið eigi”, segir hann, “að jeg sje kominn til þess að afnema lögmálið og spámennina”.

Það er skapari mannanna og löggjafi, er segir að það sje ekki áform sitt að draga nokkuð úr lögmálinu. Alt í náttúrunni, frá hinni minstu frumu og til hnatt-anna í himingeimnum er háð vissum lögum, og regla og samræmi náttúrunnar er komið undir því, að þessum lögum sje hlýtt. Þannig eru og hinar miklu meginreglur rjettlætisins gefnar til að stjórna lífi allra skynsemigæddra vera, og velferð alheimsins er undir því komin að þessar grundvallarreglur sjeu haldnar. Guðs lög voru til áður en þessi heimur varð til. Englarnir láta stjórnast af þessum meginreglum, og til þess að þessi jörð geti verið í samræmi við himininn, verða mennirnir einnig að hlýða þessum guðdómlegu fyrirskipunum. Kristur birti mannum boðorð lögmálsins í Eden, þegar “morgunstjörnurnar sungu gleðisöng allar saman og allir Guðs synir fögnuðu”. Job 38, 7. Það var ekki ætluarverk Krists hjer á jörðunni að ónýta lögmálið, heldur að koma mönnunum til að hlýða því fyrir náðarverk Anda síns.

[68]

Þegar lærisveinninn sem Drottinn elskaði, og sem heyrði orð Jesú á fjallinu, ritaði löngu seinna, knúður af Heilögum anda, þá talaði hann um lögmálið þannig, að það hefði ævarandi gildi. Hann segir, að “syndin sje lagabrot”, og að “hver sem synd drýgi, drýgi lagabrot”. 1. Jóh. 3, 4. Hann sýnir skýrt fram á, að það lögmál, sem hann á við, er “gamalt boðorð, sem þjer hafið frá upphafi”. 1. Jóh. 2, 7. Hann talar um það lögmál, er var til þegar þessi heimur var skapaður og var endurtekið á Sínaí-fjalli.

Þegar Jesús talaði um lögmálið, sagði hann: “Jeg er ekki kominn til þess að aftaka, heldur til að fullkomna”. Hann notar hjer orðið “fullkomna” í sömu merkingu og þegar hann sagði við Jóhannes skírara að það væri ætluarverk sitt, að “fullnægja öllu rjettlæti”. Matt. 3, 15. Það er að skilja, að uppfylla kröfur lögmálsins út í ystu

[69] æsar til þess að geta eftirlátið öðrum dæmi fullkominnar hlýðni við vilja Guðs.

Það var ætlunarverk hans að “gjöra kenninguna háleita og vegsamlega”. Jes. 42, 21. Hann átti að sýna fram á hið andlega eðli lögmálsins, og halda fram hinum víðtæku meginreglum þess og gjöra skýrt fyrir mönnunum hið ævarandi gildi þess.

Kristur, sem hinir göfuglyndustu og hógværustu meðal manna eru aðeins sem óljós endurspeglun af; hann, sem Salomon, knúður af Guðs anda, sagði um, að “bæri af tíu þúsundum” . . . og væri “allur yndislegur”; Ljóðalj. 5, 10—15, og sem Davíð, er sá hann í spámannlegri sýn, sagði um: “Fegurri ert þú en manna börn”; Sálm. 45, 3. — Jesús, sem er ímynd Föðurins og ljómi dýrðar hans, Frelsarinn; hann var lifandi ímynd Guðs laga meðan hann dvaldi hjer á jörðunni og framkvæmdi máttarog náðarverk. Í lífi hans kemur það skýrt fram, að hinn himinborni kærleikur, þær meginreglur, er komu í ljós hjá honum, mynda grundvöll hinna ævarandi rjettlætislaga.

“Þangað til himinn og jörð líða undir lok”, sagði Jesús, “mun ekki einn smástafur eða einn stafkrókur lögmálsins undir lok líða, uns alt er komið fram”. Með því að hlýða sjálfur lögmálinu, staðfesti Jesús það, að eigi er unt að breyta því, og hann sannaði, að fyrir náðaraðstoð hans er sjerhverjum Adams syni og dóttur unt að hlýða því fullkomlega. Kristur sagði á fjallinu, að ekki mundi einn smástafur lögmálsins líða undir lok, uns alt væri komið fram — alt það, er áhrærir mannkynið, alt það, er áhrærir frelsunaráformið. Hann kennir ekki að lögmálið muni nokkurntíma verða afnumið, hann horfir fram til hinna síðustu tíma í sögu mankynsins og fullvissar oss um, að þangað til sá tími er kominn, muni lögmálið verða í sínu fulla gildi, svo að enginn skyldi ætla, að það væri köllun hans að [70] afnema boðorð lögmálsins. Meðan himinn og jörð eru við líði, munu [71] meginreglur Guðs lögmáls vera við líði. Rjettlæti hans mun “eins og fjöll Guðs” vara sem blessunaruppspretta, er veitir straumum til að endurnæra jörðina.

Þar eð lögmál Drottins er fullkomið og því óumbreytanlegt, er ómögulegt fyrir synduga menn að uppfylla kröfur þess í eigin kröftum, því var það, að Jesús, kom sem frelsari vor. Það var köllun hans að hjálpa mönnunum til að komast í samræmi við meginreglur hinna himnesku laga með því að gjöra þá hluttakandi í guðlegu eðli. Þegar vjer höfnum syndinni og meðtökum Krist sem frelsara vorn, gjörum

vjer lögmálið háleitt. Páll postuli spyr: “Gjörum vjer þá lögmálið að engu með trúnni? Fjarri fer því; heldur staðfestum vjer lögmálið”. Róm. 3, 31. Fyrirheit hins nýja sáttmála hljóðar þannig: “Lög mín vil jeg gefa í hjörtu þeirra, og í hugskot þeirra vil jeg rita þau”. Hebr. 10, 16. Fyrirmyndunarþjónustan, er benti á Krist sem það Guðs lamb, er bera skyldi synd heimsins, átti að hætta við dauða hans; en þær rjettlætis-grundvallarreglur, sem eru í tíu boðorðunum, eru jafn óumbreytanlegar og Guðs eilífa hásæti. Það er ekki eitt einasta boðorð afnumið, ekki einn bókstafur eða stafkrókur breyttur. Þær meginreglur, er mannum voru gjörðar kunnar í Para–dis sem hið mikla lögmál lífsins, munu finnast óbreyttar í Paradís endurskapaðri. Þegar Eden stendur í annað sinn í blóma sínum á jörðunni, þá mun kærleikslögmáli Guðs verða hlýtt af öllum.

“Orð þitt varir að eilífu, það stendur fast eins og himininn”. “Verk handa hans eru trúfesti og rjettvísi, öll fyrirmæli hans eru áreiðanleg, örugg um aldur og æfi; framkvæmd í trúfesti og rjettvísi”. “Fyrir löngu hefi jeg vitað um reglur þínar, að þú hefir grundvallað þær að eilífu”. Sálm. 119, 89; 111, 7. 8; 119, 152.

[72]

**“Hver sem því brýtur eitt af þessum minstu boðorðum, og kennir mönnum það, hann mun verða kallaður minstur í himnaríki.”**

Það er að skilja: hann kemst þangað ekki; því að sá, sem brýtur viljandi eitt boðorð, heldur ekkert af þeim í anda og sannleika. “Þótt einhver hjeldi alt lögmálið, en hrasaði í einu atriði, þá er hann orðinn sekur við öll boðorð þess”. Jak. 2, 10.

Syndin er ekki fólgin í stærð óhlýðniverksins, heldur í því að víkja frá augljósum vilja Guðs í hversu smávægilegu atriði sem er; því þetta sýnir að hjartað er enn ekki laust við syndina. Það er tvískift í þjónustu sinni. Maður afneitar Guði og rís í gegn lögum ríkis hans.

Ef mennirnir hefðu frjálsræði til þess að víkja frá kröfum Drottins og ákveða sjálfir skyldur sínar, þá mundi verða mikið af margskonar reglum, sniðnum eftir vild einstaklingsins, og stjórnin mundi verða tekin úr höndum Drottins. Vilji mannanna mundi ráða, og Guðs háleiti og heilagi vilji — kærleiksráðstöfun hans áhrærandi það, sem hann hefir skapað — mundi verða lítilsvirt og látin sitja á hakanum.

Í hvert sinn er mennirnir ganga sína eigin götu, rísa þeir gegn Guði. Þeir komast ekki inn í heimnaríki vegna þess að þeir eru í ósamræmi við reglur himinsins. Með því að láta Guðs vilja lúta í lægra haldi, ganga þeir í lið með Satan, sem er óvinur Guðs og manna. Það er ekki aðeins nokkur hluti Guðs orðs, sem mönnunum er ætlað að lifa af, heldur alt orð hans. Án hættu getum vjer ekki lítilsvirt eitt af orðum hans, hversu þýðingarlítið sem það kann að vera í vorum augum. Það er ekki neitt það boðorð til í lögmálinu, að það miði eigi að velferð manna og hamingju bæði í þessu lífi og hinu komandi. Þegar mennirnir framganga í hlýðni við lögmál Guðs, þá eru þeir umluktir varnargarði, er ver þá fyrir hinu illa. Sá, sem brýtur skarð í þennan varnargarð, þó ekki sje nema á einum stað, hefir gjört hann ónýtan til varnar; því að hann hefir opnað óvininum leið og hann fer inn fyrir múrinn og kemur til vegar tjóni og eyðingu.

Með því að dirfast að brjóta móti Guðs vilja í einu atriði, opnuðu vorir fyrstu foreldrar óhamingjunnir leið svo að hún steiptist sem flóðalda yfir heiminn. Hver sá, sem fer að dæmi þeirra mun og skera hið sama upp og þau gjörðu. Það er kærleikur Guðs, sem liggur til grundvallar sjerhverju boðorði í lögmáli hans, og sá sem vîkur frá boðorðunum, stuðlar að sinni eigin óhamingju og eyðingu.

**“Ef rjettlæti yðar tekur ekki langt fram rjettlæti  
fræðimannanna og Faríseanna, komist þjer alls ekki inn í  
himnaríki.”**

Fræðimennirnir og Farísearnir höfðu sakað bæði Jesúm og lærisveina bans urn synd er væri í því fólgin, að þeir færu ekki eftir ákvæðum lærifeðranna. Lærisveinarnir höfðu oft verið raunamæddir og órólegir vegna ásakana og ávítana af þeirra hálfu, er þeir höfðu verið vanir að bera virðingu fyrir sem andlegum leiðtogum. Kristur fletti ofan af þessum blekkingum. Hann sýndi fram á, að það rjettlæti, sem þeir mátu svo mikils, væri einskisvert. Gyðingapjóðin hafði álitnið sig vera hið sjerstaka, Drottni velþóknanlega, hlýðna fólk; en Kristur sýndi fram á það, að trú þeirra var alls ekki hin sáluhjálplega trú. Öll sú guðhræðsla, sem þeir hrósuðu sjer af, allar erfikenningar og mannaetningar, já, einnig hlýðni þeirra við hinar ytri kröfur lögmálsins megnuðu ekki að helga þá. Þeir voru ekki hreinir í hjarta nje göfugir eða kristilegir í lunderni.



Lögmálstrú megnar ekki að koma sálunni í samræmi við Guð. Hinn strangi, ómildi rjettrúnaður Faríseanna, eins og hann var, laus við iðrun, viðkvæmni og kærleika, var einungis ásteitingarsteinn fyrir syndara. Þeir voru eins og saltið, er hafði dofnað; því að áhrif þeirra höfðu ekkert það í sjer er varið gæti heiminn skemdum. Hin eina sanna trú er sú, sem “starfar í kærleika” (Gal. 5, 6) og hreinsar sálina. Hún er sem súrdeig er breytir lunderninu.

Alt þetta hefðu Gyðingarnir átt að vera búnir að læra af uppfræðslu spámannanna. Nokkrum öldum áður en þetta var, hafði hróp sálarinnar um rjettlætingu hjá Guði, brotist fram í orðum og fengið svar fyrir munn Míka spámanns: “Með hvað á jeg að koma fram fyrir Drottin, beygja mig fyrir Guði á hæðum? Á jeg að koma fram fyrir hann með brennifórnir, ársgamla kálfa? Hefir Drottinn þóknun á þúsundum hrúta, á tíþúsundum olíulækja?” . . . . . Hann hefir sagt þjer, maður, hvað gott sje! Og hvað heimtar Drottinn annað af þjer en að gjöra rjett, ástunda kærleika og framganga í lítillæti fyrir Guði þínum?” Mik. 6, 6—8.

Hósea spámaður hafði bent á það, í hverju faríseahátturinn er fólgin, þegar hann sagði: “Ísrael var gróskumikill vínviður, hvers ávöxtur líkist sjálfu trjenu”. Hós. 10, 1. Meðan Gyðingarnir ljetust vinna fyrir Guð, unnu þeir í raun og veru sjálfum sjer. Rjettlæti þeirra var ávöxturinn af tilraunum þeirra til að halda lögmálið samkvæmt þeirra eigin hugmyndum og í eigin hagsmuna skyni, og því gat þessi ávöxtur ekki orðið betri, en þeir voru sjálfir. Með tilraunum sínum til að helga sjálfa sig, reyndu þeir að framleiða hreint af óhreinu. Lögmál Guðs er eins heilagt og hann sjálfur er heilagur, eins fullkomið og hann er fullkominn. Það sýnir mönnum rjettlæti Guðs. Mönnum er ómögulegt að halda lögmálið í eigin kröftum; því að mannseðlið er spilt, afmyndað og gjörólíkt lunderni Guðs. Verk hins eigingjarna hjarta eru óhrein, og “alt rjettlæti vort” er “sem saurgað klæði”. Jes. 64, 5.

Með því að lögmálið er heilagt, gátu Gyðingarnir ekki öðlast rjettlæti fyrir sínar eigin tilraunir til að halda það. Lærisveinar Krists verða að öðlast rjettlæti, sem er ólíkt rjettlæti Faríseanna, ef þeir eiga að fá inngöngu í ríki himnanna. Guð gaf þeim kost á fullkomnu lögmálsrjettlæti í syni sínum. Ef þeir vildu ljúka upp hjarta sínu og veita Kristi viðtöku, þá mundi kærleikur Guðs, sem er sjálft eðli hans, taka sjer bústað í þeim og ummynda þá til hans eigin myndar, og á

þann hátt mundu þeir, fyrir hina óverðskulduðu gjöf Guðs, öðlast það rjettlæti, sem lögmálið krefst. En Farísearnir höfnuðu Jesú. “Því vegna þess þeir þektu ekki Guðs rjettlæti, en leituðust við að efla sitt eigið rjettlæti”, vildu þeir ekki lúta Guðs rjettlæti. Róm. 10, 3.

Jesús fór lengra í því að sýna tilheyrendum sínum, hvað það gildir að halda boð Guðs — hann sýndi þeim fram á, að það er undir þessu komið hvort þeir geta öðlast lunderni Kristis. Því að í honum opinberaðist Guð daglega fyrir augum þeirra.

**“Hver sem reiðist bróður sínum. . . verður sekur fyrir dóminum.”**

Drottinn hafði sagt, fyrir munn Móse: “Þú skalt ekki hata bróður þinn í hjarta þínu . . . . Eigi skalt þú hefnisamur vera nje langrækin við samlanda þína; en þú skalt elska náunga þinn eins og sjálfan þig”. 3. Mós. 19, 17. 19. Þau sannleiksatriði, sem Jesús hjelt fram, voru hin sömu, sem hann hafði kent fyrir munn spámanna; en þau voru orðin eins og í þoku fyrir þeim vegna harðúðar hjartans og elsku til syndarinnar.

[76]

Orð Frelsarans sýndu tilheyrendum hans fram á það, að þegar þeir fyrirdæmdu aðra sem yfirtroðslumenn, voru þeir eins sekir sjálfir, með því að þeir ólu hatur og öfund í hjartanu.

Hinum megin við vatnið, beint á móti þar sem Jesús var ásamt mannfjöldanum, var hjeraðið Basan, það var afskekt og klettaskornar og skógipökta hæðirnar höfðu lengi verið aðsetursstaður allskonar glæpamanna. Frásagnir um rán og morð, er framið hafði verið á þessum stað, var fólkinu í fersku minni, og margir voru ákafir í því að fyrirdæma þessa misgjörðamenn. En sjálfir voru þeir ástríðufullir og deilugjarnir; þeir báru rammasta hatur til undirokara sinna, Rómverja, og fanst að þeir hefðu rjett til að fyrirlíta alla aðra menn, jafnvel sína eigin landa, sem ekki voru samþykkir skoðunum þeirra í öllu. Í öllu þessu brutu þeir lögmálið, sem segir: “Þú skalt ekki morð fremja”.

Andi hatursins og hefnigirninnar átti upptök sín hjá Satan, og þetta kom honum til að myrða Guðs son. Hver sá sem elur þykkju og óvild, hefir sama hugarfar, og ávöxtur þess er dauðinn. Í hinu hatursfulla hugarfari leynist hin illa athöfn eins og jurtin í fræinu.

“Hver sem hatar bróður sinn, er manndrápári, og þjer vitið, að enginn manndrápári hefir eilíft líf í sjer varandi”. 1. Jóh. 3, 15.

“Hver sem segir við bróður sinn: Bjáni! verður sekur fyrir ráðinu”. Með því að gefa son sinn til endurlausnar mönnunum, hefir Guð sýnt hversu mikils hann virðir sjerhverja manns sálu, og hann gefur engum manni heimild til að tala fyrirlitlega um annan. Að vísu kunnum vjer að finna galla og veikleika hjá þeim, sem vjer umgöngumst, en Guð lítur á sjerhverja sálu sem sína eign — sem sína eign vegna þess að hann hefir skapað hana, og í tvöföldum skilningi vegna þess að hún er keypt með hinu dýrmæta blóði Krists. Allir voru skapaðir í hans mynd, og jafnvel þeir sem dýpst eru sokknir eiga að mæta virðingu og nærgætni í allri meðferð. Guð lætur oss bera ábyrgð, jafnvel á aðeins einu lítilsvirðinyarorði um sálu, sem Kristur gaf líf sitt fyrir. “Því að hver gefur þjer yfirburði? Og hvað hefir þú, sem þú hefir ekki þegið? En hafir þú nú þegið, hví stærir þú þig þá, eins og þú hefðir ekki þegið?” 1. Kor. 4, 7. “Hver ert þú, sem dæmir annarlegan þjón? Hann stendur og fellur herra sínum”. Róm. 14, 4.

[77]

“Hver sem segir: Þú heimskingi! á skilið að fara í eldsvítið”. Í Gamla-testamentinu var orðið “heimskingi” notað til að tákna með einhvern sem var fallinn frá, einhvern, sem hafði selt sig hinu illa. Jesús segir, að hver sem fyrirdæmi bróður sinn sem fráfallinn eða sem guðsafneitara, verðskuldi sömu fyrirdæmingu.

[78]

Kristur sjálfur dirfðist ekki “að leggja lastmælisdóm á djöfulinn er hann átti í orðadeilu við hann um líkama Móse”. Júd. 9. Hefði hann gjört þetta, þá hefði hann gengið í lið með óvininum; því að ákæru eru vopn hins vonða. Í Ritningunni kallast hann “kærandi bræðra vorra”. Jesús vildi ekki nota neitt af vopnum Satans. Hann mætti honum með orðunum: “Drottinn refsir þjer!” Júd. 9.

Vjer eigum að fylgja dæmi hans. Þegar árekstur verður hjá oss og óvinum Krists, eigum vjer eigi að segja neitt er beri vott um að vjer sjeum að borga fyrir oss, nje heldur nokkuð það, er lýsi háði eða ákæru. Sá, sem er Guði munnur, á ekki að tala orð, sem höfðingi himinsins vildi ekki nota, er hann átti í orðadeilu við Satan. Vjer eigum að fela Guði allan dóm.

“Sæstu fyrst við bróður þinn.”

Kærleikur Guðs gjörir meira en að halda manningum frá því að aðhafast það, sem ilt er; hann er framkvæmdasöm meginregla, lifandi uppspretta, er ávalt streymir öðrum til blessunar. Ef kærleikur Krists býr í hjarta voru, þá er það ekki einungis að vjer erum lausir við að bera hatur til meðbræðra vorra, heldur munum vjer leitast við að auðsýna þeim kærleika á sjerhvern hátt. Jesús sagði: “Ef þú ert að bera gáfu þína fram á altarið, og minnst þess þar, að bróðir þinn hefir eitthvað á móti þjer, þá skil gáfu þína þar eftir fyrir framan altarið, og far burt, sæstu fyrst við bróður þinn, og kom síðan og ber fram gáfu þína!” Fyrimyndunarfórnirnar áttu að sýna trú þess, sem fórnaði, sýna að hann tryði því, að hann væri orðinn aðnjótandi Guðs náðar og kærleika fyrir Krist; en ef einhver talaði um að hann tryði því, að Guð hefði fyrirgefið honum og elskaði hann, en hugarfar sjálfs hans væri kærleikssnautt, þá væri það einungis leikaraskapur.

[79]

Ef einhver, sem telur sig þjóna Guði, gjörir bróður sínum rangt til eða vinnur honum mein, þá gefur hann hlutaðeiganda ranga hugmynd um lunderni Guðs og verður að kannast við yfirsjón sína; hann verður að kannast við hana sem synd, til þess að geta verið í samræmi við Guð. Bróðir vor kann að hafa gjört oss meira rangt til en vjer honum; en þetta gjörir ekki vora ábyrgð minni. Ef vjer, þegar vjer komum fram fyrir Guð, minnumst þess, að einhver hefir eitthvað á móti oss, þá verðum vjer að skilja gáfuna — hvort sem það er bæn, þakkargjörð eða sjálfsviljafórn — eftir, og fara til bróður vors, sem vjer erum ósáttir við, og í auðmýkt játa synd vora og biðja fyrirgefningar.

Ef vjer höfum á einhvern hátt haft af bróður vorum eða svikið hann, eigum vjer að greiða honum bætur fyrir það. Ef vjer höfum óafvitandi borið falskan vitnisburð, ef vjer höfum haft orð hans rangt eftir, eða spilt áhrifum hans, þá ber oss að fara til þess, er vjer höfum talað um hann við, og taka aftur alt ranghermi vort.

Ef missætti bræðra á meðal væri ekki gjört heyrum kunnugt, en þeir töluðu um málið sín á milli í fullri einlægni og hreinskilni og með kristilegum kærleika, hve miklu illu mundi þá verða afstýrt! Hversu mörg beisk rót er saugar aðra. Þá mundi verða að engu, og hve innilega Guðs börn mundu þá verða sameinuð í kærleika hans!

**“Hver sem lítur á konu með girndarhug, hefir þegar drýgt hór með henni í hjarta sínu.”**

Gyðingar stærðu sig af siðgæði sínu og þeim stóð stuggur af hinum ýmsu siðum heiðingjanna og marg- víslega munaðarlífi. Hinir rómversku embættismenn, sem rómverska stjórnin hafði sent til Gyðingalands, voru sífellt hneyksli fyrir þjóðina; því að þessir útlendingar fluttu með sjer margar heiðinglegar venjur með svalli og ólifnaði. Í Kapernaum voru rómverskir embættismenn á ferð um stræti og vegi með hinar kátu hjákonur sínar, og oft var þögnin, er ríkti á sjónum, rofin með söng og háreisti, þegar skemtibátarnir runnu eftir spegilsljettum haffletinum. Fólkið vænti þess að heyra Jesúm tala strong fyrirdæmingarorð yfir þessari stjett manna; en mikil varð undrun þess, þegar það í þess stað heyrði hann tala orð, er flettum ofan af hinu illa í þess eigin hjörtum.

[80]

Jesús segir, að hversu leynileg sem girndin eða óhreinir hugsanir sjeu, þá sýni það, að syndin ríki enn í hjartanu. Sálin er áfram í beiskju-galli og böndum óguðleikans. Sá, sem leyfir óhreinleikanum inngöngu í hjartað, dvelur við vondar hugsanir og horfir girndaraugum, getur í hinni opinberu synd, með allri hennar smán og beiskju, sjeð veruleika þess vonda, sem hann hefir leynt í instu fylgsnum hjarta síns. Það er ekki á sjálfri freistingarstundinni, þegar vera má að maður drýgi stórsynd, sem hið illa, er kemur í ljós, verður til; freistingin þroskar eða birtir einungis það, sem er eins og falinn eldur í hjartanu. Eins og maðurinn “hugsar í hjarta sínu, þannig er hann”, því að “þar eru uppsprettur lífsins”. Orðskv. 23, 7; 4, 23.

**“Ef hægra auga þitt hneykslar þig, þá ríf það út og kasta því frá þjer.”**

Til þess að fyrirbyggja að sjúkdómur breiðist út og valdi dauða, vill maður jafnvel vinna það til að missa hægri höndina. Og því fremur ætti maður að vera fús að sleppa öllu því, er stofnar lífi sálarinnar í voða.

[81]

Fyrir fagnaðarerindið eiga sálir, sem eru soknar í synd og eru þrælar Satans, að frelsast, til að geta fengið hlutdeild í hinu dýrðlega frelsi Guðs barna. Áform Guðs er ekki einungis það, að frelsa frá þeim þjáningum, sem eru óhjákvæmilegar afleiðingar syndarinnar,

heldur að frelsa frá syndinni sjálfri. Hin óhreina, spilta sál verður að hreinsast og umbreytast, til þess að hún geti notið “hylli Drottins Guðs vors”, og líkst “mynd sonar hans”. “Það sem auga sá ekki og eyra heyrði ekki, og ekki kom upp í huga nokkurs manns, alt það sem hann fyrirbjó þeim, er hann elska”. 1. Kor. 2, 9.

Eilífðin ein getur opinbert gjört það dýrðlega takmark, sem maður, endurskapaður eftir Guðs mynd, getur náð.

Til þess að þessar háleitu hugsjónir geti ræst, verðum vjer að afsala oss öllu því, sem er sálinni til ásteitingar. Það er með samþykki viljans, að syndin heldur oss föstum tókum. Þessu, að láta af sínum eigin vilja, er líkt við það að rífa augað út eða sníða höndina af. Að beygja vorn vilja undir Guðs vilja, er í vorum augum oft sama sem að lifa lífinu sem örkumlamaður. En Kristur segir, að það sje betra að viljinn og tilfinningarnar hljóti örkuml, ef það mætti verða til þess að maður geti inn gengið til lífsins. Það sem maður álitur óhamingju, er oft hinn mesti ávinningur.

Guð er uppspretta lífsins, og vjer getum einungis haft lífið, ef vjer erum honum sameinaðir. Aðskildir frá Guði getum vjer að vísu notið skammvinnrar tilveru, en lífið höfum vjer ekki. Sá sem lifir eftir fýsnum sínum, “er lifandi dauður”. 1. Tím. 5. 6. Það er einungis þegar vjer felum Guði vilja vorn, að honum er mögulegt að veita oss líf. Það er einungis á þann hátt, að meðtaka líf Guðs með því að koma til mín, sagði Jesús, að mögulegt er að sigra þessar syndir, sem [82] jeg hefi bent á. Verið getur að yður takist að leyna þeim í hjörtum yðar og hylja þær fyrir mönnum, en hvernig ætlið þjer að standast fyrir augliti Guðs?

Ef þú heldur fast við þinn vilja og beygir hann ekki undir Guðs vilja, þá kýst þú dauðann. Guð er eyðandi eldur fyrir syndina, hvar svo sem hún finst. Ef þú kýst syndina og ert ófús að losa þig við hana, þá verður návist Guðs, sem eyðir syndinni, einnig að eyða þjer.

Það þarf sjálfsafneitun til að hlýðnast Guðs vilja, en það er að sleppa því, sem er lítils virði, til að höndla það. sem er mikils virði: láta hið tímanlega fyrir hið andlega. hið forgengilega fyrir hið óforgengilega. Það er ekki tilgangur Guðs að svifta oss vilja vorum, því að það er einungis með því að beita viljanum, að vjer getum framkvæmt það, sem hann óskar af oss. Vjer eigum að fela honum vilja vorn, svo að vjer getum fengið hann aftur hreinsaðan og göfgaðan þannig að vjer viljum það sama og hann vill og sjeum honum svo

sameinaðir að hann geti látið kærleika sinn og mátt streyma um oss. Hversu þungt og sárt sem það kann að falla hinu eigingjarna, þrjúskufulla hjarta, að beygja sig, þá er það þó “gagnlegt”.

Það var fyrst þegar Jakob fjell ósjálfbjarga og lamaður í arma engilsins, að honum hlotnaðist trúarsigurinn og hann var kallaður Guðs höfðingi. Það var þegar hann var orðinn “haltur í mjöðminni”, að hinn vopnaði her Esáú varð stöðvaður, og Faraó, hinn dramb sami konungur beygði sig niður til að meðtaka blessun hans. Þannig varð einnig “höfundur hjálpræðis vors” fullkominn gjörður “með þjáningum”, og börn trúarinnar “urðu styrk, þótt áður væru þau veik”, og “stöktu fylkingum óvina á flótta”. Þannig geta og “hinir höltu rænt” og hinir máttfögnu orðið eins “og Davíð og Davíðs hús . . . eins og engill Drottins”. Hebr. 2, 10; Hebr. 11, 34.

[83]

### “Er mannum leyfilegt að skilja við konu sína?”

Hjá Gyðingum var mannum leyfilegt að skilja við konu sína fyrir hversu litla sök sem var, og konunni var þá heimilt að gifta sig aftur. Þessi siður leiddi af sjer margvíslega eynd og synd. Í fjallræðunni sýnir Jesús greinilega fram á það, að njúskaparbandið getur ekki orðið leyst nema að hjúskaparbrot hafi verið framið. “Hver”, segir hann, “sem skilur við konu sína, nema fyrir hór sök, verður þess valdandi, að hún drýgir hór; og hver sem gengur að eiga fráskilda konu, drýgir hór”.

Þegar Farísearnir seinna lögðu fyrir hann spurningu viðvíkjandi lögmæti hjónaskilnaðarins, benti Jesús þeim aftur í tímann — benti þeim á hjónabandið eins og það var stofnsett við sköpunina. “Vegna hjartaharðúðar yðar”, sagði hann, “leyfði Móse yður að skilja við konu yðar”. “En frá upphafi hefir þetta eigi verið þannig”. Matt. 19, 3. 8. Hann benti tilheyrendum sínum á hina sæluríku tíma í Eden, þegar Guð sagði að alt væri “harla gott”. 1. Mós. 2, 24. Þar átti hjónabandið og hvíldardagurinn uppruna sinn, þessar tvær náskyldu fyrirskipanir Guði til dýrðar og mönnum til heilla. Þegar Guð sameinaði þessar tvær heilögu manneskjur með hjónabandinu og sagði: “Þess vegna skal maður yfirgefa föður sinn og móður sína, og búa við eiginkonu sína, svo að þau verði eitt hold”, þá kunngjörði hann hjúskapar-lögin fyrir alla afkomendur Adams alt til endalokanna. Það sem hinn eilífi

Faðir hafði sjálfur sagt gott, það voru login fyrir hinni mikilvægustu blessun mannanna og þroskun og þróun mannkynsins.

[84] Eins og allar aðrar góðar gjafir Guðs, er manningnum var trúað fyrir, er og hjúskapurinn spiltur af syndinni; en það er takmark fagn- aðarerindisins að hefja að nýju hreinleik hans og fegurð. Bæði í Nýjaog Gamla- testamentinu er þetta samband milli manns og konu notað til þess að sýna hið innilega og heilaga samband milli Krists og hans folks, hinna endurleystu, sem hann hefir greitt lausnargjaldið fyrir á Golgata-krossi. “Óttast eigi”, segir hann, “því að hann, sem skóp þig, er eiginmaður þinn; Drottinn hersveitanna er nafn hans; og hinn heilagi í Ísrael er frelsari þinn”. Jes. 54, 4. 5. “Hverfið aftur, þjer fráhorfnu synir — segir Drottinn —, því að jeg er herra yðar”. Jer. 3, 14. Í Lofkvæðinu heyrum vjer rödd brúðurinnar, er segir: “Unnusti minn er minn, og jeg er hans”. Og hann sem í hennar augum “ber af tíu þúsundum”, segir við sína útvöldu brúði: “Öll ertu fögur, vina mín, og á þjer eru engin lýti”. Lofkv. 2, 16; 5, 10; 4, 7.

Seinna á tímum skrifar Páll postuli til hinna kristnu í Efesus, að Guð hafi sett manningnum til að vera höfuð konunnar, verndari hennar, það heimilis-band, er bindur meðlimi fjölskyldunnar saman eins og Kristur er höfuð safnaðarins, frelsari hins andlega líkama. Því segir hann: “En eins og söfnuðurinn er undirgefinn Kristi, þannig sjeu og konurnar mönnum sínum í öllu. Þjer menn, elskið konur yðar að sínu leyti eins og Kristur elskaði söfnuðinn og lagði sjálfan sig í sölnurnar fyrir hann, til þess fyrir vatnslaugina í orðinu að hreinsa hann og helga hann síðan, til þess sjálfur að framleiða handa sjer dýrlegan söfnuð, sem ekki hefði blett nje hrukku eða neitt þess háttar, heldur væri heilagur og lýtalaus. Svo skulu þá eiginmennirnir elska konur sínar”. Ef. 5, 24—28.

[85] Ekkert nema náð Krists getur gjört þessa stofnun að því, sem Guð ætlaðist til að hún væri — blessun og göfgun fyrir mennina. Og þannig geta fjölskyldurnar hjer á jörðunni með einingu sinni, friði og kærleika verið ímynd hinnar himnesku fjölskyldu.

Nú, eins og á Krists dögum, er ástandið í mannfjelaginu hryggileg skrípamynd af hugsjónum Guðs viðvíkjandi hinu heilaga hjónabandi. En gleðiboðskapur Krists hefir að geyma huggun einnig fyrir þá, er hafa orðið fyrir vonbrigðum og raunum þar sem þeir höfðu vænst gleði og ánægjulegrar sambúðar. Þolinmæðin og hógværðin, sem andi hans veitir, sykrar hið beiska hlutskifti. Það hjarta sem



Kristur býr í, mun vera svo fult af hans kærleika, að það vanmegnast ekki af þrá eftir annara samúð og umhyggju; og þegar sálin er falin í Guðs hendur, getur viska hans komið því til vegar, sem mannlegur vísdomur megnar ekki að koma til vegar. Fyrir hans náð geta hjörtu, milli hverra áður var kuldalegt eða holdlegt samband, orðið sameinuð með því bandi, sem er sterkara og haldbetra en nokkurt jarðneskt band, sem sje hinu gullna kærleiksbandi, er mun þola að á það sje reynt.

### “Djer eigið alls ekki að sverja.”

Ástæðan fyrir þessari skipun er tilnefnd: “Vjer meguum ekki sverja við himininn, því að hann er háseti Guðs, nje við jörðina, því að hún er skör fóta hans, ekki heldur við Jerúsalem, því að hún er borg hins mikla konungs; ekki mátt þú heldur sverja við höfuð þitt, því að þú getur ekki gjört eitt hár hvítt eða svart”.

Allir hlutir koma frá Guði. Vjer höfum ekkert, er vjer höfum ekki þegið, já, það sem meira er: vjer höfum ekkert, sem ekki hefir verið keypt handa oss með blóði Krists. Alt sem vjer eigum og höfum kemur til vor stimplað með merki krossins, keypt með því blóði, hvers verðmæti yfirgnæfir allan skilning, vegna þess að það var Guðs líf. Þess vegna er ekkert það til, er oss sje heimilt að leggja fram sem tryggingu þess að óhætt sje að reiða sig á orð vor. [86]

Gyðingar skoðuðu þriðja boðorðið sem bann við því að leggja nafn Guðs við hjejóma; en þeir hjeldu að þeim væri leyfilegt að sverja á annan hátt. Það var alment hjá þeim að vinna eið. Fyrir munn Móse hafði þeim verið bannað að sverja rangan eið; en þeir fóru margvíslega í kring um þessa skyldu, sem eiðnum fylgdi. [87]

Þeir voru ekki hræddir við að gjöra sig seka í því, sem í raun og veru var svardagi, og eigi stóð þeim heldur neinn stuggur af meinsæri ef einungis var unt að hylja það með því að fara í kring um lögin.

Jesús fyrirdæmði breytni þeirra og sagði, að aðferð þeirra við að sverja væri brot á boðorðum Guðs. Frelsari vor bannaði þó ekki að nota eiðinn fyrir rjetti, þegar Guð er hátíðlega kallaður til vitnis um að það sem sagt er, sje sannleikur og einungis sannleikur. Sjálfur Jesús neitaði ekki að bera vitnisburð þar sem eiður var við hafður, þegar hann stóð frammi fyrir ráðinu. Æðsti presturinn sagði við hann: “Jeg særi þig við Guð hinn lifanda, að þú segir oss hvort þú ert Kristur,

Guðs sonurinn. Jesús segir við hann: þú sagðir það”. Matt. 26, 63, 64. Ef Kristur hefði í fjallræðunni fyrirðæmt það að sverja löglegan eið, þá mundi hann hafa ávítað æðsta prestinn í rjettarsalnum, og þannig — til lærdóms fyrir aðra — staðfest kenning sína.

Þeir menn eru margir, sem ekki hika við að blekkja aðra; en þeim hefir verið sagt frá því og Guðs andi hefir ritað það í hugskot þeirra, að það er óttalegt að ljúga frammi fyrir skaparanum. Þegar þeir eru látnir vinna eið, finna þeir að það er ekki fyrir mönnunum einum sern þeir vitna, heldur fyrir Guði, ef þeir vinna rangan eið, þá gjöra þeir það frammi fyrir honum, sem rannsakar og þekkir hjörtun, og sem veit nákvæmlega hvað satt er. Þekkingin á hinum hræðilegu refsíðómum, sem þessi synd leiddi af sjer, hefir aftrandi áhrif á þá.

[88] En ef nokkur sá er til, sem með rjettu getur borið vitnisburð með eiði, þá er það hinn kristni. Hann finnur að hann er stöðugt í návist Guðs og veit, að auga hans sjer hverja einustu hugsun hjartans; og þegar þess er krafist af honum á lagalegan hátt, þá er það rjett af honum að kalla Guð til vitnis um, að það sem hann segir, sje hreinn sannleikur.

Jesús fer lengra í þessu efni og heldur fram reglu, er mundi gjöra eiðinn óþarfan. Hann kennir að lögmál “ræðu”, vorrar ætti að vera það, að tala ætíð hreinan sannleika. “En ræða yðar skal vera: já, já; nei, nei, en það sem er umfram þetta það kemur frá hinum vonða”.

Þetta fyrirðæmir alt hið heimskulega orðagjálfur og áhersluorð, sem ganga guðlasti næst. Það fyrirðæmir öll yfirskeyns-fagurmæli, þá venju að fara í kringum sannleikann, þau skjallyrði, ýkjur og öfgar og þá blekkjandi framkomu, sem er svo almenn í samkvæmisog viðskiftalífínu.

Þessi orð Jesú kenna, að enginn, sem leitast við að sýnast annað en hann er, eða sem lætur annað í ljós með orðum sínum, heldur en hjartans meining hans er, getur kallast sannorður.

Ef þessi orð Krists væru tekin til eftirbreytni, þá mundu þau girða fyrir alt tortryggital og allar óvildarlegar aðfinslur; því að hver getur verið viss um að hann tali hreinan sannleikann, þegar hann talar um breytni annara og tilgang þeirra? Hversu oft kemur það ekki fyrir, að dramb, ástríður, eða persónulegur kali, er maður ber til annara, á drjúgan þátt í því hvernig þeir eru í vorum augum! Augnatillit, eitt orð eða jafnvel hreimur eða áhersla orðanna, getur haft að geyma fals. Það er jafnvel mögulegt að tala einungis sannleika, segja rjett

frá sannreyndum, — og gjöra það þó á þann hátt, að það hljóti að vekja misstilning þess er á hlustar. “Alt, sem er um fram þetta, það er frá hinum vonða”.

[89]

Alt sem kristinn maður gjörir, á að vera gagnsætt eins og sól-arljósið. Sannleikurinn er frá Guði; blekkingar og svik í hinum óteljandi myndum, eru frá Satan, og sjerhver, sem á nokkurn hátt víkur frá hreinum og beinum sannleikanum, svíkur sjálfan sig og selur sig hinum vonða á vald. En það er ekki auðvelt að tala hreinan sannleika. Vjer getum ekki talað sannleika nema vjer þekkjum og vitum hvað sannleikur er. Kemur það ekki oft fyrir, að hleypidóm- ar, röng ímyndun, vöntun á þekkingu eða skökk eftirtekt hindrar rjettan skilning á þeim málefnum, sem vjer erum við riðnir! Maður getur ekki talað sannleika nema því aðeins að huganum sje stöðugt stjórnað af honum, sem er sannleikurinn.

Kristur býður oss fyrir munn Páls postula: “Ræða yðar sje ætíð ljúfleg”. Kól. 4, 6. “Látið ekkert svívirðilegt orð líða yður af munn, heldur það eitt, sem er gott til uppbyggingar, þar sem þörf gjörist, til þess að það flytji náð þeim, sem heyra”. Ef. 4, 29.

Í ljósi þessara ritningargreina munum vjer sjá, að orð Krists á fjallinu fyrirdæma ljettúðartal marklaus orð og alt óhreinlífishjal. Þau gjöra kröfur til þess, að að orð vor sjeu ekki einungis sönn, heldur einnig hrein.

Þeir sem hafa lært af Kristi, munu engan hlut eiga í “verkum myrkursins”. Ef. 5, 11. Í tali jafnt og breytni eru þeir hreinir og beinir, hispurslausir og sannir; því að þeir eru að búa sig undir samfjelaði við hina heilögu, í hverra munn ekki verða “svik fundin”. Op. 14, 5.

**“Djer skuluð ekki rísa gegn meingjörðamanninum, en slái einhver þig á hægri kinn þína, þá snú þú einnig hinni að honum.”**

Um gengnin við hina rómversku hermenn, var Gyðingum sífellt gremjuefni. Herdeildum var skipað niður á ýmsum stöðum í Júdeu og Galíleu, og návist þeirra minti Gyðinga stöðugt á niðurlægingu þjóðar þeirra. Þeir heyrðu lúðraþytinn og sáu herinn safnast saman undir hinum rómverska fána og hylla þetta merki um vald ríkisins. Fólkið og hermennirnir áttu oft í illdeilum og þetta jók hatur þjóðarinnar. Þegar rómverskir herforingjar fóru með liðssveitir sínar

[90]

frá einum stað til annars, kom það oft fyrir, að þeir lögðu hendur á bændurna, sem voru við vinnu sína á akrinum, og neyddu þá til að bera byrðar upp fjöllin, eða til að inna af hendi sjerhverja aðra þjónustu sem krafist var. Þetta var samkvæmt rómverskum lögum og siðvenjum, og mótspyrna gegn slíku, hafði einungis í för með sjer grimdarlega meðferð.

Þráin eftir að geta varpað af sjer hinu rómverska oki, varð sterkari og sterkari með degi hverjum hjá þjóðinni. Uppreistarandinn var einkum mjög mikill hjá hinum hraustu og djörfu Galíleum. í Kapernaum. sem var hafnarbær, var rómverskt setulið, og meðan Jesús var að kenna, sáu tilheyrendur hans til hermanna-veita, og hugsuðu þeir þá með beiskju um smán Israels. Fólkið horfði með eftirvæntingu til Jesú og vonaði að það væri hann, sem lægja skyldi dramb Rómaveldis.

Jesús virðir fyrir sjer með hrygð andlitin, sem snúa sjer til hans. Hann sjer að hefnigirnin hefir sett hið ljóta auðkenni sitt á þau, og hann veit hversu fólkið þráir að fá vald til að sundurmola kúgara sína. Það er hrygð í huga hans þegar hann segir við það: “Þjer skuluð ekki rísa gegn meingjörðamanninum; en slái einhver þig á hægri kinn þína, þá snú þú einnig hinni að honum”.

[91] Þessi orð voru einungis kenning Gamla-testamentisins endurtekin. Að vísu er það satt, að reglan “auga fyrir auga, tönn fyrir tönn” fanst í þeim lögum, sem voru gefin fyrir Móse; en þetta var borgaralegt boð. Engum var leyfilegt að hefna sín sjálfur, því að þeir höfðu orð Drottins er segir: “Seg þú ekki: Jeg vil endurgjalda ilt!” “Seg þú ekki: Eins og hann gjörði mjer, eins ætla jeg honum að gjöra”. “Gleð þig ekki yfir falli óvinnar þíns og hjarta þitt fagni eigi yfir því að hann steypist”. “Ef óvin þinn hungur, þá gef honum að eta, og ef hann þyrstir, þá gef honum að drekka”. 3. Mós. 24, 20. Orðskv. 20, 22; 24, 29. 17; 25, 21. 22.

Alt líf Jesú hjer á jörðunni sýndi þessa meginreglu. Frelsari vor yfirgaf hið himneska heimkynni sitt til þess að veita óvinum sínum brauð lífsins. Enda þótt hann yrði fyrir ofsóknum og rógburði frá jötunni til grafarinnar, kom það honum aldrei til annars en að sýna kærleika og löngun til að fyrirgefa. Hann segir fyrir munn spámannsins Jesaja: “Jeg bauð bak mitt þeim, sem börðu mig og kinnar mínar þeim, sem reittu mig; jeg byrgði eigi ásjónu mína fyrir háðungum og hrákum”. Jes. 50, 6. “Hann var hrjáður, en hann

lítillætti sig og lauk eigi upp munni sínum, eins og lamb, sem leitt er til slátrunar, og eins og sauður þegir fyrir þeim, er klippa hann; harm lauk eigi upp munni sínum”. Jes. 53, 7. Og frá krossinum á Golgata hljómar á öllum tímum bæn hans fyrir morðingjum sínum og vonar-boðskapurinn til hins deyjandi ræningja.

Faðirinn umkringdi Krist með návist sinni, og ekkert mætti honum annað en það, sem hinn eilífi kærleikur leyfði að kæmi fram við hann heiminum til blessunar. Þetta var uppspretta huggunar hans, og hið sama er cinnig huggun vor. Sá sem hefir anda Krists, verður í Kristi, og það högg, sem reitt er að slíkum, lendir á Frelsaranum, sem er hjá honum. Alt sem mætir honum kemur frá Kristi. Hann þarf þess ekki með, að rísa gegn meingjörðamanninum; því að Kristur er vörn hans. Ekkert getur snert hann án leyfis Drottins vors; og “alt”, sem leyft er, “verður þeim til góðs, sem Guð elska”. Róm. 8, 28. “Hvað þjer gjörðuð við einn af þessum minstu bræðrum mínum, það hafið þjer gjört mjer”. Matt. 25, 40. “Og við þann sem vill lögsækja þig og taka kirtil þinn, slepp og við hann yfirhöfninni. Og neyði einhver þig með sjer eina mílu, þá far með honum tvær”.

[92]

[93]

Jesús bauð lærisveinum sínum, að í stað þess að rísa gegn kröfum yfirvaldanna, skyldu þeir jafnvel gjöra meira en krafist var af þeim. Og þeir skyldu, að svo miklu leyti sem unt var, inna af hendi sjerhverja skyldu, enda þótt hún væri utan takmarka þess, sem lögin ákváðu. Það lögmál, sem var gefið fyrir Móse, bauð miklu meiri nákvæmni við fátæklingana. Þegar fátækur maður ljét yfirhöfn sína að veði fyrir skuld, mátti lánsalinn ekki fara inn í húsið til að taka það af honum; heldur átti hann að bíða fyrir utan þangað til honum var fært veðið út; og hvernig sem á stóð skyldi eigandanum skilað veðinu aftur um kvöldið. Mós. 24, 10—13. Á dögum Krists var mjög lítið tillit tekið til þessara kærleiksríku ráðstafana; en Jesús kendi lærisveinum sínum að vera ákvörðunum dómstólanna undirgefnir, enda þótt þeir krefðust meira en rjettmætt var samkvæmt Móse-lögumum. Jafnvel þótt krafist væri nokkurs hluta af klæðum þeirra, áttu þeir að láta það af hendi; já, meira en þetta: Þeir áttu að láta lánsalann fá það sem honum bar, og ef nauðsynlegt væri, þá skyldu þeir jafnvel láta hann hafa meira en dómstólarnir veittu honum leyfi til að taka. “Vilji einhver lögsækja þig”, sagði hann, “og taka kirtil þinn, slepp og við hann yfirhöfninni. Og neyði einhver þig með sjer eina mílu, þá far með honum tvær”.

[94]

Jesús bætti við: “Gef þeim sem biður þig, og snú ekki bakinu við þeim, sem vill fá lán hjá þjer”. Þetta sama var kent fyrir munn Móse: “Ef með þjer er fátækur maður, einhver af bræðrum þínum, í einhverri af borgum þínum í landi þínu, því er Drottinn Guð þinn gefur þjer, þá skalt þú ekki herða hjarta þitt, og eigi afturlykja hendi þinni fyrir fátækum bróður þínum, heldur skalt þú ljúka upp hendi þinni fyrir honum og lána honum fúslega það, er nægi til að bæta úr skorti hans”. 5. Mós. 15, 7. 8. Þessar ritningargreinar sýna þýðingu orða Frelsarans. Kristur kendi ekki að maður skyldi undantekningarlaust gefa sjerhverjum, sem biðst ölmusu, en hann segir: “Þú skalt lána honum það, er nægi til að bæta úr skorti hans”, og þetta verður að vera meira sem gjöf, heldur en lán; því að vjer eigum að lána, “án þess að vænta nokkurs í staðinn”. Lúk.6,35.

### “Elskið óvini yðar.”

Kenning Frelsarans: “Þjer skuluð ekki rísa gegn meingjörðamanninum”, var hörð ræða fyrir hina hefnigjörnu Gyðinga, og þeir mögluðu yfir henni innbyrðis.

En nú kom Jesús með enn strangari ummæli:

“Þjer hafið heyrt að sagt var: Þú skalt elska náunga þinn og hata óvin þinn. En jeg segi yður: Elskið óvini yðar og biðjið fyrir þeim sem ofsækja yður, til þess að þjer sjeuð synir föður yðar, sem er á himnum”. Þannig var andinn í þeim lögum, sem lærifeðurnir höfðu rangfært svo að þeir gjörðu þau að köldum og ströngum ákvæðum. Þeir álitu sjálfa sig betri en aðra menn, og þeir hjeldu, að vegna þess að þeir væru fæddir Ísraelsmenn, ættu þeir heimtingu á sjerstakri velþóknun Guðs; en Jesús benti þeim á kær- leiksríkt hjarta sem fúst er til að fyrirgefa, og skyldi það sýna að þeir stjórnust af æðri hvötum en tollheimtumennirnir og syndararnir sem þeir fyrirlitu.

[95]

Hann benti tilheyrendum sínum á stjórnánda alheimsins undir hinu nýja nafni “faðir vor”. Hann vildi að þeir skyldu skilja hversu innilega Guð elskaði þá; hann kendi að Guð bæri umhyggju fyrir sjerhverri týndri sál, og að “eins og faðirinn sýnir miskunn börnum sínum, eins sýnir Drottinn miskunn þeim, er óttast hann”. Sál. 103, 13. Engin trúarbrögð nema trúarbrögð Biblíunnar, hafa nokkru sinni haldið fram slíkum hugmyndum um Guð. Heiðindómurinn kennir mönnunum að skoða hina æðstu veru eins og eitthvað sem

þeir eiga að vera hræddir við, í stað þess að elska — skoða hann sem illviljaðan Guð, hvers reiði verður að sefa með fórnunum, en ekki sem föður, er úthellir kærleiksgjöfum sínum yfir börn sín. Jafnvel Ísrael var orðinn svo blindur gagnvart hinum dýrlegu kenningum spámannanna um Guð, að þessi opinberun föðurelsku hans var eins og nýtt efni, ný gjöf heiminum til handa.

Gyðingarnir hjeldu því fram, að Guð elskaði þá, sem þjóna honum — samkvæmt þeirra áliti þá, sem uppfyltu kröfur lærifeðranna — en allur hinn hluti mannkynsins væri undir reiði hans og bölvun. En Jesús kendi að þessu væri ekki þannig varið, hann kendi, að allir, bæði vondir og góðir væru umluktir kærleiksgeislum hans. Þennan sannleika hefðu þeir átt að geta lært af náttúrunni; því að Guð “lætur sína sól renna upp yfir vonda og góða, rigna yfir rjettláta og rangláta”. Það er ekki fyrir kraft er sje í jörðunni sjálfri. að hún framleiðir ár eftir ár auðæfi sín og heldur áfram göngu sinni kring um sólina. Guð stjórnar himinhnöttunum og heldur þeim í hinu rjetta horfi á hinni ákveðnu braut þeirra um himingeiminn. Það er fyrir mátt hans að sumar og vetur, sáning og uppskera, dagur og nótt fylgir föstum reglum. Það er fyrir mátt hans að grös og jurtir vaxa, að trjen skjóta út frjóvöngum og blómjurtir bera blóm. Alt hið góða, sem oss fellur í skaut, sjerhver sólargeisli, sjerhver regnskúr, sjerhver brauðbiti, sjerhvert augnablik tímans, er kærleiksgjöf.

[96]

Meðan vjer enn höfðum óástúðlegt og óhæfilegt lunderni, vorum “andstyggilegir, hatandi hver annan”, hafði vor himnesi Faðir meðaumkun með oss. “En er gæska Guðs Frelsara vors og mannelska birtist, þá frelsaði hann oss; ekki vegna rjettlætisverkanna, sem vjer höfðum unnið, heldur samkvæmt miskunn sinni”. Tít. 3, 3—5. Ef vjer veitum kærleika hans viðtöku, þá mun hann gjöra oss vingjarnlega og milda, ekki einungis við þá, sem eru oss geðfeldir, heldur og við hina breisku, hina villuráfandi og stórsyndara.

Guðs börn eru þeir, sem eru hluttakandi í eðli hans. Það er ekki veraldleg tign eða jarðnesk ættgöfgi, þjóðerni eða trúarbragðalegir yfirburðir, sem sýna það, hvort vjer erum meðlimir hinnar himnesku fjölskyldu. Skírteinið er kærleikur — kærleikur, sem nær til alls mannkynsins. Jafnvel syndarar láta góðvild annara manna hafa áhrif á sig, svo framarlega sem hjarta þeirra er ekki harðlokað fyrir áhrifum Guðs anda. Á meðan þeir gjalda ef til vill hatur með hatri, munu þeir einnig gjalda kærleika með kærleika. En það er einungis Guðs andi,

[97] sem launar hatur með kærleika. Að auðsýna góðvild hinum vondu og vanþakklátu, að gjöra gott án þess að vænta nokkurs í staðinn: þetta er hið himneska konungsmerki, hið áreiðanlegasta auðkenni, sem börn hins Hæsta opinbera hina miklu tign sína með.

**“Verið því fullkomnir, eins og yðar himneski faðir er fullkominn.”**

Orðið “því” bendir til ályktunar, sem dregin er af því, sem búið er að tala um. Jesús hefir einmitt verið að tala við tilheyrendur sína um hina óbrigðulu miskunn og kærleika Guðs og býður þeim því að vera fullkomnir. Vegna þess að yðar himneski Faðir er “miskunnsamur við vanþakkláta og vonda” (Lúk. 6, 35.), og vegna þess, að hann hefir sýnt það lítillæti að lyfta yður upp — vegna þess, sagði Jesús, getið þjer orðið líkir honum í lunderni og staðið óaðfinnanlegir frammi fyrir augliti manna og engla.

Skilyrðin fyrir eilífu lífi, undir nýja sáttmálanum. sáttmála náðarinnar, eru alveg þau sömu og þau voru í Eden: fullkomið rjettlæti og samræmi við Guð, að vera fullkomlega samkvæmur meginreglum Guðs laga. Sá lundernis-mælikvarði, sem sýndur er í Gamla-testamentinu, er sá sami og Nýja-testamentið sýnir. Sjálfir getum vjer aldrei náð þessu takmarki. Í sjerhverju boði eða sjerhverri áminningu, sem Guð gefur, er mjög ákveðið loforð eða fyrirheit, sem liggur til grundvallar skipuninni. Guð hefir hagað því svo til, að vjer getum orðið honum líkir, og hann mun framkvæma þetta fyrir sjerhvern, sem ekki gjörir náð hans að engu með því, að rísa gegn framkvæmdum hans, með spiltum vilja.

[98] Guð hefir elskað oss með ólýsanlegum kærleika, og kærleikur vor til hans vaknar, þegar vjer förum að skilja lítið eitt af lengd, breidd og dýpt þessa kærleika, sem yfirgnæfir þekkinguna. Þegar vjer lærum að skilja og þekkja hið aðlaðandi og elskuverða lunderni Krists, og þegar augu vor opnast fyrir kærleikanum, sem hann auðsýndi oss, meðan vjer enn vorum í syndum vorum, klökknar og mýkist hið [99] harða og þverúðarfulla hjarta, og syndarinn umbreytist og verður að Guðs barni. Guð notar ekki þvingunaraðferðir; kærleikur Krists er það hjálparmeðal, sem hann notar til þess að útrýma syndinni úr hjartanu. Með honum breytir hann drambsemi í hógværð, fjandskap í kærleika og trú.



Gyðingar höfðu erfíðað mikið fyrir því, að ná fullkomleika fyrir eigin tilverksnað; en þeim tókst það ekki. Kristur hafði þegar sagt þeim, að rjettlæti þeirra mundi alls ekki verða tekið gilt í ríki himnanna. Nú sýnir hann þeim fram á það rjettlæti, sem allir, er komast inn í himnaríki munu hafa. Í fjallræðunni lýsir hann ávöxtum þess, og nú leggur hann áherslu á uppsprettu þess og eðli og dregur þetta saman í þessum orðum: Verið fullkomnir, eins og Guð er fullkominn. Lögmál Guðs er eftirrit af lunderni Guðs. Í yðar himneska Föður getið þjer fullkomlega sjeð birtast þær meginreglur, sem eru grundvöllur ríkis hans. Guð er kærleikur. Eins og sólin úthellir geislum sínum, þannig úthellir Guð kærleika sínum, ljósi og gleði yfir alt, sem hann hefir skapað. Það er eðli hans að veita. Sjálft líf hans er straumur óeigingjarns kærleika.

Hann býður oss að vera fullkomnir eins og hann er — á sama hátt. Vjer eigum að vera uppspretta ljóss og blessunar í vorum litla verkahring, eins og hann er það fyrir alheiminn.. Vjer höfum ekkert af sjálfum oss; en ljós kærleika hans skín á oss og vjer eigum að endurkasta ljóma þess. Í gæsku þeirri og góðvild, sem vjer fáum að láni hjá honum, getum vjer verið fullkomnir á voru sviði, eins og Guð er fullkominn á sínu sviði.

Jesús sagði: Verið fullkomnir eins og faðir yðar er fullkominn. Ef þjer eruð Guðs börn, þá eruð þjer hluthafar í eðli hans og getið ekki annað en líkst honum. Sjerhvert barn lifir af lífi föður síns. Ef þjer eruð börn Guðs, fæddir af Anda hans, þá lifið þjer af lífi Guðs. í Kristi “býr öll fylling guðdómsins líkamlega” (Kól. 2, 9); og líf Jesú verður opinbert í “dauðlegu holdi voru”. 2. Kor. 4, 11. Þetta líf mun koma til vegar í oss sama lunderni og sömu breytni og kom í ljós hjá honum. Þannig munum vjer vera í samræmi við sjerhvert boð í lögmáli hans; því að “lögmál Drottins er lýtalaust, hressir sálina”. Sálm. 19, 8. Fyrir kærleika verður “rjettlætiskröfu lögmálsins fullnægt hjá oss, sem ekki göngum eftir holdinu, heldur eftir Andanum”. Róm. 8, 4.

[100]

[101]

## Capitol 4.—Rjettur tilgangur þjónustu

“Gætið yðar, að fremja ekki rjettlæti yðar fyrir mönnunum, til þess að verða sjeðir af þeim.”

Orð Krists á fjallinu voru yfirlýsing um það, sama, sem hafði verið hin óskráða kenning líferniss hans, en sem fólkið hafði ekki skilið. Þeim var það óskiljanlegt, hvers vegna hann, sem hafði svo mikið vald, notaði það ekki til þess að höndla það, sem að þeirra álitu voru hin æðstu gæði. Sá andi og þær hvatir, sem þeir stjórnuðust af, og þær aðferðir, sem þeir höfðu, var alt gjörólíkt hans. Þótt þeir ljetu það líta svo út, að þeir væru mjög vandlátir hvað áhrærir heiður lögmálsins, þá var það í rauninni tilgangur viðleitni þeirra, að upphefja sjálfa sig; og Kristur vildi gjöra þeim það ljóst, að sá, sem er sjálfsekskufullur, er yfirtroðslumaður lögmálsins.

En þær meginreglur, sem Farísearnir aðhylvast, eru hinar sömu og hafa auðkent mannkynið á öllum tímum. Andi Faríseanna er andi manneðlisins, og eins og Frelsarinn sýndi fram á mismuninn á anda sínum og breytni annars vegar, og anda og breytni lærifeðranna hins vegar, þannig á það og við mennina á öllum tímum.

[102] Á dögum Krists leituðust Farísearnir sífelt við að ávinna sjer velþóknun á himnum, til þess að tryggja sjer með því veraldlegan heiður og velgengni, er þeir töldu vera laun dygðanna. Um leið gjörðu þeir góðverk sín í manna auglýn, til þess að vekja eftirtekt manna á sjer og fá orð á sig fyrir heilagleika.

Jesús ávítaði fyrir þetta að vilja sýnast fyrir mönnum og sagði, að Guð tæki ekki slíka þjónustu gilda. Hann sagði, að hrós og aðdáun fólksins, sem þeir sóttust svo mikið eftir, væru einu launin, sem þeir mundu nokkur tíma fá.

“Þegar þú því gefur ölmusu”, sagði hann, “þá viti vinstri hönd þín ekki hvað hægri hönd þín gjörir, til þess að ölmusa þín sje í leyndum, og faðir þinn, sem sjer í leyndum, mun endurgjalda þjer opinberlega”.

Með þessu kennir Kristur ekki, að góðverkum skuli altaf haldið leyndum. Páll postuli, sem ritaði knúður af Heilögum anda, þagði ekki yfir sjálfsafneitun og velgjörðasemi hinna kristnu í Makedóníu, heldur sagði frá þeirri náð, sem Kristur hafði komið til vegar hjá þeim, og fyrir það fylltust aðrir sama anda. Og í brjefi sínu til safnaðarins í Korintuborg, sagði hann: “Áhugi yðar hefir verið hvöt fyrir fjölda marga”. 2. Kor. 9, 2. Kristur gjörði skiljanlega sjálfa meininguna í orðum sínum: Þegar maður gjörir góðverk, á tilgangurinn ekki að vera sá, að ávinna sjer hrós og heiður manna. Sannur guðsótti er aldrei hvötin hjá þeim, sem vilja sýnast fyrir mönnum. Þeir sem sækjast eftir hrósi og skjallyrðum og taka fegins hendi við þeim, eru kristnir aðeins að nafninu til.

Þeir, sem feta í fótspor Krists, eiga ekki að heiðra sjálfa sig með góðverkum sínum, heldur hann, fyrir hvers náð og kraft þeir hafa gjört hið góða. Sjerhvert góðverk er framkvæmt fyrir aðstoð Heilags anda, og Andinn er ekki gjarn á að gefa viðtakandanum dýrðina, heldur gjafaranum. Þegar ljós Krists skin í sálunni, mun munnurinn vera fullur lofgjörðar og þakklætis til Guðs. Bænir þínar, framkvæmd skylduverk þín, góðgjörðasemi þín og sjálfsafneitun, mun ekki vera umhugsunareða umtalsefni þitt. Jesús mun verða vegsamaður. Maðurinn dregur sjálfan sig í hlje, og Kristur verður sá, sem er alt í öllu.

[103]

Þegar vjer gefum, á það að vera gjört í einlægni, ekki til þess að láta aðra sjá góðverk vor, heldur af meðaumkun og kærleika til þeirra, sem bágt eiga. Hinn hreini tilgangur, sönn góðvild hjartans, er sú hvöt, sem Drottinn hefir mætur á. Sú sál, sem er hræsnislaus í kærleika sínum og heils hugar í auðsveipni sinni, er í Guðs augum dýrmætari en Ófír-gull.

Vjer megum ekki hugsa um endurgjald, heldur um það, að gjöra gott. Samt sem áður munu þau góðverk, sem gjörð eru í hinum rjetta tilgangi, ekki látin ólaunuð. “Faðir þinn, sem sjer í leyndum, mun endurgjalda þjer opinberlega”. Þótt svo sje, að Guð sjálfur er hið mikla endurgjald, sem alt annað er fólgið í, þá getur sálin meðtekið og glaðst í honum, einungis þegar hún er orðin honum lík. Einungis þeir sem líkir eru geta metið hvor annan. Það er þegar vjer gefum Guði sjálfa oss mönnunum til þjónustu, að hann gefur oss sjálfan sig. Enginn getur haft opið hjarta fyrir kærleiksstraumum Guðs, er streyma út til annara án þess að hljóta sjálfur ríkule” laun. Fjalls-

hlíðarnar og sljetturnar, sem láta í tje farveg fyrir vatnsstraumana, sem koma ofan úr fjöllunum og leita til sjávar, líða engan halla við það. Það sem þær leggja af mörkum, fá þær endurgoldið hundraðfalt; því að lækurinn sem heldur suðandi leið sína, skilur eftir gjafir sínar um leið, fólgnar í miklum vexti og frjósemi. Grasið á lækjarbökkunum er grænna, trjen eru laufríkari, og blómaskrúðið meira. Þegar jörðin yfirleitt er sviðin og brún eftir sumarhitann, þá bera árog lækjarbakkarnir mjög af öðrum stöðum, vegna hins græna og ríkulega jurtagróðurs, og sljettlendið, sem opnar skaut sitt og ber vatnsmagnið ofan frá fjöllunum og niður til sjávarins, klæðist ið-grænum fegurðarskrúða. — Þetta er vitnisburður um það endurgjald, sem Guðs náð veitir sjerhverjum, sem vill láta nota sig sem leiðslu, er náð Guðs getur streymt eftir til mannanna.

Þetta er blessunin öllum þeim til handa, sem sýna hinum snauðu miskunnsemi. Jesaja spámaður segir: “Það er, að þú miðlir hinum hungurdu af brauði þínu, hýsir bágstadda, hælislausu menn, — ef þú sjer klæðlausan mann, að þú þá klæðir hann og firrist eigi þann, sem er hold þitt og blóð. Þá skal ljós þitt bruna fram sem morgunroði og sár þitt gróa bráðlega; þá mun rjettlæti þitt fara fyrir þjer, dýrð Drottins fylgja á eftir þjer . . . þá mun Drottinn stöðugt leiða þig og seðja þig, þótt þú sjert staddur á vatnslausum stöðum, og styrkja þín bein, og þá munt þú verða sem vökvaður aldingarður og uppsprettulind, er aldrei þrýtur”. Jes. 58, 7—11.

Góðgjörðasemin verður endurgoldin með tvöfaldri blessun. Sá, sem gefur hinum bágstöddu og verður þannig öðrum til blessunar, verður sjálfur aðnjótandi enn meiri blessunar. Náð Krists í hjartanu þroskar lyndiseinkunn, sem er gagnstæð eigingirni — hugarfar, sem mun hreinsa, göfga og auðga lífið. Góðverk í sjerhverri mynd, sem gjörð eru í kyrpei, munu binda hjörtu saman og draga þau nær hjarta hans, sem allar góðar hvatir hafa uppruna sinn hjá. Smávegis hugulsemi, smávegis greiðvikni og hjálpsemi, sem sprottin er af kærleika og sjálfsafneitun, og’ sem kemur eins hljóðlega og ilmurrinn frá blóminu — þetta er ekki lítill hluti af blessun og gleði lífsins. Og að lokum mun það koma í ljós, að sjálfsafneitun er kemur af tilliti til gleði og velferðar annara, í hversu lítilfjörlegu sem er, og hversu lítils sem það kann að vera metið hjer, mun á himnum verða skoðað sem merki um sambandið við konung dýrðarinnar, er var ríkur, en gjörðist fátækur vor vegna.

Hið góða, sem öðrum hefir verið auðsýnt, hefir ef til vill verið gjört í kyrpei, en afleiðingarnar — áhrifin sem það hefir á lundernið og ytri framkomu, geta ekki dulist. Ef vjer höfum ódeildan áhuga sem eftirmenn Krists, þá mun hjartað vera nákvæmlega samhljóða Guði, og Guðs andi, sem verkar á vörn anda, mun koma til vegar hinu heilaga samræmi í sálunni, sem er afleiðing þess, að hið guðdómlega hefir snert oss.

Hann, sem bætir við talentur þeirra, er hafa farið vel og skynsamlega með þær gjafir, sem þeim hefir verið trúað fyrir, hefir unun af því að viðurkenna þá þjónustu, sem er int af hendi af hinum trúuðu í Kristi, fyrir hvers náð og kraft þeir hafa getað komið hinu góða í framkvæmd.

Þeir sem hafa leitast við að ná þroska og fullkomnun kristilegs lundernis, með því að nota hæfileika sína til þess, sem gott er, munu í öðrum heimi skera upp, það sem þeir hafa sáð. Það verk, sem hefir verið byrjað hjer á jörðunni, mun ná fullkomnun í æðra og helgara lífi, er mun vera ævarandi.

**“Þegar þjer biðjist fyrir, þá verið ekki eins og hræsnararnir.”**

Farisearnir höfðu ákveðinn tíma til bænar, og ef þeir, eins og oft kom fyrir, voru á gangi, þegar hinn ákveðni tími kom, þá höfðu þeir þann sið að nema staðar, hvar sem þeir voru staddir — ef til vill á götunni eða torginu, innan um önnum kafinn mannfjöldann — og biðja bænir sínar þar með hárrí röddu. Slí' k guðræknisiðkun, sem eingöngu var gjörð til þess að sýnast fyrir mönnum, varð tilefni til strangrar aðfinflu af Jesú hálfu. Hann talaði ekki í gegn opinberri bæn; því að hann bað sjálfur með lærisveinum sínum, sem og í návist mannfjöldans; en hann kennir, að einka-bænir eigi ekki að vera gjörðar opinberlega. Þegar vjer biðjum í einrúmi, þá á enginn annar að vera heyrnarvottur að þeim en Guð, sem bænheyrir. Ekkert forvitið eyra á að heyra innihald slíkra bæna.

[107]

“Þegar þú biður, þá gakk inn í herbergi þitt”. Haf stað, þar sem þú getur beðið í einrúmi. Jesús hafði ákveðinn stað, þar sem hann talaði við Guð, og það eigum vjer einnig að hafa. Vjer höfum oft þörf fyrir að flýja til eins eða annars staðar, hversu auðvirðilegur sem hann kann að vera, þar sem vjer getum verið einir með Guði.

“Bið föður þinn, sem er í leyndum”. Í Jesú nafni getum vjer komið fram fyrir auglit Guðs með barnslegu trúnaðartrausti. Þar er ekki þörf fyrir að nokkur manneskja sje milligöngumaður. Fyrir verðskuldan Jesú getum vjer opnað hjörtu vor fyrir Guði, sem fyrir þeim er þekkir oss og elskar oss.

Í einrúmi, þar sem enginn nema Guð getur sjeð oss, og þar sem hann einn hlustar á oss, getum vjer úthelt hinum leyndu óskum vorum, hinni duldu þrá hjartans, fyrir hinum eilífa miskunnsemdanna Föður; og þegar kyrð og ró ríkir í sálunni, þá mun röddin, sem aldrei lætur hjá líða að svara hrópi þess, sem í nauðum er staddur, tala til hjartna vorra.

[108] “Drottinn er mjög miskunnsamur og líknsamur”. Jak. 5, 11. Hann bíður með óþreytandi kærleika eftir því að heyra játningu hinna þverúðugu og að geta tekið gilda iðrun þeirra. Hann gefur gaum að því hvort hann sjái ekki einn eða annan vott þakklátsemi hjá oss, eins og móðirin vonast eftir viðurkenningar-brosi hjá elskuðu barni sínu. Hann vill að vjer skulum skilja það, hversu heitt og innilega hann elskar oss. Hann bíður oss að leggja raunir vorar fram fyrir meðaumkun sína, hrygð vora fram fyrir kærleika sinn, sár vor fram fyrir græðslu sína, veikleika vorn fram fyrir styrkleika sinn og tómleika vorn fram fyrir fyllingu sína. Aldrei hefir neinn, sem til hans hefir komið, orðið fyrir vonbrigðum. “Lítið til hans og gleðjist, og andlit yðar skulu eigi bligðast”. Sálm. 34, 6. Þeir sem leita Guðs í einrúmi og tala við Drottin um þörf sína og biðja hann hjálpar, biðja ekki árangurslaust. “Faðir þinn, sem sjer í leyndum, mun endurgjalda þjer opinberlega”. Þegar vjer höfum Krist fyrir daglegan leiðtoga, þá munum vjer fá að reyna það, að kraftur ósýnilegs heims lykur um oss, og fyrir það að horfa á Jesúm, munum vjer ummyndast til hans myndar. Vjer ummyndumst fyrir skoðun. Lundernið mýkist, hreinsast og göfgast fyrir ríkið himneska. Hin óhjákvæmilega afleiðing af samfjelinu og sambandinu við Drottin vorn, mun verða meiri guðsótti, meiri hreinleikur og einlægni. Bænir vorar munu verða æ viturlegri. Vjer öðlumst guðdómlega fullkomnun, og hún sýnir sig í iðni og kostgæfni í lífinu. Sú sál, sem í daglegri bæn snýr sjer til Guðs, til þess að fá hjá honum aðstoð og kraft, mun vera gagntekin af göfugri þrá, hafa glöggan skilning á sannleika og skyldu, hafa háleit áform í breytni sinni og finna til stöðugs hungurs og þorsta eftir rjettlæti. Með því að viðhalda samfjelinu við Guð, verðum

vjer færir um að miðla þeim, sem vjer umgöngumst, nokkru af því ljósi, nokkru af þeirri ró og friði, sem ríkir í hjörtum vorum. Sá styrkur, sem vjer öðlumst fyrir bæn samfara kappsamlegri viðleitni á því að venja hugann á umhugsun og umönnun, mun búa oss undir hinar daglegu skyldur og varðveita friðinn í hjartanu, hvað sem fyrir kemur.

Ef vjer nálægjum oss Guði, þá mun hann leggja oss orð í munn, til þess að tala nafni hans til dýrðar. Hann mun hjálpa oss til að nema hljóma himinsins — söng englanna, kenna oss að syngja vorum himneska Föður þakklæti. Ljós og kærleikur Frelsarans, er býr í oss, mun sýna sig í allri breytni vorri og hegðun. Ytri erfiðleikar geta ekki haft áhrif á það líf, sem er lifað í trúnni á Guðs son. [109]

**“En er þjer biðjist fyrir, þá viðhafið ekki ónytjumælgi, eins og heiðingjarnir.”**

Heiðingjarnir álitu að í bænnum þeirra væri fólgin kraftur, er gæti friðþægt fyrir synd. Því lengri sem bænin var, því meiri kraftur hjeldu þeir að væri í henni. Ef þeir gætu öðlast heilagleika fyrir eigin viðleitni, þá hefðu þeir í sjálfum sjer eitthvað til að gleðjast yfir, eitthvað til að hrósa sjer af. Þessi hugmynd um bænina er afleiðing þeirrar sjálfrijettlætningar, sem er undirstaða allra falskra trúarbragða. Farísearnir höfðu fallist á þennan heiðinglega skilning á bæninni, og það er langt frá að hann sje óþektur á vorum dögum, jafnvel meðal þeirra, sem kalla sig kristna. Endurtekning fyrirskipaðra, vanabundinna bæna, þegar hjartað hefir enga þrá eftir Guði, er eins og “ónytjumælgi” heiðingjanna. Bænin friðþægir ekki fyrir synd; í bæninni sjálfri er enginn kraftur fólgin nje verðskuldun. Öll þau fegurstu orð, sem vjer höfum yfir að ráða, geta ekki jafngilt aðeins einni heilagri ósk. — Hinar fegurstu bænir eru eintómur hjejómi, ef þær sýna ekki tilfinningar hjartans. En sú bæn, sem kemur frá einlægu hjarta, þegar þörf sálarinnar er látin í ljós með einföldum orðum, eins og þegar maður biður jarðneskan vin að gjöra eitthvað fyrir sig, og vonast eftir að fá ósk sína uppfyllta — þetta er trúarænin. Guð æskir ekki fagurgala; en hið þ’ ögula hróp frá hjarta, sem er sundurkramið og beygt af umhugsuninni um synd sína og hinn mikla veikleika sinn, fær áheyrn hjá föður miskunnsemdanna. [110] [111]

**“Er þjer fastið, þá verið ekki daprir í bragði eins og hræsnararnir.”**

Sú fasta, sem Guðs orð býður, er meira en forsmekkur. Hún er ekki fólgin í því einu að neyta ekki fæðu, klæðast sekk eða strá ösku á höfuð sjer. Sá, sem fastar af sannri hrygð yfir syndinni, mun aldrei sækjast eftir að vera sjeður af mönnum.

Tilgangurinn með þeirri föstu, sem Guð býður oss, er ekki sá, að þjá líkamann fyrir þá synd, sem er í sálunni, heldur að hjálpa oss til að skilja hið alvarlega eðli syndarinnar og auðmýkja hjartað fyrir Guði og meðtaka fyrirgefningu hans. Skipun hans til Ísraels var: “Sundurrífið hjörtu yðar, en ekki klæði yðar, og hverfið aftur til Drottins, Guðs yðar”. Jóel 2, 13.

Vjer öðlumst ekkert fyrir meinlætalið, eða fyrir það, að telja oss trú um að eigin verk vor verðskuldi eða geti keypt oss arf meðal hinna heilögu. Þegar Kristur var spurður: “Hvað eigum vjer að gjöra, til þess að vjer vinnum verk Guðs?” svaraði hann: “Þetta er verk Guðs, að þjer trúið á þann, sem hann sendi”. Jóh. 6, 28. 29. Afturhvarfið er í því fólgið, að snúa sjer frá sjálfum sjer og til Krists, og þegar vjer meðtökum hann þannig, að hann geti fyrir trúna lifað lífi sínu í oss, þá mun hin góða breytni koma í ljós.

Jesús sagði: “Er þú fastar, þá smyr þú höfuð þitt og þvo andlit þitt, til þess að menn sjái ekki að þú fastar, heldur faðir þinn, sem er í leyndum”. Alt sem gjört er Guði til dýrðar, verður að gjörast með gleði, ekki með hrygð eða döpru geði. Það er ekkert tómlegt eða omurlegt við trú Krists. Ef hinir kristnu, með dapurlegu geði, gefa öðrum það í skyn, að Drottinn þeirra hafi brugðist þeim, þá gefa þeir ranga lýsingu á lunderni bans og leggja sannanir í munn óvina hans. Þó að þeir með munninum kalli Guð föður sinn, þá munu þeir með stúrlyndi sínu og dapurleik líta þannig út í heimsins augum, eins og þeir væru föðurlausir.

Kristur vill, að vjer sýnum þjónustu hans eins aðlaðandi, eins og hún í raun og veru er. Legðu sjálfsafneitun þína og hinar duldu raunir hjarta þíns fram fyrir hinn meðaumkunarsama Frelsara. Varpaðu af þjer byrðunum við krossinn og farðu burt, gleðjandi þig í kærleika hans, sem elskaði þig að fyrra bragði. Vera má, að mennirnir fái aldrei neitt um það að vita, sem fram fer í leyndum milli sálarinnar og Guðs, en ávextirnir af starfi Andans í hjartanu, munu verða öllum



sýnilegir; því að hann, “sem sjer í leyndum, mun endurgjalda þjer opinberlega”.

### “Safnið yður ekki fjársjóðum á jörðu.”

Fjársjóðir, sem maður safnar á jörðunni, munu ekki verða varanlegir. Þjófar brjótast inn og stela, mölur og ryð skemmir, og eldsvoði og ofviðri getur eyðilagt eignir vorar. “Þar sem fjársjóður þinn er, þar mun og hjarta þitt vera”. Fjársjóðir, sem hrúgað er saman hjer á jörðunni, munu taka upp huga vorn og bola hinum himnesku hlutum burt. Fjárgræðgi var mjög ríkjandi ástríða á dögum Gyðinga. Veraldlegur hugsunarháttur rændi því sæti í sálunni, sem Guði og trúnni bar. Og þannig er það einnig nú. Eftirsókn eftir auðæfum hefir svo tælandi og töfrandi áhrif, að hún spillir hinu göfuga og drengilega hjá mörgum og steypir þeim í glötun. Að þjóna Satan, það er sama sem að lifa lífi sínu í stöðugum áhyggjum, sífeldum erfiðleikum og striti, og þeir fjársjóðir, sem mennirnir leggja svo hart á sig til að geta eignast, eru einungis stutta stund við líði.

[113]

“Safnið yður fjársjóðum á himni, þar sem hvorki eyðir mölur nje ryð, og þar sem þjófar brjótast ekki inn og stela, því að þar sem fjársjóður þinn er, þar mun og hjarta þitt vera”.

“Safnið yður fjársjóðum á himnum” — þannig hljóðar áminning Frelsarans. Það er yðar eigin hagur, að þjer tryggið yður fjársjóði á himnum. Af öllu því, sem þjer hafið hjer, þá eru það í rauninni einungis þessir fjársjóðir, sem eru yðar eign. Þeir fjársjóðir, sem safnað er á himnum, eru óförgengilegir. Engir eldsvoðar nje vatnsflóð geta glatað þeim, enginn þjófur getur stolið þeim, og mölur og ryð getur ekki eytt þeim; því að þeir eru í varðveislu Guðs.

Þessi fjársjóður, sem Kristur virðir hærra en alt annað, er “ríkdómur hans dýrðlegu arfleifðar” “meðal hinna heilögu”. Ef. 1, 18. Lærisveinar Krists eru skoðaðir sem glitrandi dýrmætir gimsteinar hans, sem gnæfandi höfuðdjásn hans. Sak. 9, 16. “Jeg vil gjöra menn dýrari en skíragull og mannfólkið dýrara heldur en Ófír-gull”. Jes. 13, 12. Kristur skoðar sitt fólk, í hreinleika þess og fullkomleika, sem launin fyrir allar þjáníngar sínar, niðurlægingu sína og kærleika sinn, og sem viðbætir við dýrð sína. Kristur verður hinn stóri miðdepill, sem allur kærleikur skín út frá.

[114] Oss hefir verið unt þess að sameina oss honum í hinu mikla endurlausnarverki og verða hluttakar með honum í þeim ríkdómi, sem hann hefir áunnið með þjáningum sínum og dauða. Páll postuli skrifar til hinna kristnu í Þessaloníku: “Hver er von vor og gleði vor eða hrósunarkóróna vor? Eruð það ekki einmitt þjer, frammi fyrir Drotni vorum Jesú við komu hans? Jú, þjer eruð vegsemd vor og gleði”. 1. Þess. 2, 19. 20. Þetta eru þeir fjársjóðir, sem Kristur býður oss að vinna fyrir. Lundernið er hin mikla uppskera lífsins. Sjerhvert orð og verk, sem fyrir náð Krists getur verið hvöt einni sál til þess að taka stefnu upp á við, sjerhver viðleitni, sem miðar að þroska kristilegs lundernis — þetta er alt að safna himneskum fjársjóðum.

Þar sem fjársjóðurinn er, þar mun og hjartað vera. Með sjerhverri tilraun til að verða öðrum til góðs, vinnum vjer sjálfum oss enn meira gagn. Sá sem leggur af mörkum fje og tíma til útbreiðslu fagnaðarerindisins, tengir sinn eigin áhuga og bænir við starfið og þær sálir, sem vinnast eiga Kristi til handa fyrir það. Kærleikur hans seilist eftir öðrum, og hann fær meiri og meiri löngun til að gjöra svo mikið sem unt er fyrir aðra.

Og á hinum efsta degi, þegar jarðneskur auður þrýtur, þá mun sá, sem hefir safnað sjer fjársjóðum á himnum, fá að sjá það, er lífernir hans hefir áunnið. Ef vjer höfum gefið gaum að orðum Krists, þá munum vjer, þegar vjer söfnumst saman fyrir framan hið stóra, hvíta hásaeti, sjá þær sálir, sem vjer höfum hjálpað til að frelsa, og vjer munum fá að vita, að ein sálin hefir unnið aðrar og þær svo aftur enn aðrar — vjer sjáum þarna stóran hóp, sem fyrir starf vort hefir fengið að ganga inn til hinnar eilífu hvíldar, og sem varpar kórónum sínum fyrir fætur Jesú og vegsamar hann um alla eilífd. Hvílíkur unaður það verður fyrir þá, er unnið hafa fyrir Krist, að sjá þessa endurleystu, sem verða hluttakandi í dýrð Frelsarans. Hversu dýrmætur himininn

[115] verður þeim, sem hafa verið trúir í starfi sínu fyrir frelsun sálna!

“Fyrst þjer því eruð uppvaktir með Kristi, þá keppist eftir því, sem er hið efra, þar sem Kristur situr við hægri hönd Guðs”. Kól. 3, 1.

**“Ef auga þitt er heilt, þá mun allur líkami þinn vera í birtu.”**

Skilyrðin, sem þessi orð Frelsarans benda á, eru fólgin í því að vera sannur og heils hugar í starfinu og þjónustunni — algjörðri

undirgefni við Guð. Vertu alvarlegur og stöðugur í áformi þínu að vilja þekkja sannleikann og fylgja honum, hvað sem það kann að kosta, þá muntu fá guðdómlegt ljós. Sannur guðsótti byrjar, þegar öllum samningum við syndina er hætt. Þá mun maður taka undir með Páli postula og segja af hjarta: “Eitt gjöri jeg; jeg gleymi því sem að baki er, en seilst eftir því, sem fyrir framan er, og keppi þannig að markinu, til verðlaunanna, sem himinköllun Guðs fyrir Krist Jesúm býður”. “Jeg met alt vera tjón hjá yfirburðum þeim, er felast í þekkingunni á Kristi Jesú, Drotni vorum, því að fyrir sakir hans hefi jeg mist alt og met það sem sorp, til þess að jeg geti áunnið Krist”. Fil. 3, 14. 8.

En þegar augað er blindað af sjálfselsku, ríkir einungis myrkur í sálunni. “Sje auga þitt sjúkt, þá mun allur íkami þinn vera í myrkri”. Það var þetta hræðilega myrkur, sem hjúpaði Gyðingana þrjóskufullri vantrú og gjörði þeim ómögulegt að skilja lunderni hans og ætlunarverk, sem kom til að frelsa þá frá syndum þeirra.

Fyrsta sporið til þess að láta undan freistingu er, að maður leyfir huganum að reika, þannig að maður verður óstöðugur í trausti sínu á Guð. Ef vjer viljum ekki gefa oss algjörlega Guði á hönd, þá erum vjer í myrkri. Ef vjer setjum nokkur skilyrði, þá opnum vjer dyr fyrir óvininum svo að hann kemst inn til þess að tæla

[116]

oss með freistingum sínum. Hann veit, að ef honum tekst að depra sjón vora, svo að augu trúarinnar geti ekki sjeð Guð, þá eru ekki miklar tálmanir fyrir syndinni.

[117]

Sje einhver syndsamleg ósk í hjartanu, þá sýnir þetta, að sálin er á talar dregin. Sjerhver undanlátssemi viðvíkjandi slíkri ósk, hefir það í för með sjer, að óbeit sálarinnar á Guði vex. Þegar vjer göngum þann veg, sem Satan velur fyrir oss, þá lykjust skuggar hins vonda um oss, og hvert fet flytur oss lengra og lengra inn í myrkrið og eykur blindni hjartans.

Í hinum andlega heimi ræður sams konar lögmál og í náttúrunni. Sá sem stöðugt dvelur í myrkrinu, mun að lokum missa sjónarhæfileikann. Hann sveipast myrkri, sem er svartara en náttmyrkrið, og jafnvel hin skærasta hádegissól, getur ekki fært honum neina birtu. “Hann gengur í myrkrinu og lifir í myrkrinu, og veit ekki hvert hann fer, því að myrkrið hefir blindað augu hans”. 1. Jóh. 2, 11. Með þverúðarfullri fastheldni við hið vonda og með því að daufheyrast af ásettu ráði við kærleiksröddu Guðs, missir syndarinn elskuna til hins

góða, missir þrána eftir Guði, já, missir jafnvel hæfileikann til að meðtaka himneska birtu. Náðin stendur enn til boða, kærleiksróddin kallar enn og segir: Komdu heim! Ljósið skín enn jafnskært og þegar það rann sálunni fyrst upp, en róddin hljómar fyrir daufum eyrum, og ljósið skín á blind augu.

[118] Guð yfirgefur aldrei nokkra sál fyrir fult og alt og lofar henni að ganga sína eigin götu, meðan nokkur von er um frelsun fyrir hana. Mennirnir snúa sjer frá Guði, en Guð snýr sjer ekki frá mönnunum. Vor himneski Faðir fylgir oss með kalli og aðvörunum og fullvissar oss um miskunnsemi, þangað til árangurslaust er að gjöra meira. Ábyrgðin hvílir á syndaranum. Með því að standa gegn Andanum í dag, gjörir hann sjer auðveldara að rísa gegn ljósinu á ný, þegar það kemur með meiri krafti. Þannig fer hann af einu þrepinu á annað í mótspyrnu sinni, þangað til ljósið að lokum hefir engin áhrif á hann, og hann hættir að lofa Guðs anda að verka á hjarta sitt að heita má. Þá er jafnvel “Ljósið, sem í þjer er”, orðið að myrkri. Jafnvel sannleikurinn sem maður þekkir, er orðinn svo rangfærður, að hann eykur blindni sálarinnar.

### “Enginn getur þjónað tveimur herrum.”

Kristur segir ekki að mennirnir muni ekki eða skuli ekki þjóna tveimur herrum, heldur að þeir geti það ekki. Með áhugamálum Guðs og með áhugamálum Mammons er enginn skyldleiki, ekkert sameiginlegt. Þar sem samviska hins kristna býður honum að nema staðar, býður honum að afneita sjálfum sjer og halda ekki lengra áfram, einmitt þar er það sem hinn veraldlega sinnaði fer út fyrir takmörkin, til þess að fara eftir hinum eigingjörnu tilhneigingum sínum. Öðru megin merkjalínunnar stendur hinn sjálfsafneitunarsami lærisveinn Krists; hinum megin stendur sá, sem elskar heiminn og vill þóknast sjálfum sjer — dýrkandi tískuna, gefandi sig við ljettúð og nautn þess, sem fyrirboðið er. Þangað getur hinn kristni ekki komið.

Enginn getur tekið hlutlausa stefnu; það er engin millistjett til, er hvorki elskar Guð nje þjónar óvini rjettlætisins. Kristur á að lifa í lærisveinum sínum — þeim, sem feta í fótspor hans — starfa og verka gegnum hæfileika þeirra og krafta. Vilji þeirra verður að vera falinn hans vilja; þeir verða að haga breytni sinni í samhljóðan við

hans Heilaga anda. Þá eru það ekki framfar þeir, sem lifa; heldur er það Kristur, sem lifir í þeim. Sá sem ekki gengur Guði á hönd að fullu og öllu, stjórnast af öðru afli og hlýðir annari röddu, hverrar áeggjan er alt annars eðlis. Deild þjónusta kemur hlutaðeiganda á band óvinarins, sem er starfsamur höfðingi andavera vonskunnar. Þegar menn, sem lelja sig stríðsmenn Krists, ganga í lið með óvina hernum og hjálpa honum, þá sýna þeir sig sem óvini Krists. Þeir bregðast heilögu trúnaðarstarfi. Þeir mynda samband milli Satans og hinna trúu stríðsmanna Krists, þannig að óvinurinn vinnur stöðugt með þessum vcrkfærum til þess að stela hjörtum stríðsmanna Krists.

[119]

Öflugasta vígi lastanna er ekki það líf, sem lifað er af hinum andvaralausum syndara eða þeim, sem dýpst er sokkinn, heldur það líf, sem sá lifir, er sýnist vera dygðugur, rjettlátur og eðallyndur, en sem elur einhverja synd eða stjórnast þó ekki sje nema af einum einasta lesti. Fyrir þá sál, sem berst í leyndum við einhverja ómótstæðilega freistingu, og stendur titrandi á barmi glötunarinnar, munu slík dæmi vera hin öflugasta hvöt til syndar. Sá sem hefir háar hugsjónir viðvíkjandi lífinu, viðvíkjandi sannleika og heiðri, en engu að síður brýtur með vilja eitt boðorð í Guðs heilaga lögmáli, hefir gjört hina dýrmætustu hæfileika sína að ginningu til syndar. Hæfileikar, listagáfur, samúð, já, jafnvel verk, sem benda á veglyndi og vingjarnleg framkoma, getur orðið tálbeita í hendi Satans til að leiða sálir út í eyðileggingu bæði í þessu lífi og hinu komandi.

“Elskið ekki heiminn, ekki heldur þá hluti, sem í heiminum eru. Ef einhver elskar heiminn, þá er kærleiki Föðurins ekki í honum. Því að alt það sem í heiminum er, fýsn holdsins og fýsn augnanna og auðæfaoflæti, það er ekki frá föðurnum, heldur er það frá heiminum”. 1. Jóh. 2, 15. 16.

[120]

### “Verið ekki áhyggjufullir.”

[121]

Hann, sem gaf yður lífið, veit, að þið þurfið fæðu til að geta haldið því við. Hann, sem skapaði líkamann er ekki skeytingarlaus um þarfir yðar viðvíkjandi klæðnaði. Mun ekki hann, sem hefir veitt yður hina mestu gjöf, einnig veita yður það sem þarf til þess að halda henni við.

Jesús bendir áheyrendum sínum á fuglana, sem kvaka þakklætiskvak algjörlega áhyggjulausir. “Þeir sá ekki nje uppskera”, en samt

sjer Faðir yðar fyrir þörfum þeirra. Og hann spyr: “Eruð þjer ekki miklu fremri en þeir?”

Fjallshlíðarnar og engið var þakið blómskrúði, og um leið og Jesús benti á blómin, sem morgundöggin glitraði á, sagði hann: “Gefið gaum að liljum vallarins, hversu þær vaxa”. Mannleg list getur að vísu gjört eftirstælingu af hinni fögru lögun og hinum yndislega lit blóma og jurta; en hver megnar að veita líf jafnvel einu blómi eða grasstrái? Sjerhvert blóm meðfram veginum er orðið til fyrir þann sama mátt, sem gjörði stjörnurnar út í himingeimnum. Um alt hið skapaða streymir hin sama lífæð frá hjarta Guðs. Hann klæðir blóm akursins skrautlegri búningi, heldur en konungar jarðarinnar hafa nokkru sinni skreytt sig; og “fyrst Guð nú skrýðir svo gras vallarins, sem í dag stendur, en á morgun verður í ofn kastað, skyldi hann þá ekki miklu fremur klæða yður, þjer lítiltrúaðir?”

Sá sami sem myndaði blómin og kendi spörfuglum að syngja söng sinn, segir: “Lítið til fugla himinsins!” Fegurð náttúrunnar getur sagt yður meira um visku Guðs, heldur en hinir lærðu vita. Á blöð liljunnar hefir Guð ritað boðskap til þín — skrifaðan á því máli, sem hjarta þitt fyrst þá getur lesið, þegar það hefir varpað frá sjer því vantrausti, eigingirni og þeim eyðandi áhyggjum, er það hefir vanið sig á. Hvers vegna hefir hann gefið þjer söngfuglana og yndislegu blómin, ef ekki vegna þess, að hann í hinum yfirgnæfandi föðurkærleika sínum vill gjöra lífsbraut þína bjarta og hamingjuríka. Án blómanna og fuglanna mundir þú hafa haft alt, sem tilvera þín þarfnast; en Guð ljet sjer ekki nægja að sjá þjer einungis fyrir því, sem nægir tilverunni eintómri. Hann skreytti jörðina, loftið og himingeiminn fegurð, til þess með því að segja þjer frá kærleiks-hug sínum til þín. Fegurð alls hins skapaða er aðeins glampi af dýrðarljóma hans. Ef hann af tilliti til gæfu þinnar og gleði, hefir verið svo óspar á guðdómlega list, hvernig getur þú þá efast um að hann muni veita þjer sjerhverja nauðsynlega gjöf?

“Gefið gaum að liljunum”. Sjerhvert blóm, sem opnar sig fyrir sólarljósinu, lýtur hinu sama mikilvæga lögmáli, sem stýrir stjörnunum. Og hversu einfalt, fagurt og yndislegt lí' f þeirra er! Með blómunum vill Guð vekja eftirtekt vora á hinu yndislega lunderni Krists. Hann sem hefir veitt blómunum slíkt skraut, óskar miklu fremur þess, að sálin megi íklæðast fegurðarskarti Krists-lundernisins.

Gefið gaum að liljunum, segir Jesús, og sjáið hvernig þær vaxa. Takið eftir því, hvernig jurtirnar, sem koma upp úr kaldri, dimmri jörðunni eða forarleðju fljótanna, breiða sig út í fegurð sinni og yndisleik.

Hvern mun óra fyrir möguleika slíkrar fegurðar, er hann skoðar hinn brúnleita og grófgjörða lauk liljunnar? En þegar líf Guðs, sem er falið þar í, að hans boði kemur í ljós í regni og sólskini, vekur hin unaðslega, dýrðlega sjón undrun mannanna. Þannig mun og líf Guðs koma í ljós í sjerhverri mannssálu, sem gefur sig á vald náðar-áhrifum hans, og þessi náð er öllum frjáls eins og regnið og sólskinið, hún kemur með blessun sína til allra. Það er orð Guðs, sem skapar blómin, og þetta sama orð mun framleiða ávexti Andans í þjer. Lögmál Guðs er lögmál kærleikans. Hann hefir lukt um oss með fegurð, til þess að sýna oss og láta oss læra að skilja það, að vjer erum ekki í heiminum einungis til þess að vinna sjálfum oss, til þess að grafa og byggja, vinna og spinna, heldur til þess að gjöra lífið fagurt, bjart og ánægjulegt með kristilegum kærleika — eins og blómin gleðja og göfga líf annara með kærleikþjónustu.

[123]

Feður og mæður, látið börn yðar læra af blómunum. Takið þau með yður út í blómgarðinn og út á víðavang, setjist með þeim undir laufríku trjen og kennið þeim þar að lesa boðskap náttúrunnar um kærleika Guðs. Látið hugsunina um hann verða tengda fuglunum, blómunum og trjánum. Kennið börnunum að sjá kærleiksvott Guðs í öllu því, sem er fagurt og laðandi. Komið þeim til að fella sig við kristindóm yðar vegna þess að hann er aðlaðandi. Látið mildi og blíðu vera á vörum yðar.

[124]

Látið börnin fá skilning á því, að fyrir hinn mikla kærleika Guðs, getur eðli þeirra ummyndast til líkingar við hans eðli. Fræðið þau um það, að hann vill að líf þeirra verði fagurt sem blómanna. Þegar þau tína hin yndislegu blóm, þá segið þeim, að hann, sem skapaði blómin, er enn fegurri en þau. Á þennan hátt munu hjörту þeirra tengjast honum. Hann, sem “allur er yndislegur”, mun verða þeim eins og daglegur leiðtogi og ástríkur vinur, og líf þeirra mun ummyndast eftir hinni hreinu og skýru mynd hans.

### “Leitið fyrst Guðs ríkis.”

Mannfjöldinn sem hlýddi á ræðu Krists, beið með óþreyju eftir að fá eitthvað að heyra viðvíkjandi ríki Gyðinga. Sú spurning, sem var efst í huga margra, meðan Jesús var að sýna þeim hina himnesku fjársjóði, var á þessa leið: munum vjer tryggja oss betri framtíð hjer í heiminum ef vjer göngum honum á hönd? Jesús sýnir þeim, að þegar tímanlegir hlutir sjeu mesta umhugsunarefni þeirra, þá líkist þjer heiðingjapjóðunum, sem bjuggu í nágrenni við þá, og lifðu eins og cnginn Guð væri til, er ber kærleiksrika umhyggju fyrir því, sem hann hefir skapað.

[125] “Eftir öllu þessu sækjast heiðingjarnir”. “Yðar himneski faðir veit, að þjer þarfnist alls þessa. En leitið fyrst Guðs ríkis og hans rjettlætis, og þá mun og alt þetta veitast yður að auki”. Lúk. 12, 30. Jeg er kominn til að opna fyrir yður ríki kærleikans, rjettlætisins og friðarins. Opnið hjörtu yðar og meðtakið þetta ríki, og látið það vera yður háleitasta áhugamál að veita því þjónustu. Enda þótt það sje andlegt ríki, skuluð þjer ekki bera kvíðboga fyrir því, að ekki verði sjeð fyrir því, sem þjer þurfið með til þessa lífs. Ef þjer gangið í þjónustu Drottins, þá mun hann, sem hefir alt vald á himni og jörðu, veita yður það, sem þjer þarfnist.

Jesús leysir oss ekki undan því að gjöra skyldu vora í því að afla oss daglegs brauðs; en hann segir, að vjer eigum að láta hann vera hið fyrsta, hið síðasta og hið besta í öllu. Vjer megum ekki fást við nein fyrirtæki, nein störf eða sækja neinar þær skemtanir, er hindra það, að rjettlæti hans komi í ljós í lunderni voru og lífern. Hvað heist sem vjer gjörum, verðum vjer að gjöra af hjarta eins og það væri fyrir Drottin.

Meðan Jesús dvaldi hjer á jörðunni, sýndi hann fram á hina háleitu þýðingu lífsins í öllum atriðum þess, með því að halda dýrð Guðs fram fyrir mönnunum og með því að taka vilja Föðurins fram yfir alt. Ef vjer fylgjum dæmi hans, þá ábyrgist hann oss, að alt, sem er nauðsynlegt fyrir þetta líf, muni veitast oss “að auki”. Fátækt eða auðæfi, sjúkdómar eða heilbrigði, einfeldni eða viska — fyrir öllu þessu er sjeð í fyrirheitinu um náð hans.

Hinir eilífu armar Guðs umvefja þá sál, sem snýr sjer til hans til að fá hjálp, hversu breysk sem þessi sál kann að vera. Fjöllin með öllum auðæfum sínum munu farast, en sú sál, sem lifir fyrir Guð,



mun standast frammi fyrir honum. “Heimurinn fyrirferst og fýsn hans, en sá, sem gjörir Guðs vilja, varir að eilífu”. 1. Jóh. 2, 17. Guðs borg mun opna hin gullnu hlið sín til að taka á móti þeim, sem á vegferð sinni hjer á jörðunni lærðu að reiða sig á Guð, til þess að fá hjá honum leiðbeiningu og visku, huggun og von í þrengingum og missi. Hann verður boðinn velkominn þangað með englasöng, og lífstrjeð mun veita honum ávöxt sinn. “Því að fjöllin munu færast úr stað, og hálsarnir riða, en mín miskunnsemi við þig skal ekki færast úr stað og minn friðarsáttmáli við þig ekki raskast, segir miskunnari þinn, Drottinn”. Jes. 54, 10.

[126]

**“Verið því ekki áhyggjufullir um morgundaginn. . . hverjum degi nægir sín þjáning.”**

Ef þú hefir gefið Guði sjálfan þig til að vinna hans verk, þá þarft þú ekki að vera áhyggjufullur um morgundaginn. Hann, sem þú þjónar, þekkir endirinn frá upphafi. Atvik morgundagsins, sem eru hulin sjónum þínum, eru sýnileg augum hins Almáttka.

Þegar vjer leitumst sjálfir við að koma því í verk eða framkvæmd, sem á oss hvílir, og reiðum oss á það, að viska sjálfra vor og dugnaður geti hrundið því áleiðis, þá leggjum vjer á oss byrði, og reynum að bera hana án hjálpar hans. Vjer tókumst ábyrgð á hendur, er heyrir Guði til, og setjum oss í rauninni í hans stað. Í slíkum kringumstæðum höfum vjer fulla ástæðu til að vera áhyggjufullir og búast við háskasemdum og tjóni, er þá mun og vissulega koma. En þegar vjer í sannleika trúum því, að Guð elskar oss og hefir í hyggju að gjöra vel við oss, þá munum vjer hætta að bera áhyggjur fyrir framtíðinni. Vjer munum reiða oss á hann eins og barn treystir kærleiksríkum föður eða móður. Þá hverfa erfiðleikar vorir og alt sem kvelur oss; því að vor vilji er uppsvelgdur af Guðs vilja.

Kristur hefir ekki gefið oss neitt loforð um hjálp í dag til að bera byrðar morgundagsins. Hann hefir sagt: “Náð mín nægir þjer” (2. Kor. 12, 9); en eins og Manna var gefið á eyðimörkinni, þannig veitist náð hans daglega, sniðin eftir þörfum dagsins. Eins og Ísrael á eyðimerkurferðinni, getum vjer á hverjum morgni fundið vorn daglega forða af himna-brauðinu.

[127]

Aðeins einn dagur í einu er vor, og þann dag eigum vjer að lifa Guði. Fyrir þennan eina dag verðum vjer að leggja öll áform vor

og ráðagjörðir í Krists hönd með heils hugar þjónustu og varpa allri áhyggju vorri og sorg á hann, sem ber umhyggju fyrir oss. “Því að jeg þekki þær fyrirætlanir, sem jeg hefi í hyggju með yður — segir Drottinn — fyrirætlanir til heilla, en ekki til óhamingju, að veita yður vonarríka framtíð”. Jer. 29, 11. “Fyrir afturhvarf og rósemi skuluð þjer frelsaðir verða; í þolinmæði og trausti skal styrkur yðar verka”. Jes. 30, 15.

Ef þú vilt leita Drottins og á hverjum degi snúa við til hans, ef þú kýst það, að vera glaður og frjálss í Guði, og ef þú kemur til hans með glöðu geði, hlýðir náðarröddu hans og ber ok Krists — ok hlýðni og þjónustu — þá munu allar harmatölur þínar hætta, allir erfiðleikar þínir hverfa, og úr öllum hinum miklu vandamálum, sem þú ert nú riðinn við, leyst verða.

[128]

### Bæn Drottins

Þjer skuluð því bíðja þannig

“Faðir vor, þú sem ert á himnum,

helgist þitt nafn,

tilkomi þitt ríki,

verði þinn vilji,

svo á jörðu, sem á himni;

gef oss í dag vort daglegt brauð;

og fyrirgef oss vorar skuldir,

svo sem vjer fyrirgefum vorum skuldunautum;

og leið oss ekki í freistni,

heldur frelsa oss frá illu.”

Því að þitt er ríkið,

mátturinn og dýrðin að eilífu.

Amen.

Matt. 6, 9-15.

[129]

## Capitol 5.—Bæn drottins

“Þjer skuluð því biðja þannig”

Bæn Drottins er tvisvar sinnum gefin af Frelsaranum, fyrst söfnuðinum, í fjallræðunni, og svo nokkru seinna lærisveinunum einum. Lærisveinarnir höfðu verið skildir frá Drotni um stuttan tíma, og er þeir komu aftur, fundu þeir hann sokkinn niður í samtal við Guð. Án þess að sýnilegt væri að hann yrði var návistar þeirra, hjelt hann áfram að biðja hátt. Af andliti hans lýsti himneskur ljómi. Hann virtist staddur í nálægð hins Ósýnilega sjálfs, og í orðum hans var lifandi kraftur, eins og þess, er talaði við Guð.

Lærisveinarnir urðu mjög hræðir í hjarta, er þeir heyrðu bæn hans. Þeir höfðu veitt því eftirtekt, hversu oft hann var tímunum sanan einn að tala við Föðurinn. Hann varði dögnum til að hjálpa mannf jöldanum er safnaðist í kring um hann, og til þess að fletta ofan af hinni sviksamlegu villu lærifeðranna, og við þetta óaflátanlega starf, varð hann oft svo uppgefinn, að móðir hans og bræður hans, sem og lærisveinar hans, höfðu oft óttast, að lífi hans væri hætta búin. En er hann kom aftur frá þessum bænastundum, sem hinum erfiða degi lauk með, þá veittu þau eftirtekt friðarblænum á ardliti hans og fjörinu, er lýsti sjer í svip hans og látbragði. Það var eftir þessar stundir, sem hann varði til bænar til Guðs, að hann morgun eftir morgun gekk fram til þess að færa mönnunum ljósið himneska. Lærisveinarnir voru komnir að þeirri niðurstöðu, að eitthvert samband væri milli þessara bænastunda og þess kraftar, er kom í ljós í orðum hans og verkum. Er þeir nú heyrðu bæn hans, fylltust þeir lotningu og fundu til blygðunar; og er hann hafði lokið bæn sinni, var það með tilfinningu fyrir hinni miklu þörf sjálfra þeirra, að þeir sögðu: “Herra! kenn oss að biðja” Lúk. 11, 1.

Jesús gefur þeim enga nýja reglu viðvíkjandi bæn. Það sem henn hefir kent þeim áður, það endurtekur hann, eins og hann vildi segja: Þið þurfið að fá skilning á því, sem jeg hefi þegar gefið; það hefir meiri þýðingu, heldur en þið skynjið enn.

[130]

Frelsarinn einskorðar oss ekki við að nota einmitt þessi orð. Sem sá, er var eitt með mönnunum, heldur hann fram sínum eigin hugsjónum viðvíkjandi bæn — svo einföldum orðum, að lítið barn getur notað þau, og þó svo efnisríkum, að jafnvel hinn háfleygasti mannsandi getur aldrei að fullu gripið mikilvægi þeirra. Vjer erum hvattir til að koma til Guðs með þakklæti vort, segja honum frá þörfum vorum, játa syndir vorar og gjöra tilkall til miskunnar hans samkvæmt loforðum hans.

**“Er þjer biðjist fyrir, þá segið: Faðir vor.”**

Jesús kennir oss að kalla sinn föður vorn föður. Hann telur sjer ekki vanvirðu að kalla oss bræður. Hebr. 2, 11. Svo fús er Frelsarinn, já, svo heitt þráir hann að bjóða oss velkomna sem meðlimi Guðs fjölskyldu, að hann í fyrstu orðin, sem vjer eigum að nota, er vjer nálgumst Guð, leggur trygginguna fyrir því, að vjer sjeum Guðs ættar; því hann segir: “Faðir vor”.

[131] Hjer eru oss gjörð kunn þau dásamlegu sannindi, full upphvatningar og huggunar, að Guð elskar oss, eins og hann elskar son sinn, þetta er og það sem Jesus ljet í ljós í síðustu bæn sinni fyrir lærisveinunum: “Þú hefir . . . elskað þá, eins og þú hefir elskað mig”. Jóh. 17, 23.

Heiminn, sem Satan hefir gjört kröfur til og drotnað yfir með grimmilegri harðstjórn, hefir Guðs sonur vafið kærleiksörmum sínum og sameinað aftur háseti Jehóva með sinni undraverðu dáð. Kerúbar og Serafar og óteljandi skarar í öllum hinum syndlausu heimum sungu Guði og Lambinu lofsöngva, þegar þessi sigur var vís. Þeir fögnuðu yfir því, að hinu fallna mannkyni var opnuð leið til frelsis, og að jörðin varð keypt undan bölvun syndarinnar. Hversu miklu fremur ættu þeir þá að fagna, sem slíkur kærleikur hefir komið fram við.

Hvernig getum vjer nokkurntíma verið í efa eða óvissu, og hvernig getur oss fundist að vjer sjeum föðurlausir? Það var vegna þeirra, er brotið höfðu lögmálið, að Jesús tók á sig mannlegt eðli; hann gjörðist líkur oss, svo að vjer gætum notið eilífs friðar og fullvissu. Vjer eigum talsmann á himnum, og enginn, sem meðtekur hann sem persónulegan frelsara, er látinn eftir munaðarlaus til að bera syndabyrði sína sjálfur.

“Þjer elskaðir, nú erum vjer Guðs börn”. “En ef vjer erum börn, þá erum vjer líka erfingjar, og það erfingjar Guðs, en samarfar Kristis; því að vjer líðum með honum, til þess að vjer einnig verðum vegsamlegir með honum”. “Það er enn þá ekki orðið bert, hvað vjer munum verða; en vjer vitum, að þegar hann birtist, þá munum vjer verða honum líkir, því vjer munum sjá hann eins og hann er”. 1. Jóh. 3, 2; Róm. 8, 17.

Allra fyrsta sporið í áttina til Guðs, er að vjer þekkjum og trúum kærleikanum, sem hann hefir á oss (1. Jóh. 4, 16) ; því að það er hinn laðandi og knýjandi máttur kærleika hans, er dregur oss til hans.

Þegar vjer komumst til viðurkenningar á kærleika Guðs, kemur það því til vegar með oss, að vjer losnum við sjálfselskuna. Með því að kalla Guð föður vorn, viðurkennum vjer að öll börn hans eru bræður vorir. Hver einstakur af oss er einn hluti hins mikla líffæralíkama mannkynsins, vjer erum allir meðlimir sömu fjölskyldu. Vjer eigum að láta bænir vorar lykja um bræður vora eins og sjálfa oss. Enginn biður á rjettan hátt, ef hann leitar blessunar aðeins fyrir sjálfan sig.

[132]

Hinn eilífi Guð, sagði Jesús, gefur yður leyfi til að kalla sig föður, þegar þjer gangið fram fyrir hann. Íhugaðu hvað þetta felur í sjer! Enginn jarðneskur faðir eða móðir hefir nokkru sinni talað eins innilega til brotlegs barns síns, eins og hann, sem skapaði yður, talar til yfirtroðslumannsins. Engin manneskja hefir nokkurntíma af kærleiksríkri umhyggjusemi fylgt hinum iðrunarfulla með svo ástúðlegri löðun. Guð dvelur í sjerhverju hreysi; hann heyrir sjerhvert orð, sem talað er, hlustar á sjerhverja bæn, sem send er upp til hans, smakkar þær raunir og vonbrigði, er sjerhver sál mætir, og veitir athygli þeirri meðferð, sem faðir eða móðir, systir, vinur eða kunningi verða fyrir. Hann sjer fyrir þörfum vorum, og kærleikur hans, miskunnsemi og náð streymir stöðugt til að fullnægja þeim.

En ef vjer köllum Guð föður vorn, þá viðurkennum vjer, að vjer erum börn hans, og eigum að stjórnast af visku hans og vera honum hlýðnir í öllu, vitandi að elska hans er óumbreytanleg. Vjer munum fallast á fyrirætlanir hans viðvirkjandi lífi voru. Sem Guðs börn munum vjer ávalt hafa það fyrir augum, að Guðs nafn geti vegsamast í öllu; lunderni hans, starf hans og fólk hans verður hið mikilsverðasta áhugamál vort. Það mun vera gleðiefni fyrir oss að

geta gjört hversu lítið sem er, honum til dýrðar og meðbræðrum vorum til blessunar.

- [133] “Sem er á himnum”. Hann, sem Kristur býður oss að líta til sem “föður vors”, er á himnum, alt, sem honum þóknast, það gjörir hann”. Í umsjá hans getum vjer hvílst öruggir og sagt: “Þegar jeg er hræddur, treysti jeg þjer”. Sálm. 115, 3; 56, 4.

### “Helgist þitt nafn.”

Að helga nafn Drottins felur það í sjer, að þau orð, sem maður nefnir hinn Hæsta með, sjeu töluð með lotningu. “Heilagt og óttalegt er nafn hans”. Sálm. 111, 9. Vjer megum aldrei á nokkurn hátt nota með ljettúð þá titla eða nöfn, sem heyra guðdóminum til. Undir bæninni veitir hinn Hæsti oss áheyrn, og oss ber að nálgast hann með heilagri lotningu. Englarnir hylja ásjónur sínar í návist hans. Kerúbarnir og hinir veglegu, heilögu Serafar nálgast hásæti hans með hátíðlegri lotningu. Hversu miklu fremur ættum því vjer, dauðlegar, syndugar manneskjur, að ganga fram fyrir Drottin, skapara vorn, með lotningu!

En að helga nafn Drottins þýðir miklu meira en þetta. Eins og Gyðingarnir á dögum Krists, getum vjer sýnt hina mestu ytri lotningu fyrir Guði og þó sífellt vanhelgað nafn hans. “Nafn Drottins” er: “Drottinn, miskunnsamur og líknsamur Guð, þolinmóður, gæskuríkur og harla trúfastur: . . . hann fyrirgefur misgjörðir, afbrot og syndir”. 2. Mós. 34, 5—7. Um söfnuð Krists er ritað: “Og þetta mun verða nafnið, er menn nefna hana (þ. e. Jerúsalem, er merkir söfnuð Guðs) : “Drottinn er vort rjettlæti”. Jer. 33, 16. Þetta nafn er gefið eftirmönnum hans; það er arfleifið Guðs barna. Fjölskyldan nefnist eftir föðurnum. Þegar Ísrael var staddur í mikilli neyð og þrengingum, bað Jeremía spámaður: “Vjer erum nefndir eftir nafni þínu; yfirgef oss eigi”. Jer. 14, 9.

- [134] Þetta nafn er helgað af englum himinsins og af íbúum hinna syndlausu hnatta. Þegar þú biður: “Helgist nafn þitt”, þá biður þú um að það megi helgast í þessum heimi, helgast í þjer. Guð hefir kannast við þig fyrir mönnum og englum, bið þess vegna um, að þú vanhelgir ekki þetta “góða nafn, sem þú ert nefndur með”. Jak. 2, 7. Guð sendir þig út í heiminn sem fulltrúa sinn. Í sjerhverju sem þú gjörir, átt þú að birta nafn Guðs. Þessi bæn gjörir þær kröfur,
- [135]

að þú fáir lunderni hans. Þú getur ekki helgað nafn hans, þú getur ekki verið fulltrúi hans í heiminum, nema því aðeins að þú í lífi og lunderni sjálfs þín, sýnir hans líf og lunderni. Þetta getur einungis orðið með því móti, að þú veitir náð Krists og rjettlæti viðtöku.

### “Tilkomi þitt ríki.”

Guð og faðir vor, sem elskar oss og sjer fyrir oss sem sínum börnum; hann er einnig hinn voldugi konungur alheimsins. Hagsmunir ríkis hans eru vorir hagsmunir, og vjer eigum að vinna að því að þetta ríki verði sem fyrst stofnsett.

Lærisveinar Krists hjeldu, að dýrðarríkið mundi koma þá skjótlega; en með því að kenna þeim þessa bæn, gaf Jesús til kynna, að tíminn til að stofnsetja þetta ríki væri enn ekki kominn. Þeir áttu að biðja um komu þess með það í huga, að hún heyrði framtíðinni til. En þessi bæn hafði einnig í sjer fóligna tryggingu þeim til handa. Að vísu skyldu þeir ekki lifa það að sjá ríkið stofnsett; en þetta, að Kristur hvetur þá til að biðja um það, er sönnun þess, að það mun vissulega koma á þeim tíma, er Guð hefir ákveðið.

Að stofnsetningu náðarríkis Guðs er unnið nú dag eftir dag, með því að hjörtu, er hafa verið full syndar og þrjósku, gefa sig á vald kærleika hans og mætti; en hin fullkomna stofnsetning dýrðarríkis hans, mun ekki eiga sjer stað fyr en Kristur kemur í annað sinn hingað til þesarar jarðar. “Ríki, vald og máttur allra konungsríkja, sem undir himninum eru, mun gefið verða heilögum lýð hins Hæsta”. Dan. 7, 27. Þeir munu erfa það ríki, sem þeim hefir verið fyrirbúið “frá grundvöllun heims”. Matt. 25, 34. Þá mun Kristur taka við völdum og stjórna. Op. 21, 3.

[136]

Hlið himinsins munu aftur ljúkast upp, og ásamt tíu þúsundum tíu þúsunda og þúsundum þúsunda heilagra, mun Frelsarinn ganga fram sem konungur konunganna og Drottinn drotnanna. Jehóva Immanúel “mun þá vera konungur yfir öllu landinu; á þeim degi mun Drottinn vera einn og nafn hans eitt”. Bústaður Guðs mun vera meðal mannanna, og hann mun búa hjá þeim, og þeir munu vera folk hans, og Guð sjálfur mun vera hjá þeim, Guð þeirra”. Sak. 14, 9

En áður en þetta ríki kemur, sagði Jesús, mun “fagnaðarboðskapurinn um ríkið” “þrjedikaður verða um alla heimsbygðina, til vitnisburðar öllum þjóðum”. Matt. 24. 14. Ríki hans mun ekki koma,

fyr en gleðiboðskapurinn um náð hans hefir hljómað fyrir öllum heiminum. Með því að ganga Guði á hönd og leiða sálir til hans, flýtum vjer fyrir komu ríkis hans. Þeir einir, sem helga sig þjónustu hans, segjandi: “Hjer er jeg, send þú mig”, til að opna hin blindu augun og til að snúa mönnunum “frá myrkri til ljóss og frá Satans valdi til Guðs, svo að þeir öðlist syndafyrirgefning og arf með þeim, sem helgaðir eru” Jes. 6, 8; Post. 26, 18. — Þessir einir geta beðið af hjarta: “Komi ríki þitt”.

### “Verði þinn vilji, svo á jörðu, sem á himni.”

[137] Guðs vilji birtist í boðorðunum, hinu heilaga lögmáli hans, og meginreglur þessa lögmáls eru meginreglur himinsins. Englarnir á himnum öðlast enga háleitari þekkingu en þá, að þekkja vilja Guðs; og að fram- kvæma vilja hans er hin æðsta þjónusta. sem þeir geta tekist á hendur.

En á himnum er þjónustan ekki framkvæmd einungis sem laga-boð. Þegar Satan reis í gegn lögum Jehóva, var eins og englarnir vöknuðu í fyrsta sinn til meðvitundar um, að til væri í rauninni nokk-urt lögmál. Englarnir inna ekki þjónustu sína af hendi sem þjónar, heldur sem synir. Milli þeirra og skaparans er fullkomið samræmi. Hlýðnin er þeim ekki þrældómsok. Kærleikurinn til Guðs gjörir þjónustuna að gleði. Í sjerhverri sálu, sem Kristur, von dýrðarinnar, býr í, munu og hljóma þessi orð hans: “Að gjöra vilja þinn, Guð minn, er mjer yndi, og lögmál þitt er hið innra í mjer”. Sálm. 40, 9.

Bænin: “Verði þinn vilji, svo á jörðu sem á himni”, er bæn um, að yfirráðum hins vonda á jörðunni megi verða lokið, að syndin megi að eilífu verða afmáð, og ríki rjettlætisins koma. Þá mun Guðs góði og velþóknanlegi vilji ráða á jörðunni, eins og hann ræður á himnum.

### “Gef oss í dag vort daglegt brauð.”

Fyrri hluti þeirrar bænar, sem Jesús kendi oss, áhrærir Guðs nafn, Guðs ríki og Guðs vilja. Þar er beðið um, að hans nafn megi verða vegsamlegt, ríki hans stofnsett og vilji hans framkvæmdur. Eftir að hafa þannig matið þjónustuna fyrir Guð mest af öllu, getur þú með öruggu trausti beðið um það, sem þú sjálfur þarfnast. Ef þú



hefir losað þig við sjálfselskuna, og gefið þig Kristi á vald, þá ert þú meðlimur Guðs fjölskyldu, og alt, sem er í húsi Föðurins, er handa þjer. Þú hefir frjálsan aðgang að öllum fjársjóðum Guðs, bæði í þessum heimi, sem nú er og hinum komandi. Þjónusta englanna, gjöf Andans og starfsemi þjóna hans — þetta er alt saman handa þjer. Heimurinn og alt, sem í honum er, heyrir þjer til, að svo miklu leyti sem þjer er það gagnlegt. Jafnvel óvinátta hinna óguðlegu, mun verða þjer til blessunar og stuðla að uppeldi þínu fyrir himininn. “Alt er yðar”, ef “þjer eruð Krists”. 1. Kor. 3, 22. 23.

[138]

En þú ert eins og barn, sem ekki hefir enn fengið umráð yfir arfi sínum. Guð trúir þjer ekki fyrir hinni dýrmætu eign, svo að Satan ekki tæli þig með slægð sinni, eins og hann tældi hina fyrstu menn í Eden. Kristur geymir hana fyrir þig, þar sem spellvirkinn getur ekki náð til hennar. Eins og barnið munt þú ávalt fá það, sem þú þarfnast dag frá degi. Á hverjum degi verður þú að biðja: “Gef oss í dag vort daglegt brauð”. Lát það ekki verða þjer áhyggjuefni, þótt ‘þú hafir ekki nóg þangað til á morgun. Þú hefir hans óbrigðula loford um, að fyrir öllum þörfum þínum verði sjeð. Davíð segir: “Ungur var jeg og gamall er jeg orðinn, en aldrei sá jeg rjettlátan mann yfirgefinn, nje niðja hans biðja sjer matar”. Sál. 37, 25. Sá Guð, sem sendi hrafna með fæðu handa Elía við lækinn Krít, mun ekki láta eitt einasta af hinum trúu, fórnfúsu börnum sínum afskiftalaust. Um þann sem framgengur í hreinskilni er ritað: “Brauðið skal verða fært honum, og vatnið handa honum skal eigi þverra”. “Á vondum tímum verða þeir eigi til skammar, á hallæristímum hljóta þeir saðning”. “Hann, sem eigi þyrmdi sínum eigin syni, heldur framseldi hann fyrir oss alla, hví skyldi hann eigi líka gefa oss allt með honum?”. Jes. 33, 16; Sál. 37, 19; Róm. 8, 32. Hann, sem annaðist móður sína, er var ekkja, ljetti byrðar hennar og áhyggjur og hjálpaði henni með að sjá fyrir nauðsynjum fjölskyldunnar í Nazaret, hefir meðaumkun með sjerhverri móður í baráttu hennar við að útvega fæðu handa börnum sínum. Hann, sem kendi í brjósti um mannfjöldann. af því að þeir voru “hrjáðir og tvístraðir” (Matt. 9, 36.), kennir enn í brjósti um hina nauðstöddu. Hönd hans er útrjett þeim til blessunar, og í bæninni, sem hann kendi lærisveinum sínum, kennir hann oss, að minnst hinna bágstöddu.

[139]

Ef vjer biðjum: “Gef oss í dag vort daglegt brauð”, þá biðjum vjer ekki einungis fyrir sjálfum oss, heldur og fyrir öðrum, og vjer

viðurkennum, að það sem Guð gefur oss, er ekki handa oss einum. Hann trúir oss fyrir því, svo að vjer getum mettað hina hunguðu. Í gæsku sinni hefir hann sjeð fyrir hinum bágstöddu (Sálm. 68, 11.), og hann segir: “Þegar þú heldur miðdegisverð eða kvöldverð, bjóð þú þá hvorki vinum þínum nje bræðrum þínum nje ættingjum þínum, ekki heldur ríkum nágrönnum þínum . . . . En þegar þú gjörir heimboð, þá bjóð þú fátækum, vanheilum, höltum og blindum; og þá munt þú verða sæll, því að þeir hafa ekkert að endurgjalda þjer með; en þjer mun verða endurgoldið það í upprisu hinna rjettlátu”. Lúk. 14, 12—14.

“Guð er þess megnugur að láta alla náð hlotnast yður ríkulega, til þess að þjer í öllu og ávalt hafið alt, sem þjer þarfnist, og hafið gnægð til sjerhvers góðs verks”. “Sá sem sáir sparlega, mun og sparlega uppskera, og sá sem sáir með blessunum, mun og með blessunum uppskera”. 2. Kor. 9, 8. 6.

Bænin um daglegt brauð á ekki einungis við líkamlega fæðu, heldur og hina andlegu fæðu, er mun veita sálunni næringu til eilífs lífs. Jesús segir: “Aflið yður eigi þeirrar fæðu, sem eyðist, heldur þeirrar fæðu, sem varir til eilífs lífs”. “Jeg er hið lifandi brauð, sem kom niður af himni; ef nokkur etur af þessu brauði, mun hann lifa til eilífdar”. Jóh. 6, 27. 51. Frelsari vor er brauð lífsins, og það er með því að íhuga kærleika hans og veita honum viðtöku í sálina, að vjer neytum þess brauðs, sem kom niður af himnum.

[140]

[141]

Vjer meðtökum Krist fyrir orð hans, og Heilagur andi veitist til að ljúka upp hugskotinu, svo að vjer skiljum Guðs orð, og sannleikur þess komist inn í hjörtu vor. Á hverjum degi eigum vjer að biðja Guð um, að hann sendi Anda sinn, þegar vjer lesum hans orð, til að sýna oss sannleikann, er mun veita sálum vorum þann styrk, sem vjer þurfum með til dagsins.

Þegar Guð kennir oss að biðja á hverjum degi um þarfir vorar, bæði af tímanlegri og andlegri blessun, þá hefir hann tilgang með því sem oss er fyrir bestu. Hann vill koma oss í skilning um það, hversu vjer þurfum hans stöðugu umönnunar með; því að hann óskar að draga oss inn í samfjelag sitt. Í samfjelaginu við Krist munu hungraðar sálir mettast fyrir bæn og rannsókn á hinum dýrmætu sannindum í orði hans, og þorsta vorum mun verða svalað við uppsprettu lífsins.

**“Fyrirgef oss syndir vorar, því að vjer fyrirgefum og sjálfir öllum skuldunautum vorum.”**

Jesús kennir, að vjer getum einungis fengið fyrirgefningu hjá Guði, þegar vjer fyrirgefum öðrum. Það er kærleikur Guðs, sem dregur oss til hans, og þessi kærleikur getur ekki snert hjörtu vor án þess að vekja kærleika til meðbræðra vorra.

Þegar Jesús hafði lokið bæn þeirri er vjer köllum “Faðir vor”, bætti hann við: “Því að ef þjer fyrirgefið mönnunum misgjörðir þeirra, þá mun yðar himneski Faðir einnig fyrirgefa yður. En ef þjer fyrirgefið ekki mönnunum þeirra misgjörðir, þá mun Faðir yðar ekki heldur fyrirgefa yðar misgjörðir.

Sá, sem er ófús að fyrirgefa, slítur með því samband- inu við [142] þá uppsprettu, hvar hann einungis getur hlotið miskunn Guðs. Vjer megum ekki ætla, að vjer þurfum ekki að fyrirgefa nema því aðeins að þeir, sem hafa gjört á hluta vorn, játi yfirsjón sína. Það er þeirra að auðmýkja hjarta sitt með iðrun og játningu; en vjer verðum að hafa meðaumkun með þeim, er hafa brotið gegn oss, hvort sem þeir játa yfirsjónir sínar eða ekki. Hversu mikið sem þeir kunna að hafa sært oss, þá eigum vjer ekki að geyma erfiðleika vora í huganum, og kenna í brjósti um sjálfa oss fyrir þann órjett, er vjer höfum orðið fyrir. Eins og vjer vonum, að fá fyrirgefningu hjá Guði, fyrir misgjörðir vorar við hann, eigum vjer og að fyrirgefa þeim, sem hafa gjört oss á móti.

En fyrirgefningin hefir víðtækari þýðingu en margir ætla. “Þegar Guð lofar því að hann vilji “fyrirgefa ríkulega” þá bætir hann við, alveg eins og það sem felst í loforðinu sje ofvaxið vorum skilningi: “Mínar hugsanir eru ekki yðar hugsanir, og yðar vegir ekki mínir vegir, segir Drottinn, heldur svo miklu sem himininn er hærri en jörðin, svo miklu hærri eru mínir vegir yðar vegum og mínar hugsanir yðar hugsunum”. Jes. 55, 7—9. Guðs fyrirgefning er ekki aðeins lagaleg framkvæmd, sem hann leysir oss undan fyrirdæmingu með; hún er ekki einungis fyrirgefning syndar, heldur einnig frelsun frá synd. Hún er tilboð um kærleika Frelsarans, sem umbreytir hjartanu. Davíð hafði hinn rjetta skilning á fyrirgefningu, er hann bað: “Skapa í mjer hreint hjarta, ó Guð, veit mjer af nýju stöðugan anda! “Hann segir ennfremur: “Svo langt sem austrið er frá vestrinu, svo langt hefir hann fjarlægt afbrot vor frá oss”. Sálm. 51, 12; 103, 12.

[143] I Kristi gaf Guð sjálfan sig fyrir syndir vorar. Hann leið hinn grimmilega kross-dauða og bar syndabyrðina fyrir oss, “hinn rjettláti fyrir rangláta”, svo að hann gæti birt oss kærleika sinn og dregið oss til sín; og hann segir: “Verið fúsir til að fyrirgefa hver öðrum, eins og líka Guð hefir í Kristi fyrirgefið yður”. Ef. 4, 32. Látið Krist, hið guðdómlega líf, búa í yður og birta í yður hinn himneska kærleika, sem mun vekja von hjá hinum vonlausa og veita himneskum friði inn í það hjarta, sem er þjáð af syndinni. Þegar vjer komum til Guðs, þá er það fyrsta skilyrðið sem oss er sett, er vjer hljótum miskunn hjá honum, að vjer lofum þá náð hans að birtast öðrum gegnum oss.

Helsta skilyrði þess, að vjer getum fengið og veitt öðrum þá fyrirgefningu, sem fæst fyrir kærleika Guðs, er það, að vjer þekkjum og trúum kærleikanum, sem hann hefir á oss. 1. Jóh. 4. 16. Satan reynir með öllum þeim svikum og blekkingum, sem hann ræður yfir, að hindra oss frá því að sjá þennan kærleika. Hann vill koma oss til að trúa því, að yfirsjónir vorar og misgjörðir hafi verið svo miklar, að Drottinn vilji ekki gefa gaum bænum vorum, og að hann muni ekki blessa oss og frelsa oss. Í sjálfum oss sjáum vjer ekkert nema breyskleika, ekkert, sem getur veitt oss hylli hjá Guði, og Satan segir oss, að það sje ekki til neins, vjer getum ekki lagað lundernisgalla vora. Þegar vjer reynum að koma fram fyrir Guð, þá mun óvinurinn hvísla að oss: Það er ekki til neins fyrir þig að biðja, var það ekki þú, sem gjörðir þetta, sem var svo ljótt? Hefir þú ekki syndgað móti Guði og breytt móti samvisku þinni? En vjer getum svarað óvininum því, að “blóð Jesú Krists, Guðs sonar, hreinsar oss af allri synd”. 1. Jóh. 1, 7. Þegar vjer finnum að vjer höfum syndgað og getum ekki beðið, þá er einmitt tíminn til að biðja. Það orð er satt, og í alla staði þess vert, að við því sje tekið, að Jesús Kristur kom í heiminn til að frelsa synduga menn, og er jeg þeirra fremstur”. 1. Tím. 1, 15. Þetta, að vjer fáum fyrirgefningu og komumst í sátt við Guð, veitist ekki sem endurgjald fyrir verk vor og úthlutast ekki af tilliti til verðskuldunar syndugra manna, heldur er það gjöf oss til handa, og þessi gjöf veitist oss sakir rjettlætis Krists, sem hefir engan blett á sjer.

[144]

Vjer megum ekki reyna að gjöra brot vort minna en það er, með því að afsaka syndina. Vjer verðum að fallast á dóm Guðs yfir syndinni, og þessi dómur er mjög strangur. Einungis við birtuna, sem leggur frá Golgata-krossi sjest syndin í allri sinni viðurstygð. Ef vjer

yrðum að bera syndasekt vora, þá mundi hún kremja oss sundur. En hann, sem ekki drýgði synd, kom í vörn stað; þótt hann væri saklaus, hefir hann borið misgjörðir vorar. “Ef vjer játum syndir vorar, þá er hann trúr og rjettlátur, svo að hann fyrirgefur oss syndirnar og hreinsar oss af öllu ranglæti”. 1. Jóh. 1, 9. Dýrðlegi sannleikur! — rjettlátur gagnvart sínu eigin lögmáli rjettlætir hann þó alla, sem trúa á Jesúm. “Hver er slíkur Guð sem þú, sá er fyrirgefur leifum arfleifðar sinnar misgjörð þeirra? Hann heldur ekki fast við reiði sína eilíflega, heldur hefir unun af að vera miskunnsamur”. Mik. 7, 18.

**“Leið oss ekki í freistni, heldur frelsa oss frá illu”.**

Freisting er ginning til syndar, og hún er ekki komin frá Guði, heldur frá Satan og hinu vonda í vorum eigin hjörtum. Guð getur eigi orðið fyrir freistingu af hinu illa, enda freistar hann sjálfur einskis manns”. Jak. 1, 13.

Satan leitast við að leiða oss í freistni, svo að hið illa í lunderni voru verði opinbert mönnum og englum, þannig að hann geti krafist vor sem sinnar eignar. Í líkingar-spádómnum hjá Sakaríá, sjer maður Satan standa til hægri handar engli Drottins og ákæra Jósúa æðsta prest, er var í óhreinum klæðum, og rísa gegn því verki, sem engill Drottins vill gjöra fyrir Jósúa. Þetta sýnir þá stefnu, sem Satan tekur gagnvart sjerhverri sálu, sem Kristur leitast við að draga til sín. Óvinurinn kemur oss til að syndga, og síðan ákærir hann oss fyrir Guði og englunum sem óverðuga Guðs kærleika. En “Drottinn mælti til Satans: Drottinn ávíti þig, Satan! Drottinn, sem útvalið hefir Jerusalem, ávíti þig. Er ekki þessi eins og brandur úr báli dreginn?” Og til Jósúa mælti hann: “Sjá, jeg hefi burtnumið misgjörð þína frá þjer og læt nú færa þig í skrudklæði”.

[145]

Í sínum mikla kærleika leitast Guð við að þroska dygðir Heilags anda í oss. Hann leyfir að hindranir, ofsóknir og erfiðleikar mæti oss, ekki sem bölvun, heldur sem hin mesta blessun í lífi voru. Sjerhver freisting, sem vjer stöndum gegn, sjerhver raun, sem vjer berum með þolinmæði, lætur oss fá nýtt að reyna og eykur lundernisþroska vorn. Sú sál, sem fyrir Guðs kraft stendur gegn freistingu, sýnir það mönnum og englum, að náð Krists nægir í öllum kringumstaðum.

En þótt vjer eigum ekki að láta raunirnar skelfa oss, hversu þungar sem þær kunna að vera, þá eigum vjer þó að biðja Guð þess,

[146] að hann leyfi oss ekki að fara þangað, sem hinar illu fýsnir hjarta vors munu leiða oss afvega. Með því að senda upp í hæðirnar þessa bæn, sem Kristur hefir gefið oss, felum vjer oss á vald leiðsögn Guðs og biðjum hann að leiða oss á öruggar leiðir. Vjer getum ekki sent þessa bæn upp í hæðirnar í fullri alvöru og um leið valið að ganga vora eigin leið. Vjer munum bíða eftir því, að hann leiði oss, og vjer munum heyra röddu hans, er hann segir: “Hjer er vegurinn! Farið hann!” Jes. 30, 21.

Vjer getum ekki hættulaust numið staðar til þess að yfirvega þann hagnað, sem maður kynni að hafa af því að fara eftir því, sem Satan blæs oss í brjóst. Synd er smán og óhamingja sjerhverjum, sem gefur sig við henni; en syndin blindar augun og er ginnandi í eðli sínu, og hún mun lokka oss með því að sýna oss það, sem er glæsilegt og gengur í augun. Ef vjer hættum oss inn á afskiptasvið Satans, þá höfum vjer ekkert loforð um vernd fyrir yfirráðum hans. Að svo miklu leyti sem í voru valdi stendur, eigum vjer að loka öllum dyrum, sem freistarinn getur komið inn um og á þann hátt náð til vor.

Bænin: “Leið þú oss ekki í freistni”, er í sjálfu sjer loforð. Ef vjer felum oss Guði, þá höfum vjer fullvissu um að “Guð er trúr, sem ekki mun leyfa að þjer freistist yfir megn fram, heldur mun hann ásamt freistingunni einnig sjá um, að þjer komist út úr henni og fáíð staðist”. 1. Kor. 10, 13.

Eina vörnin gegn hinu illa er sú, að Kristur búi í hjartanu fyrir trúna á rjettlæti hans. Að freistingar hafa vald yfir oss, kemur af því, að í hjörtum vorum er sjálfselska. En þegar vjer íhugum hinn mikla kærleika Guðs, þá kemur sjálfselskan oss fyrir sjónir eins ljót og viðurstyggileg og hún er, og oss langar til að sálin megi losna við hana. Þegar Heilagur andi helgar Krist í huga vorum, þá mýkjast hjörtu vor og breytast þannig, að freistingarnar missa mátt sinn, og náð Krists gjörbreytir lunderninu.

[147] Kristur sleppir aldrei hendinni af þeim, sem hann gaf líf sitt út fyrir. Maðurinn getur yfirgefið hann og yfirbugast af freistingu; en Kristur getur aldrei yfirgefið þann, sem hann hefir keypt með lífi sínu. Ef unt væri að opna hin andlegu augu vor, þá mundum vjer sjá þjáðar sálin, sem mæðast undir byrði harma og synda, þunga hlaðnar eins og vagn undir æki, að því komnar að gefast upp í ráðaleysi. Vjer mundum geta sjeð engla, er nraða sjer til hjálpar þessum freistuðu

sálum, er virðast standa á barmi glötunarinnar. Englar frá himnum þröngva hópum vonskunnar, er umkringja þessar sálir, til að hörfa undan, og hjálpa þeim sem fyrir freistingu verða til að stíga fótum sínum á hinn fasta grundvöll. Bardagi sá, sem stendur milli þessara tveggja afla, er jafnmikill raunveruleiki og stríð þau, sem háð eru af jarðneskum herflokkum, og úrslit hinnar andlegu baráttu gjöra út um hin eilífu örlög sálna.

Til vor eins og til Pjeturs eru þessi orð töluð: “Satan krafðist yðar, til að sælda yður eins og hveiti; en jeg hefi beðið fyrir þjer, til þess að trú þín þrjóti ekki”. Lúk. 22, 31. 32. Þökk sje Guði, vjer erum ekki látnir eiga oss, ekki látnir afskiptalausir! Hann, sem elskaði heiminn svo heitt, “að hann gaf son sinn eingetinn, til þess, að hver, sem á hann trúir, glatist ekki, heldur hafi eilíft líf” (Jóh. 3, 16), mun ekki yfirgefa oss í bardaganum við andstæðing Guðs og manna. “Sjá”, segir hann, “jeg hefi gefið yður vald til að stíga ofan á höggorma og sporðdreka, og yfir öllu óvinnarins veldi, og ekkert skal yður minsta mein gjöra”. Lúk. 10, 19.

Lifðu lífi þínu í samfjelagi við hinn lifandi Krist, þá mun hann halda þjer fast með hendi, sem aldrei sleppir tókum sínum. Þektu kærleikann, sem Guð hefir á oss, og trúðu honum, þá er þjer óhætt. Þessi kærleikur er borg, sem býður öllum árásum Satans byrginn. “Nafn Drottins er sterkur turn; þangað hleypur hinn rjettláti og er þar óhultur”. Orðskv. 18, 10.

### “Þitt er ríkið og mátturinn og dýrðin”.

Endirinn á bæn Drottins, bendir, eins og byrjunin, á Föður vorn sem þann, sem er ofar allri tign og veldi og sjerhverju nafni, er nefnist. Frelsarinn leit inn í framtíðina og sá það, sem lá fyrir lærisveinum hans; hann sá að leið þeirra mundi ekki verða stráð geislum veraldlegs meðlætis og heiðurs, eins og þeir höfðu gjört sjer hugmyndir um, heldur mundi skyggja yfir hjá þeim af stórviðri, er hatur og reiði manna og Satans mundi til vegar koma. Sökum stríðs gegn þjóðinni og eyðingar hennar, mundu þjer verða í hættu staddir, og oft mundu þjer verða beygðir af ótta. Þjer skyldu lifa það, að sjá Jerúsalem lagða í eyði, og musterið gjört að rústum, guðsþjónustum þess hætt að eilífu og Ísrael tvístrast um öll lönd eins og rekald á eyði-strönd. “En þjer munuð heyra um hernað og spyrja hernaðartíðindi”. “Því

[148]

[149]

að þjóð mun rísa upp gegn þjóð og konungsríki gegn konungsríki. Bæði mun verða hallæri og landskjálftar á ýmsum stöðum. En alt þetta er upphaf fæðingarhríðanna”. Matt. 24, 6—8. Eftirbreytendur Krists skyldu þó ekki óttast, að öll von væri úti fyrir þeim, eða að Guð hefði yfirgefið jörðina. Mátturinn og dýrðin heyrir honum til, honum, hvers miklu áform hraða sjer hindrunarlaust að hinum endanlegu framkvæmdum. Í bæninni, sem lærisveinar Krists leggja fram daglegar þarfir sínar í, eru þeir hvattir til að lyfta augunum upp yfir völd og yfirráð hins vonða, til Drottins Guðs þeirra, sem er faðir þeirra og eilífur vinur, og hvers ríki drotnar yfir öllu.

[150] Eyðing Jerúsalem var ímynd hinnar endanlegu eyðingar, er koma mun yfir jörðina. Þeir spádómar, sem að nokkru leyti uppfyltust við eyðingu Jerusalem, eiga í beinni merkingu við hina síðustu daga. Vjer stöndum nú á þröskuldi mikilla og alvarlegra viðburða. Framundan eru vandræði svo mikil, að slík hafa aldrei komið yfir heimsbygðina. Til vor, eins og hinna fyrstu lærisveina, nær hin sæla fullvissa, að Guðs ríki ræður yfir öllu. Stefnuskrá hinna nálægu viðburða er í hendi skaparans. Hátign himinsins stjórnar örlögum þjóðanna sjálfra eins og málefnum safnaðar síns. Hinn guðdómlegi kennari segir við sjerhvern, er tekur þátt í framkvæmdum Guðs áforma, eins og hann sagði forðum við Kýrus: “Jeg hertýgjaði þig þó að þú þektir mig ekki”. Jes. 45, 5.

Í sýninni, sem Esekíel spámaður sá, komu í ljós hendur undir vængjum Kerúbanna. Þetta var til þess að kenna þjónum hans, að það er Guðs kraftur, sem veitir þeim framfarir. Þeir sem Guð notar fyrir sendiboða sína, mega ekki álíta, að verk hans sje háð þeim. Hann, sem ekki blundar, og er sífelt að verki til að framkvæma ráðsályktanir sínar, mun leiða verk sitt til lykta. Hann mun ónýta áform óguðlegra manna, og trufla ráðagjörðir þeirra, er rísa gegn hans fólki. Hann, sem er konungur konunganna og Drottinn drotnanna, situr milli Kerúbanna, og í bardögum og háreisti þjóðanna, er hann enn verndari barna sinna. Hann, sem ríkir á himnum, er frelsari vor. Hann vegur hverja raun, hann lítur eftir eldinum, sem verður að reyna sjerhverja sál. Þegar vígi konunganna hrynja niður til grunna og örvar reiðinnar nísta hjörtu óvina hans, þá munu börn hans vera óhult í hendi hans.

“Þín, Drottinn, er tignin, mátturinn og dýrðin, vegsemdin og hátignin; því að alt er þitt á himni og jörðu . . . Máttur og meginn



---

er í þinni hendi, og á þínu valdi er það, að gjöra hvern sem vera skal mikinn og máttkan”. 1. Kron. 29, 11 12.

[151]

## Capitol 6.—Dæmið ekki

“Dæmið ekki, til þess að þjer verðið ekki dæmdir”.

Tilraunin til að ávinna sjer frelsi með eigin verkum mun óhjákvæmilega verða til þess, að innleiða margs konar manna-ákvarðanir, sem varnarvirki mót syndinni. Því að þegar mennirnir sjá, að þeim tekst ekki að halda lögmálið, þá búa þeir sjálfir til reglur, til þess með því að knýja sig til að hlýða því. Alt þetta dregur huga mannsins frá Guði, og festir hann við sjálfan hann. Kærleikur Guðs deyr út í hjartanu, og þar með hverfur einnig kærleikurinn til náungans. Slík manna-boð, með hinum margvíslegu ákvæðum þeirra, munu koma hlutaðeiganda til að dæma alla, sem ná skamt í að halda þessi manna-boð. Sjálfselskuþröngsýnisog aðfinsluandinn kæfir hið góða og göfuga, sem er hið innra í mannum, og gjörir hann að lítilmannlegum dómara og smásmuglegum njósnara.

Til þessa flokks töldust Farísearnir. Er þeir komu frá guðsbjónustunni, voru þeir ekki auðmjúkir orðnir fyrir hugsunina um eigin breyskleika, nje þakklátir fyrir þá miklu yfirburði, sem Guð hafði veitt þeim. Þeir komu fullir andlegs hroka, og hugurinn snjerist um þetta: “Jeg, mínar tilfinningar, mínir vegir”. — Þeir gjörðu sjálfa sig að þeim mælikvarða, er þeir mældu aðra með og dæmdu eftir. Klæddir skikkju drambseminnar settust þeir í dómarasætið, til að finna að og fyrir dæma.

[152] Fólkið var að miklu leyti gagnsýrt af sama hugarfari. Þeir veittu samviskum manna ágang og dæmdu aðra í slíkum málum, er aðeins koma einstaklingunum og Guði við. Það var með tilliti til þessa hugarfars og framkomu, sem Jesús sagði: “Dæmið ekki, til þess að þjer verðið ekki dæmdir”. Það er að segja: gjörðu sjálfan þig ekki að mælikvarða fyrir meðbræður þína. Komdu ekki með þína meiningu, þínar skoðanir um, hvað skyldan býður, eða þínar útlekkingar á Ritningunni, í því skyni, að aðrir eigi að haga sjer eftir því, og fyrir dæmdu þá ekki þó að þeir nái ekki að fullnægja þínum hugsjónum.

Gefðu þig ekki við því, að setja út á aðra, gjöra ályktanir viðvíkjandi hvötum þeirra nje kveða upp dóm yfir þeim.

“Dæmið ekki neitt fyrir tímann, áður en Drottinn kemur, hann, sem mun leiða það í ljós, sem í myrkrinu er hulið, og opinbera ráð hjartnanna”. (1. Kor. 4, 5.). Vjer getum ekki lesið hjartað. Með því að vjer erum sjálfir breyskir og ófullkomnir, erum vjer ekki hæfir til að sitja í dómarsætinu og dæma aðra. Vjer erum takmarkaðir, og getum einungis dæmt eftir hinu ytra. Dómurinn yfir einstaklingnum heyrir honum einum til, sem þekkir hin huldu upptök verkanna, og sem fer mildilega með manneskjurnar og auðsýnir þeim miskunnsemi.

“Fyrir því hefir þú, maður, sem dæmir, hver sem þú ert. enga afsökun. Því að um leið og þú dæmir annan, fyrirdæmir þú sjálfan þig; því að þú, sem dæmir, fremur hið sama”. Róm. 2, 1. Þeir, sem dæma aðra, eða finna að þeim, lýsa sjálfa sig seka; því að þeir fremja sjálfir hið sama. Með því að fyrirdæma aðra, kveða þeir dóm upp yfir sjálfum sjer, og Guð vottar, að sá úrskurður sje rjettur. Hann felst á þann dóm, er þeir kveða upp yfir sjálfum sjer.

### “Hví sjer þú flísina í auga bróður þíns?”

Jafnvel yfirlýsingin: “Þú, sem dæmir, fremur hið sama”, bendir ekki á hina fullu stærð þeirrar synd- ar, sem sá fremur, er dirfist að [153] setja út á eða fyrirdæma bróður sinn. Jesús sagði: “Hví sjer þú flísina í auga bróður þíns, en tekur ekki eftir bjálkanum í auga þínu?”

Þessi orð Frelsarans lýsa þeim, sem er skjóttur til að sjá galla hjá öðrum. Er hann hyggur að hann hafi fundið bresti í fari annars, þá lætur hann sjer mjög ant um að benda öðrum á þá; en Jesús lýsir því yfir með samanburði sínum, að hlutföllin milli þeirrar lyndiseinkunnar, er þroskast fyrir svona ókristilega framkomu, og gallans, sem fundið er að, sje eins og hlutföllin milli bjálka og flísar. Það er af því að manninn skortir umburðarlyndi og kærleika, að hann gjörir úlfalda úr mýflugu. Sá sem aldrei hefir iðrast synda sinna nje veit hvað það er, að hafa gengið Kristi algjörlega á hönd, mun ekki opinbera hin mildu, mýkjandi áhrif Frelsara-kærleikans í hjarta sínu. — Hann sýnir ekki með dæmi sínu hið blíða og nærgætnislega í fagn- aðarerindi Frelsarans, og hryggir dýrmætar sálir, er Kristur hefir dáíð fyrir. Sá, sem leggur það í vana sinn að álasa öðrum, er samkvæmt þeirri lýsingu, sem Frelsarinn gefur, sekari en sá, sem hann ákærir;

því að hann fremur ekki einungis hina sömu synd, heldur sýnir þar að auki sjálfsálit og hótmyndni.

Kristur er hin eina sanna fyrirmynd lundernisins, og sá, sem setur sjálfan sig til fyrirmyndar fyrir aðra, setur sig í Krists stað. Sjerhver, sem dirfist að dæma um hvatir annara, tekur sjer þá heimild, sem Guðs sonur einn hefir, því að Faðirinn “hefir falið syninum allan dóm á hendur”. Jóh. 5, 22. Þessir sjálfkvöddu dómara og gagnrýnendur, fylla flokk antikristsins, “sem setur sig á móti og rís gegn öllu því, sem kallast Guð eða helgur dómur, svo að hann sest í Guðs musteri og kemur fram eins og hann væri Guð”. 2. Þess. 2, 4.

[154]

Sú synd, er einna skaðlegastar afleiðingar hefir, er aðfinslusemin, ósáttfýsin og kuldinn í framkomunni, sem er einkenni faríseaháttarins. Þegar trúin er gjörsneydd kærleika, þá er Jesús þar ekki nálægur; ljósgeisla návistar hans vantar, og úr þessari vöntun verður ekki bætt með erfiði og striti eða ókristilegri vandlætingasemi. Vera má, að hlutaðeigandi hafi frábæra hæfileika til að uppgötva galla annara; en við sjerhvern, sem gjörir slíkt, segir Jesús: “Hræsvari. drag fyrst bjálkann út úr auga þínu, og þá muntu sjá vel til að draga út flísina úr auga bróður þíns”. Sá, sem sjálfur hefir framið ranglæti, er fyrstur manna til að gruna aðra um ranglæti. Með því að fyrirdæma aðra, reynir hann að hylja eða afsaka hið illa í sínu eigin hjarta. Það var þessi synd, sem leiddi mennina til þekkingar á hinu illa. Undireins og vorir fyrstu foreldrar höfðu syndgað, fóru þau að ákæra hvort annað, og þetta er það, sem mennirnir óhjákvæmilega munu gjöra, þegar náð Krists hefir ekki yfirráðin yfir þeim.

Þegar menn láta undan þessari tilhneigingu til að ákæra aðra, þá láta þeir sjer ekki nægja, aðeins að benda á það, sem þeir telja galla hjá bróður sínum. Ef þeir geta ekki með góðu fengið hann til að gjöra það, sem þeir álíta að honum beri að gjöra, þá grípa þeir til þvingunar. Að svo miklu leyti sem það stendur í þeirra valdi, munu þeir neyða mennina til að fara eftir þeirra hugmyndum um hvað rjett er. Þetta er það, sem Gyðingarnir gjörðu á Krists dögum, og það, sem kirkjan hefir altaf gjört síðan, þegar náð Krists stjórnaði henni ekki framar. Þegar hún fann, að hún hafði ekki mátt kærleikans, þá greip hún hinn sterka arm ríkisins, til þess að þröngva inn hjá fólkinu kreddum sínum og fá ákvæðum sínum framfylgt. Hjer er leyndardómur allra trúarbragðalegra laga, er menn hafa á öllum liðurnum

[155]

tímum komið á, og leyndardómur allra ofsókna, er hinir kristnu hafa orðið að þola alt frá dögum Abels og til vorra tíma.

Kristur rekur ekki mennina til þess að koma til sín, heldur dregur þá til sín. Eina þvingunin, sem hann notar, er hinn knýjandi máttur kærleikans.

Þegar kirkjan fer að leita aðstoðar hjá hinu borgaralega valdi, þá er það bersýnilegt, að hana vantar kraft Krists — hið knýjandi afl hins guðdómlega kærleika.

En yfirsjónin er hjá einstaklingunum innan kirkjunnar, og það er hjer, sem ráða verður bót á vandræðunum. Jesús býður kærandanum að draga fyrst bjálkann út úr auga sínu, losa sig við tilhneiginguna til að finna að, játa og iðrast sinna synða, áður en hann reynir að laga aðra; “því að ekki er til gott trje, sem ber skemdan ávöxt; ekki heldur skemt trje, sem ber góða ávöxtu”. Lúk. 6, 43. Þessi tilhneiging til að ákæra, er skemdur ávöxtur, sem sýnir, að trjeð er skemt. Það stoðar ekki þótt maður reyni að byggja sig upp af eigin rjettlæti. Það, sem hjer þarf með, er hjartalags-breyting, og hana verður maður aðfá, áður en maður er fær um að hjálpa öðrum til að laga sig; því “af gnægð hjartans mælir munnurinn”. Matt. 12, 34.

Þegar einhver er staddur í andlegri neyð, og þú leitast við að gefa honum ráð eða áminna hann, þá munu orð þín hafa jafn mikil áhrif til hins góða og eftirdæmi sjálfs þín og hugarfar hefir aflað þjer. Þú verður að vera góður, áður en þú getur gjört gott. Þú getur ekki haft þau áhrif, er ummynda aðra, fyr en þitt hjarta er orðið auðmjúkt, hreinsað og mýkt fyrir náð Krists. Þegar þessi breyting er skeð á sjálfum þjer, þá mun það verða þjer jafn eðlilegt að lifa öðrum til blessunar, og það er rósatrjenu, að bera ilmandi rósir eða vínviðnum að bera hina blárauðu vínberjaklasa.

[156]

[157]

Ef Kristur, “von dýrðarinnar”, er í þjer, þá munt þú ekki hafa neina tilhneingingu til að hafa vakandi auga á öðrum, til þess að fletta ofan af brestum þeirra. Í stað þess að leitast við að ákæra og fyrirdæma, mun það vera verkefni þitt að hjálpa, blessa og frelsa. Í framkomu þinni við þá, sem fajra villir vegar, munt þú gefa gaum að áminningunni: “Haf gát á sjálfum þjer, að þú freistist ekki líka”. Gal. 6, 1. Þú munt minnast þess, hversu oft þjer hefir sjálfum yfirsjest, og hve örðugt það hefir verið að finna rjettu leiðina, þegar þú á annað borð hefir verið kominn út af henni. Þú munt ekki hrinda bróður þínum út í svartara myrkur, heldur en hann er staddur í. Þú munt

með nærgætni og meðaumkun segja honum frá þeirri hættu, sem hann er staddur í.

Sá, sem oft lítur til Golgata-kross og minnst þess, að það voru hans syndir, er voru orsök í því, að Frelsarinn fór þangað, mun aldrei reyna að mæla stærð brota sinna með því að bera þau saman við annara brot. Hann mun ekki setjast í dómarasætið til þess að sakbera aðra. Aðfinslusemi eða sjálfsálit finst ekki hjá þeim, sem dvelur í forsælu Golgata-kross.

[158] Það er ekki fyr en þú finnur að þú ert fús að fórna sjálfsupphefðinni, og jafnvel að leggja líf þitt í sölurnar til að bjarga villuráfandi bróður, að þú hefir dregið bjálkann út úr auga þínu, svo að þú ert hæfur til að hjálpa bróður þínum. Þá getur þú komið til hans og snert hjarta hans. Engum, sem hefir farið afvega, hefir nokkur tíma orðið hjálpað með álassi og ávítunum; en fyrir það hefir mörgum verið hrundið frá Kristi og þeir lokað hjarta sínu, svo að ekki hefir verið unt að sannfæra þá. Nærgætni, lipurð og laðandi framkoma, getur bjargað hinum breyska og hulið fjölda synda. Þegar Kristur birtist í lunderni þínu, mun það hafa umbreytandi áhrif á alla, er þú kemst í kynni við. Lát Krist daglega birtast í þjer, þá mun hann birta sköpunarmátt orðs síns gegnum þig, birta mild, sannfærandi, öflug áhrif til þess á ný að framleiða hina guðdómlegu fegurð í annara sálum.

### “Gefið eigi hundunum það sem heilagt er”.

Jesús á hjer við þann flokk manna, sem ekki kærir sig neitt um að losna úr þrældómi syndarinnar. Með því að sökkva sjer niður í hið vonða og ódrengeilega, er eðli þeirra orðið svo spilt, að þeir halda dauðahaldi í hið vonða og vilja ekki skilja það við sig. Þjónar Krists eiga ekki að eyða tímanum fyrir þá, sem einungis munu gjöra fagnaðarerindið að deiluefni og athlægi.

En Frelsarinn sneiddi aldrei hjá nokkurri einustu sálu, hversu djúpt sem hún var sokkin í synd, ef hún aðeins var fús að veita viðtöku hinum himnesku sannindum. Tollheimtumenn og skækjur byrjuðu nýtt líf fyrir orð hans. María Magðalena, sem hann hafði rek-ið sjö illa anda út frá, fór síðust allra frá gröf Frelsarans og heilsaði honum fyrst manna morguninn, sem hann reis upp. Það var Sál frá Tarsus, einhver skæðasti óvinur fagnaðarerindisins, sem

breyttist í Pál, — þennan trúa Drottins þjón. Bak við hið ytra, er ber vott um hatur og fyrirlitningu, eða jafnvel glæpi og spillingu, getur leynst sál, sem Kristur af náð sinni vill frelsa, svo að hún síðan megi skína sera perla í kórónu Frelsarans.

[159]

Til þess að útiloka allt tilefni til vantrúar, misskilnings eða rangþýðingar á orðum hans, endurtekur Drottinn lofordið þrisvar sinnum. Hann þráir aðþeir, er leita Guðs, trúi á hann, sem megnar alt, og því bætir hann við: “Því að sjerhver sá öðlast, er biður, og sá finnur, er leitar, og fyrir þeim mun upp lokið, er á knýr”.

Drottinn nefnir engin önnur skilyrði en þessi, að mann hungri eftir miskunn hans, maður óski leiðbeiningar hans og þrái kærleika hans. “Biðjið”! Bænin leiðir það í ljós, að þú sjer þörf þína, og ef þú biður í trú, þá munt þú öðlast. Drottinn hefir lofað, og það getur ekki brugðist. Ef þú kemur sanniðrandi, þarft þú ekki að hugsa að það sje ofdirfska þó að þú biðjir um það, sem Drottinn hefir heitið. Þegar þú biður um þá blessun, sem þú þarft til þess að öðlast lunderni í líkingu við Krists lunderni, þá fullvissar hann þig um, að bæn þín er samkvæm því lofordi, er mun verða uppfyllt. Þegar þú finnur og veist, að þú ert syndari, þá er þetta næg ástæða til þess að þú biðjir um náð hans og miskunn. Skilyrði þess, að þú megir koma fram fyrir Guð, er ekki það, að þú sjert heilagur, heldur að þú óskir þess, að hann hreinsi þig af allri synd og ranglæti. Það, sem vjer ætíð og ávalt getum borið fyrir oss, er hin mikla þörf vor, hið algjörlega ósjálfbjarga ástand vort, er gjörir náð hans ómissandi fyrir oss.

“Leitið”! Óskaðu þjer ekki blessunar hans einnar, en óskaðu þjer hans sjálfs. “Haltu þig til hans (Guðs), þá muntu hafa frið, af því mun mikið gott til þín streyma”, Job 22, 21. Guð leitar að þjer, og sjerhver ósk hjarta þíns, um að koma til hans, kemur fyrir það, að Heilagur andi laðar þig. Láttu undan þessum laðandi krafti. Kristur talar máli þeirra, sem verða fyrir freistingum, hann talar máli þeirra, er hafa farið villir vegar, og þeirra, er vantar trú. Hann leitast við að lyfta þeim upp til samfjelagsins við sig. “Ef þú leitar hans, mun hann gefa þjer kost á að finna sig”. 1. Kron. 29, 9.

[160]

“Knýið á!” Vjer komum til Guðs, vegna þess að hann hefir gjört oss sjerstakt heimboð, og hann bíður eftir því, að geta boðið oss velkomna, er vjer göngum fram fyrir hann. Hinir fyrstu laerisveinar, er fylgdu Jesú, ljetu sjer ekki nægja að tala við hann allrasnöggvast á veginum, heldur sögðu þeir: “Meistari! hvar býr þú? — Þeir komu

og sáu, hvar hann bjó, og voru hjá honum þann dag”. Jóh. 1, 39.—  
40. Þeir, sem æskja blessunar Guðs, eiga að knýja á og bíða við náðardyrnar og segja með fullri sannfæringu: Drottinn, þú hefir sagt: Sjerhver sá öðlast, er biður, og sá finnur, er leitar, og fyrir þeim mun upp lokið, er á knýr.

Jesús virti þá fyrir sjer, er voru safnaðir saman til að hlýða á orð hans, og hann óskaði þess af hjarta, að hinn mikli mannfjöldi gæti skynjað náð Guðs og miskunnsemi. Til þess að lýsa þörf þeirra og fúsleika Guðs til að gefa, bendir hann þeim á hungrað barn, sem biður jarðneskan föður sinn um brauð. “En hver er sá meðal yðar”, segir hann, “sem mundi gefa syni sínum stein, ef hann bæði um brauð?” Hann skírskotar til hins innilega, eðlilega kærleika, sem foreldrar bera til barna sinna, og segir síðan: “Ef nú þjer, sem vondir eruð, tímið að gefa börnum yðar góðar gjafir, hversu miklu fremur mun þá faðir yðar, sem er á himnum gefa þeim góðar gjafir, sem biðja hann?” Enginn, með föðurhjarta, mundi reka hungrað barn sitt burtu, er bæði um brauð. Það er tæplega hægt að ímynda sjer, að [161] nokkur faðir mundi gabba barnið sitt með því að vekja vonir hjá því, til þess að láta það svo verða fyrir vonbrigðum á eftir. Mundi hann lofa því góðri og nærandi fæðu og gefa því svo stein? Og ætti nokkur að óvirða Guð með því að hugsa að hann vilji ekki veita bænir barna sinna?

Ef nú þjer menn, sem vondir eruð, “hafið vit á að gefa börnum yðar góðar gjafir, hversu miklu fremur mun þá faðir yðar, sem er á himnum, gefa þeim Heilagan anda, sem biðja hann”? Lúk. 11, 13. Heilagur andi, sjálfur fulltrúi Guðs, er hin mesta gjöf allra gjafa. Allar “góðar gjafir” eru fólgnar í þessari einu gjöf. Sjálfur skaparinn getur ekki gefið oss neitt meira eða betra. Þegar vjer biðjum Drottinn að sýna oss miskunnsemi í neyð vorri og leiðbeina oss með Heilögum anda, þá vísar hann aldrei bæn vorri á bug. Það er jafnvel mögulegt að faðir eða móðir daufheyrst við bænum hungraðs barns síns; en Guð getur aldrei daufheyrst við því hrópi, er kemur frá nauðstöddu og eftirvæntingarfullu hjarta. Íhugum með hve undraverðri viðkvæmni hann lýsir kærleika sínum! Til þeirra, sem á mótlætistímunum finst að Guð gefi þeim ekki gaum, hljómar þessi boðskapur frá hjarta Föðurins: “Zion segir: Drottinn hefir yfirgefið mig, Herrann hefir gleymt mjer! Hvort fær kona gleymt brjóstbarni sínu, að hún miskunni eigi lífsafkvæmi sínu? Og þó að þær gætu



gleymt, þá gleymi jeg þjer samt ekki. Sjá, jeg hefi rist þig á lófa mína”. Jes. 49, 14—16.

Sjerhvert fyrirheit Guðs orðs hefir að geyma hvatningu til bænar og bendir oss á orð Drottins sem tryggingu. Hver helst sem sú andlega blessun er, sem oss kann að vanta, þá megum vjer gjöra tilkall til hennar sakir Jesú Krists. Með barnslegri einlægni getum vjer talað við Drottin, einmitt um það, sem vjerþörfnumst. Vjer getum talað við hann um tímanlega hagi vora og beðið hann um fæði og klæði, alveg eins og um brauð lífsins og rjettlætisskikkju Krists. Vor himneski Faðir veit, að vjer þurfum alls þessa með, og hvetur oss til að biðja um það. Það er fyrir nafn Jesú, sem sjerhver gjöf veitist. Guð vill heiðra þetta nafn og sakir ríkdóms gæsku sinnar mun hann veita það, sem vjer þörfnumst.

[162]

En gleym ekki, að þegar þú kemur til Guðs sem föður, viðurkennir þú að þú sjert barn hans. Þú felur þig ekki einungis gæsku hans á vald, heldur fer þú og í öllu eftir vilja hans, vitandi að kærleikur hans er óumbreytanlegur. Þú gefur sjálfan þig til þess að framkvæma starf hans. Það voru þeir, er Jesús hafði hvatt til að leita fyrst Guðs ríkis og hans rjettlætis, sem hann heitir þessu: “Biðjið, og yður mun gefast”.

Hann, sem hefir alt vald á himni og jörðu, hefir lofað Guðs börnum gjöfum sínum. Gjafir, sem eru svo dýrmætar, að þær hafa hlotnast oss fyrir blóð Frelsarans, hina dýrmætu fórn, gjafir, er munu fullnægja sjerhverri innilegri þrá og þörf hjartans, gjafir, sem eru eins varanlegar og eilífðin, mun sjerhver, sem kemur til Guðs eins og lítið barn, meðtaka og njóta. Taktu Guðs loforð eins og þau heyri þjer til, og mintu hann á, að þau sjeu hans eigin orð, og þá mun þjer veitast fylling gleðinnar.

**“Alt, sem þjer því viljið, að aðrir menn gjöri yður, það skuluð þjer og þeim gjöra.”**

Með fullyrðingu um kærleika Guðs til vor, býður Jesus kærleika til náungans sem hina miklu meginreglu, er nær út yfir alt innbyrðis-samband manna á meðal.

Hugsanir Gyðinganna höfðu snúist um það, hvað þeir gætu fengið. Það, sem þeim fanst þýðingarmest var, að tryggja sjer það vald, álit og þjónustu frá annara hendi, sem þeir álitu að þeir hefðu rjett

[163]

til. En Kristur kennir, að það sem vjer eigum að hugsa mest um er ekki þetta: Hversu mikið á jeg að fá? heldur: Hversu mikið get jeg gefið? Það, sem vjer álitum skyldu annara gagnvart oss, er einnig skylda vor gagnvart öðrum.

Í samfjelagi þínu við aðra átt þú að setja þig í þeirra spor. Settu þig inn í tilfinningar þeirra, erfiðleika þeirra og vonbrigði, sorgir þeirra og gleði. Sameinaðu þig þeim og vertu við þá, eins og þú vilt að þeir sjeu við þig. Þetta er hin sanna regla ráðvendninnar. Þetta er með öðrum orðum það Iögmál, er býður: “Þú skalt elska náunga þinn eins og sjálfan þig”. Þetta erkjarni kenninga spámannanna. Það er himnesk meginregla, er sjerhver sá mun læra, sem að lokum verður hæfur til að dvelja meðal íbúa himinsins.

Hin gullvæga regla er grundvöllur sannrar kurteysi, og í lífi Jesú og lunderni birtist hún fullkomlega. Ó, hversu þeir geislar voru hlýir og fagrir, er stöfuðu af Frelsara vorum í daglegu lífi hans! Hvílik unun það var, þó ekki væri nema aðeins að vera í návist hans. Þetta sama mun koma í ljós hjá börnum hans. Þeir, sem Kristur býr hjá, munu vera umluktir himnesku andrúmslofti. Hin hvítu klæði hreinleika þeirra munu bera ilm frá blómagarði Drottins. Ljós hans mun skína af andlitum þeirra og lýsa veginn fyrir hina hrösulu og þreyttu fætur.

Enginn, sem hefir rjettan skilning á því, í hverju fullkomið lunderni er fólgið, mun láta hjá líða að sýna kristilega meðaumkun og nærgætni. Áhrif náðarinnar sýna sig í því, að hún mýkir hjartað, hreinsar og göfgar tilfinningarnar og kemur inn hjá hlutaðeiganda himneskum fínleik og smekk fyrir öllu velsæmi.

[164]

En hin gullvæga regla ristir enn dýpra. Sjerhver, sem gjörður hefir verið að ráðsmanni yfir hinum margvíslegu náðargjöfum Guðs, fær áskorun um að miðla þeim sálum, sem eru í vanþekkingar-myrikri því, sem hann vildi að þær miðluðu sjer, ef hann væri í þeirra sporum. Páll postuli sagði: “Jeg er í skuld bæði við Grikki og útlendinga, vitra og fávísa”. Róm. 1, 14. Alt það, sem þú hefir meðtekið af ríkdómi náðargjafa hans fram yfir villuráfandi og spilta sál, ert þú skyldur að miðla slíkri sálu.

Á sama hátt er því varið með tímanlegar gjafir og tímanlega blessun. Alt, sem þú hefir fram yfir það, sem meðbræður þínir hafa, gjörir þig hlutfallslega við það að skuldunaut allra þeirra, sem ver

[165]

eru stæðir en þú. Ef vjer eigum auðæ'fi eða ef vjer höfum þó ekki

sje nema það sem kallað er: þægindi lífsins, þá er það heilög skylda vor að sjá um þá, sem eru veikir eða bágstaddir á annan hátt, sjá um ekkjur og munaðarleysingja, einmitt eins og vjer mundum vilja að þeir sæju um oss, ef vjer værum í þeirra sporum og þeir í vorum.

Hin gullvæga regla kennir oss óbeinlínis hið sama og vjer sjáum að haldið er fram á öðrum stað í fjallræðunni, sem sje þetta, að “með sama mæli og bjer mælið öðrum, mun yður aftur mælt verða”. Það, sem vjer gjörum öðrum, hvort sem það er ilt eða gott, mun vissulega hitta oss aftur, sem blessun eða bölvun. Það sem vjer látum úti, fáum vjer aftur. Hin tímanlegu gæði, sem vjer miðlum öðrum, getum vjer fengið og munum oft fá aftur í sömu mynt. Það, sem vjer gefum, munum vjer á neyðartímum oft fá ferfalt aftur í mynt landsins. En þar að auki verða allar gjafir endurgoldnar jafnvel hjer í lífi með meiri fyllingu hins guðlega kærleika, sem er meginþáttur allrar dýrðar himinsins og allra fjársjóða hans.. Hið vonda verður einnig endurgoldið. Hver, sem hefir haft það fyrir stafni, að setja út á aðra eða gjöra öðrum gramt í geði, mun sjálfur mæta því sama; hann mun sjálfur komast í hinar sömu kringumstæður og hann hefir komið öðrum í. Hann mun fá að finna hvað þeir hafa orðið að líða fyrir samúðarleysi hans og ónærgætni.

Það er Guð, sem af elsku sinni til vor hefir hagað þessu svona til. Hann vill koma oss til að hafa andstygd á harðúð hjartna vorra, koma oss til að opna hjörtu vor, svo að Jesús geti búið í þeim. Á þennan hátt snýst hið illa til góðs, og það, sem sýnist vera bölvun, verður að blessun.

Hin gullvæga regla er hinum kristnu föst regla; að setja kröfurnar nokkuð lægri, það er að svíkja sjálfan sig. Þau trúarbrögð, sem koma einhverjum til þess að álíta að þær manneskjur sjeu lítils virði, sem Kristur hefir virt svo hátt, að hann gaf sjálfan sig út fyrir þær, eða sem koma nokkrum til þess að sýna skeytingarleysi gagnvart mannlegri neyð og þjáningum eða gagnvart rjetti raanna, eru fölsk trúarbrögð. Með því að sýna vanrækslu í því, sem fátæklingar, bágstaddir og syndarar eiga heimtingu á, sýnum vjer Kristi ótrúmensku. Það er af því, að menn taka sjer nafn Krists, en afneita lunderni hans, að kristindómurinn hefir svo lítinn kraft í heiminum. Vegna þessa verður nafn Drottins fyrir vansæmd.

[166]

Vjer lesum um postulasöfnuðinn á hinum björtu tímum, þegar dýrð hins nýupprisna Frelsara ljómaði yfir honum, að “enginn

taldi neitt vera sitt, er hann átti”. “Og eigi var heldur neinn þurfandi meðal þeirra”. “Og með miklum krafti báru postularnir vitni um upprisú Drottins Jesú, og mikil náð var yfir þeim öllum”. “Og daglega hjeldu þeir sjer með einum huga í helgidóminum og brutu brauð í heimahúsum og neyttu fæðu með fögnuði og einfaldleik hjartans, og lofuðu Guð og höfðu vinsældir af öllum lýð. En Drottinn bætti daglega við í hópinn þeim, sem frelsast ljetu”. Post. 4, 32—34; 2, 46. 47.

Þótt maður hefji rannsókn á himni og jörðu, mun maður aldrei finna nokkurn kröftugri sannleika opinberaðan en þennan, sem kemur í ljós í góðverkum við þá, sem þarfnast hjálpar og samúðar. Þetta er sannleikurinn, eins og hann er í Jesú Kristi. Þegar þeir, sem játa nafn Krists, byrja aftur á því að lifa eftir hinni gullvægu reglu, þá mun hinn sami kraftur fylgja fagnaðarerindinu og á dögum postulanna.

[167]

**“Þröngt er hliðið og mjór er vegurinn, er liggur til lífsins.”**

Á Krists dögum bjó fólkið í Gyðingalandi í bæjum, sem voru umgirtir af háum múrum, og oftast voru þeir uppi á hæðum eða fjöllum. Leiðin að borgarhliðunum, er var lokað um sólsetur, var brött og lá eftir klettum og mishæðum, og vegfarandinn, er var á heimleið um dagsetur, varð oft að hraða sjer mjög mikið upp hinn erfiða og vandfarna veg, til þess að ná að hliðinu áður en nóttin kom. Hinn seinláti varð að vera fyrir utan.

Þennan bratta veg, er lá heim að heimilinu og til hvíldarinnar, notaði Jesús sem áhrifamikla mynd af vegferð kristins manns. Sá vegur, sem jeg hefi lagt fyrir yður, sagði hann, er mjór, og það er erfitt að komast í gegnum hliðið; því að hin gullvæga regla útilokar alt dramb og sjálfstraust. Að vísu er og til breiðari vegur, en endir hans er tortíming. Ef þjer æskið þess að ganga veginn til andlegs lífs, þá verðið þjer stöðugt að stíga hærra og hærra upp, því að hann liggur upp á við. Þjer verðið að fylgjast með hinum fáu; því að meginþorri manna mun velja þann veg, sem liggur niður á við.

Á veginum, sem liggur til dauðans, er pláss fyrir alt mannkynið með allri heimslund sinni, allri eigingirni sinni, öllu drambi sínu, með allri óráðvendni sinni og siðspillingu. Á þeim vegi er rúm fyrir allra meiningu og fyrir allra kenningu; þar mun sjerhver geta farið

eftir tilhneigingum sínum og gjört alt, sem eigingirninn kann að bjóða. Fari maður þennan veg, er liggur til glötunar, þá þarf maður ekki að leita að veginum, því að hliðið er vítt og vegurinn er breiður, og það mun verða eðlilegt fætinum að fara þann veg, er liggur til dauðans.

[168]

En vegurinn til lífsins er mjór og hliðið er þröngt. Ef þú heldur fast við nokkra synd, sem hefir fengið vald yfir þjer, þá munt þú komast að raun um, að vegurinn er of þröngur til þess að þú getir komist inn. Þú verður að sleppa þínum vegum, þínum vilja, og láta af hinum illu venjum þínum, ef þú æskir þess að fara veg Drottins. Sá, sem vill þjóna Kristi, getur ekki farið eftir skoðunum manna, nje samið sig að háttum heimsins. Hinn himneski vegur er of þröngur til þess að auðæfi og metorð geti ferðast eftir honum í skrautlegum fylkingum, of þröngur fyrir leikvöll handa eigingirni og ágirnd, og of brattur og ósljettur til þess að hinn værukæri geti farið hann. Að vinna með atorkusemi, sýna þolinmæði og sjálfsafneitun, að þola smán og fátækt og andmæli af syndurum, það var hlutskifti Krists; og þetta verður að verða hlutskifti vort, ef vjer eigum nokkurntíma að komast inn í Paradís Guðs.

En þrátt fyrir þetta mátt þú ekki ætla, að vegurinn, sem liggur upp á við, sje erfiður, og vegurinn niður á við greiðfær. Meðfram endilöngum veginum, sem liggur til dauðans, er þjáning og refsing; þar eru harmar og vonbrigði, og þar eru menn varaðir við, svo að þeir haldi ekki lengra áfram. Elska Guðs hefir gjört hinum kærulausu og þrjóskufullu þungfært að leiða glötun yfir sjálfa sig. Að sönnu er vegur Satans heillandi, en það er altsaman eintóm svik og prettir. Á vonda veginum er beisk iðrun og eyðandi áhyggjur. Vera má, að oss finnist þægilegt að fylgjast með drambinu og jarðneskri eftirsókn; en endir þess er harmur og böi. Eigingjörn áform geta gefið fögur loforð og fagnar vonir; en vjer munum komast að raun um, að vonir, er einungis áhræra sjálfa oss, eitra vonina og gjöra lífið beiskt. Vel getur verið að hlið vegarins, er liggur niður á við, sje blómum skreytt, en það eru þynnar á veginum. Björtu vonirnar, sem vjer höfum í byrjun leiðarinnar, breytast í örvæntingarmyrkur, og sú sál, sem fer þennan veg, lendir í því náttmyrkri, er engan enda tekur.

[169]

“Vegur svikaranna er hrjóstrugur”, en vegur viskunnar er “yndislegur og allar götur hennar velgengni”. Orðskv. 13, 15; 3, 17. Alt það, sem vjer gjörum af hlýðni, alt það, sem vjer leggjum á oss sakir Krists, sjerhver raun, sem borin er á rjettan hátt, og sjerhver sigur,

sem unninn er á freistingunum, er spor í áttina til fullkomins sigurs að lokum. Ef vjer kjósum Krist að leiðtoga, þá mun hann leiða oss á óhultar brautir. Jafnvel stórsyndarinn þarf ekki að fara villur vegar. Enginn einasti sannleiksleitandi maður, hversu breyskur og ístöðulítill sem hann kann að vera, þarf að ganga annarsstaðar en í hinu hreina og heilaga ljósi. Enda þótt vegurinn sje svo þröngur, svo heilagur, að syndin er ekki látin viðgangast þar, þá er þó öllum trygður aðgangur að honum, og engin einasta óttaslegin og efablandin sál, þarf að segja: “Guð skeytir ekki um mig”!

[170] Getur verið að vegurinn sje ósljettur og uppgangan brött; það kunna að vera leynigryfjur til hægri og vinstri; ef til vill bíður vor strit og áreynsla á leiðinni; þegar vjer erum þreyttir og oss langar eftir hvíld, þá getur verið að vjer verðum að halda áfram að eifða, vera má að vjer verðum að berjast, þegar vjer erum að því komnir að hníga niður, og þegar vjer erum að gugna, verðum vjer samt að vona. En þegar Kristur er foringi vor, þá getur ekki hjá því farið, að vjer að lokum náum hinni eftirþráðu höfn. Kristur er sjálfur genginn á undan oss hinn ósljetta veg, og hann hefir rutt veginn fyrir fætur vora.

Og meðfram öllum hinum bratta vegi, er liggur til lífsins, eru gleði-uppsprettur, til svölunar hinum þreytta. Þeir, sem ganga á vegi viskunnar, eru fullir gleði mitt í þrengingunum; því að Guð, sem sál þeirra elskar, gengur ósýnilegur þeim við hlið. Við hvert spor, sem þeir stíga upp á við, finna þeir betur og betur handtak hans. Við hvert spor skína skærari og skærari geislar hins ósýnilega dýrðarljóma á leið þeirra, og lofsöngur þeirra, er verður stöðugt hærri og hærri, stígur upp og sameinast söngvum englanna fyrir framan hásetið. “Gata rjettlátra er eins og bjartur árdagsljómi, sem verður æ skærari fram á hádegi.” Orðskv. 4, 18.

### “Kostið kapps um að komast inn um þrönga hliðið.”

Ferðamaðurinn, er var orðinn á eftir tímanum, og flýtti sjer því af stað sem mest hann mátti, til þess að ná til borgarinnar fyrir sólarlag, gat ekki látið neitt, er vakti athygli hans á leiðinni, aftra för sinni. Hann haf’ ði hugann aðeins á þessu eina, að ná að komast inn um hliðið. Þetta sama stöðuga áform, sagði Jesús, er nauðsynlegt í lífi hins kristna. Jeg hefi sýnt yður, í hverju ágæti lundernisins er fólgið,

og þetta er hin sanna dýrð ríkis míns. Hún veitir yður ekkert loforð um jarðnesk völd, en hún er verð hinnar innilegustu löngunar og alvarlegustu kappkostunar yðar. Jeg kalla yður ekki til að berjast fyrir stórt og völdugt heimsríki; en af því megið þjer ekki draga þá ályktun, að bardaginn sje enginn og sigurinn enginn. Jeg býð yður [171] að kosta kapps um, sækjast eftir því, að komast inn í mitt andlega ríki.

Hið kristilega líf er barátta og herganga; en sigurinn, sem vinnast þarf, getur ekki orðið unninn með mannlegu afli. Baráttan er háð á vígvelli hjartans. Markmið baráttunnar, er vjer verðum að heyja, — þeirrar mestu, er nokkurntíma hefir verið háð af mönnum, — er það, að koma vilja sjálfra vor undir yfirráð Guðs vilja og að láta kærleikann ná einveldi í hjartanu. Gamla eðlið, sem fætt er af blóði og holdsviljanum, getur ekki erft Guðs ríki. Hinar arfteknu tilhneingingar, hinar gömlu venjur, verða að leggjast niður.

Sá, sem hefir sett sjer það takmark, að komast inn í hið andlega ríki, mun komast að raun um, að hið óendurfædda eðli, með öllum þess kröftum og ástríðum, stutt af myrkravöldunum, rís í gegn honum. Eigingirni og dramb rís í gegn öllu, sem flettir ofan af syndum vorum. Vjer getum ekki sjálfir sigrað hinar illu tilhneingingar og venjur, sem berjast um yfirráðin. Vjer getum ekki sigrast á hinum völduga óvini, sem heldur oss í þrældómi. Guð er sá eini, sem getur veitt oss sigur. Hann vill, að vjer höfum valdið yfir sjálfum oss, yfir vilja vorum og yfir breytni vorri; en hann getur ekki komið því til leiðar í oss, sem hann vill, nema vjer sjeum því sjálfir samþykkir og samstörfum með honum. Guðs andi vinnur verk sitt í gegnum þá krafta og hæfileika, sem vjer höfum fengið, og þess er krafist af oss, að vjer notum þá til samstarfs með Guði.

Sigurinn fæst ekki nema með mikilli og alvarlegri bæn, og með því að vjer auðmýkjum sjálfa oss stöðugt. Vilji vor á elcki að neyðast til samstarfs með kröftum guðdómsins; hann verður að vera undirgefinn af fúsleik. Enda þótt það væri mögulegt, að þröngva með [172] hundraðföldu afli áhrifum Guðs anda inn hjá þjer, þá mundi það ekki geta gjört þig að kristinni manneskju, er væri hæf fyrir Guðs ríki. Vígi Satans gætu ekki fyrir það orðið brotin niður. Viljinn verður að skipa sjer þeim megin, sem Guðs vilji er. Af sjálfum þjer ert þú ekki fær um að leggja áform þín, óskir og tilhneingingar undir yfirráð Guðs

[173] vilja, en ef þú ert “fús til að verða fús”, þá mun Guð framkvæma það fyrir þig og brjóta niður “hugsmíðar og hæð hverja, er rís gegn þekkingunni á Guði”, og hjálpa þjer til að “hertaka hverja hugsun til hlýðni við Krist”. 2. Kor. 10,5, og þá munt þú vinna að “sáluhjálp þinni með ugg og ótta”; því að það er Guð, sem verkar í þjer “bæði að vilja og framkvæma, sjer til velþóknunar”.

En margir, sem eru hugfangnir af fegurðinni í lunderni Krists og dýrð himinsins, hörfa samt sem áður undan því, sem eru skilyrði þess að geta hlotið þetta. Á breiða veginum eru margir, sem ekki eru alls kostar ánægðir með veginn, sem þeir ganga á. Þá langar til að slíta sig lausa úr þrælkun syndarinnar, og þeir leitast við í eigin kröftum að standa gegn hinum syndsamlegu venjum sínum. Þeir beina augum sínum að mjóa veginum og þrönga hliðinu, en eigingirni, nautnasýki, heimselska, dramb og vanheilög eftirsókn hleður múr milli þeirra og Frelsarans. Að láta af sínum vilja og sleppa því, sem þeir hafa sóst eftir, það er fórn, sem þeim er ekki ljúft að færa, og þess vegna hika þeir og snúa við. Margir “munu leitast við að komast inn, en geta það ekki”. Þá langar eftir hinu góða og þeir sýna nokkra viðleitni í því að fá það, en þeir eru ekki nógu ákveðnir í vali sínu, þeir hafa ekki sett sjer það mark og mið að hljóta það, hvað sem það kostar.

Hin eina von um sigur er í því fólgin, að vjer sameinum vorn vilja Guðs vilja og störfum í samfjelagi við hann á hverjum degi og hverri stundu. Vjer getum ekki haldið stjálfselskunni og samt inn gengið í Guðs ríki. Ef vjer náum nokkru sinni heilagleika, þá verður það með því móti, að vjer deyjum frá sjálfum oss og fáum hugarfar Krists. Vjer verðum að krossfesta stærilætið og sjálfbirgingsskapinn. Erum vjer fúsir að leggja það í sölurnar, sem krafist er af oss? Erum vjer fúsir til að láta vorn vilja verða í samræmi við Guðs vilja? Það er ekki fyr en vjer erum fúsir til þessa, sem náð Guðs, er megnar að breyta hjartanu, getur unnið verk sitt í oss.

Baráttan, sem vjer verðum að heyja, er hin “góða barátta trúarinnar”. “Í því skyni á jeg líka í striti og baráttu”, segir Páll, “eftir þeim mætti, sem kröftuglega verkar í mjer”. Kól. 1, 29.

Þegar hið mikla úrslitaaugnablik rann upp í lífi Jakobs og tvísýnt var, hvernig fara mundi fyrir honum, þá gekk hann burtu til að biðja. Hugur hans var gagntekinn af þrá eftir því, að fá hinu mikla áformi sínu framgengt, að fá lunderninu breytt. En meðan hann hrópaði til Guðs, kom einhver til hans, sem hann hjelt að væri óvinur, og



lagði hönd á hann, og alla nóttina háði hann baráttu fyrir lífi sínu. En lífshættan, sem hann var staddur í, megnaði ekki að breyta áformi hjarta hans. Er kraftar hans voru að þrotum komnir, birti engillinn guðdómsmátt sinn, og þegar hann snart Jakob á yfirnáttúrlegan hátt, varð Jakob ljóst, hver það var, sem hann hafði barist við. Ósjálfbjarga hneig hann að brjósti Frelsarans, grátbænandi um blessun. Hann vildi ekki láta vísa sjer á bug, nje hætta við bæn sína, og Kristur heyrði bæn þessarar iðrandi, ósjálfbjarga sálar, bæn, er var í samræmi við loforðið, að sá, sem leitar ásjár hans til þess að semja frið við hann, skuli fá frið. Jakob hjelt fast við áform sitt og bað: “Jeg sleppi þjer ekki, nema þú blessir mig”. 1. Mós. 32, 26. Þessa festu gaf sá honum, sem hann glímdi við. Það var hann, sem veitti ættföðurnum sigur og breytti nafni hans, er var Jakob, í nafnið Israel, segjandi: “Þú hefir glimt við Guð og menn og fengið sigur”. 1. Mós. 32, 28. Það, sem Jakob hafði árangurslaust barist fyrir í eigin kröftum, vann hann fyrir sjálfsuppgjöf og trú, er ekki vildi sleppa tókunum. “Trú vor, hún er siguraflið, sem hefir sigrað heiminn”. 1. Jóh. 5, 4.

[175]

### “Gætið yðar fyrir falsspámönnum.”

Menn, er kenna falslærdóma, munu koma fram og leiða yður út af mjóa veginum og burt frá þrönga hliðinu. Gætið yðar fyrir þeim; því að þótt þeir hylji sig í sauðargærum, eru þeir þó hið innra glefsandi vargar. Jesús sýnir oss fram á það, á hverju vjer getum þekt falsspámennina frá hinum sönnu spámönnum. “Af ávöxtunum skuluð þjer þekkja þá”, segir hann. “Hvort geta menn lesið vínber af þyrnum eða fíkjur af þistlum?” —

Hann segir ekki, að vjer eigum að reyna þá samkvæmt hinu hljómfagra tali þeirra og hinni háleitu játningu. Það er Guðs orð, sem þeir skulu dæmast eftir. “Leitið til kenningarinnar og vitnisburðarins!” Jes. 8, 20. Ef þeir tala ekki samkvæmt þessu orði, þá er það vegna þess, að “þeir eru án morgunroða”, þeir hafa enga birtu. “Lát af, son minn! að hlýða á þá uppræðslu, sem leiðir þig á villuveg frá skynsamlegum orðum”. Orðskv. 19, 27. Hvaða boðskap kunngjóra þessir kennarar? Koma þjer þjer til þess, að óttast og elska Guð? Kenna þjer þjer að birta honum elsku þína til hans með hlýðni við boð hans? Ef þjer sjá ekki þýðingu siðferðislaganna, og ef þjer lít-ilsvirða boð Guðs og brjóta eitt hið minsta þeirra og kenna öðrum að

gjöra hið sama, þá eru þeir í Guðs augum ekki neitt. Vjer getum þá vitað, að þeir eru ekki það, sem þeir þykjast vera. Þeir framkvæma einmitt það verk, sem hefir uppruna sinn hjá myrkráhöfðingjanum, óvini Guðs.

[176] Ekki hevra allir þeir Kristi til, sem játa nafn hans. Margir, sem hafa kent í mínu nafni, sagði Jesús, munu að lokum verða ljettvægir fundnir. “Margir munu segja við mig á þeim degi: Herra, höfum vjer ekki spáð í þínu nafni, og höfum vjer ekki rekið út illa anda í þínu nafni, og höfum vjer ekki gjört mörg kraftaverk í þínu nafni? Og þá mun jeg segja þeim afdráttarlaust: Aldrei þekti jeg yður; farið frá mjer þjer, sem fremjið lögmálsbrot”.

Þeir menn eru til, er halda að þeir hafi rjett fyrir sjer, þegar þeir hafa á röngu að standa. Samtímis því, að þeir viðurkenna Krist sem herra sinn, og halda því fram, að þeir gjöri mikil verk í hans nafni, fremja þeir ranglæti. Í orði láta þeir sem það sje yndi sitt að breyta eftir orðum Drottins, “en hjarta þeirra eltir fjegróðann”. Sá, sem kunngjörir Guðs orð, er þeim “eins og ástarkvæði, eins og sá, er hefir fagra söngródd og vel leikur á strengina”; þess vegna munu þeir hlusta á orð þín, en breyta þó “ekki eftir þeim”. Esek. 33, 31, 32.

Tóm játning varanna um, að maður sje lærisveinn Krists, hefir ekkert gildi. Sú trú á Krist, sem frelsar sálina, er ekki það, sem margur leitast við að sýna fram á. “Trúðu, trúðu!” segja þeir, “þá þarftu ekki að halda lögmálið!” En sú trú, sem ekki leiðir til hlýðni, er offrekja. “Sá sem segir: Jeg þekki hann, og heldur ekki boðorð hans, hann er lygari, og sannleikurinn er ekki í honum”. 1. Jóh. 2, 4. Enginn skyldi hugsa, að sjerstakar opinberanir forsjónarinnar eða kraftaverka-fyrirbrigði hljóti að vera sönnun þess, að verk þeirra sjeu sönn eða skoðanir þeirra rjettar. Ef einhver fer lítilsvirðingar-orðum um Guðs orð og lætur hinn guðdómlega prófstein lúta í lægra haldi fyrir sínum eigin áhrifum, tilfinningum og athöfnum, þá getum vjer vitað, að hann hefir enga birtu.

[177] Hlýðnin er sönnun þess, að maður sje lærisveinn. Það sjest á því, hvernig vjer höldum boðorðin, hvort vjer erum hreinskilnir, þegar vjer tölum um kærleika vorn. Þegar sú kenning, sem vjer aðhyllumst, eyðir syndinni úr hjartanu, hreinsar sálina af saurgun, og ber ávexti heilagleikans, þá getum vjer vitað, að hún er Guðs sannleikur. Þegar góðgjörðasemi, vinsemd, mildi og samúð kemur í ljós í líferni voru, þegar gleði rjettlætisins er í hjörtum vorum, og vjer hefjum Krist en

ekki sjálfa oss, þá getum vjer vitað, að trú vor er sú rjetta. “Og á því vitum vjer, að vjer þekkjum hann, ef vjer höldum boðorð hans”. 1. Jóh. 2, 3.

**“Dað fjell ekki, því að það var grundvallað á bjargi.”**

Ræða Jesú hafði gengið fólkinu mjög til hjarta. Hin guðdómlega fegurð í meginreglum sannleikans heillaði það, og hinar hátíðlegu aðvaranir Krists voru því sem raust þess Guðs, er rannsakar hjörtun. Orð hans höfðu höggvið niður að rótum hinna gömlu skoðana þeirra og hugmynda. Að breyta eftir kenningu hans, mundi vera ómögulegt nema að gagngjör breyting ætti sjer stað, bæði á hugsunarhætti þeirra og breytni. Það mundi verða ágreiningsefni milli þeirra og hinna andlegu kennara þeirra, því að það mundi hafa það í för með sjer, að alt yrði rifið niður, sem lærifeðurnir höfðu bygt á tímum margra kynslóða. Enda þótt orð hans endurómuðu í hjörtum fólksins, voru það þó aðeins fáir, sem voru fúsir að gjöra þau að mælikvarða fyrir líferni og breytni sinni.

Jesús lauk kenslu sinni á fjallinu með líkingu, er með skýrum og áhrifamiklum dráttum sýndi fram á það, hversu afararíðandi það var að breyta eftir þeim orðum, er hann hafði talað. Meðal mannfjöldans, er flyktist kring um Frelsarann, voru margir, sem höfðu alið aldur sinn við Genesaret-vatnið. Er þeir sátu þarna í fjallshlíðinni og hlýddu á orð Krists, blöstu við þeim dældir og sprungur, sem vatnslækirnir, sem komu ofan úr fjöllunum, runnu eftir, niður til sjávar. Á sumrin þornuðu þessir lækir oftast með öllu upp, en eftir sást farvegur þeirra, þur og leirugur. En er vetrarstormarnir æddu um fjöllin, urðu þessir lækir að stórum, beljandi ám, er stundum flæddu yfir dalina með svo miklu affi, að þær rifu alt með sjer, er varð á vegi þeirra. Það kom þá oft fyrir, að kofarnir, sem bændurnir höfðu bygt á grasivöxnum sljettunum, og, að því er sjeð varð, voru í engri hættu, skoluðust burt. En hátt uppi á fjöllunum voru hús, sem voru bygd á kletti. Í nokkrum hluta landsins voru hús, sem voru eingöngu bygd úr steini, og mörg þeirra höfðu öldum saman boðið ofviðrunum byrginn. Það hafði kostað mikið erfiði og umstang að koma þessum húsum upp. Það var ekki auðvelt að komast að þeim og umhverfið var ekki eins fagurt og niðri á grasivöxnum sljettunum; en þau voru grundvölluð á bjargi, og vatnsflóð og stormar buldu á þeim, án þess

[178]

að þau sakaði nokkuð. Jesús líkti sjerhverjum, er hafði veitt þeim orðum viðtöku, sem hann hafði talað til þeirra, og gjörði þau að grundvelli líferniss síns og lunderniss, við þá, sem höfðu bygt hús sín á bjargi. Nokkrum öldum áður, hafði Jesaja spámaður skrifað: “Orð Guðs vors stendur stöðugt eilíflega”, og er Pjetur, löngu eftir að fjallræðan var haldin, vitnaði í þessi orð Jesaja, bætti hann við: “Og þetta er orð fagnaðarereindissins, er yður hefir verið boðað”. Jes. 40, 8; 1. Pjet. 1, 25. Guðs orð er hið eina örugga í heimi þessum. Það er hinn trausti grundvöllur. “Himinn og jörð munu líða undir lok”, sagði Jesús, “en orð mín munu alls ekki undir lok líða”. Matt. 24, 35.

[179] Orð Krists á fjallinu fela í sjer hina miklu meginreglu Guðs lögmáls, já, sjálft eðli Guðs. Sá, sem byggir á þeim, byggir á Kristi, hinum eilífa kletti. Með því að meðtaka orðið, meðtökum vjer Krist, og einungis þeir, sem þannig meðtaka orð hans, byggja á honum. “Annar grundvöll getur enginn lagt en þann, sem lagður er, sem er Jesús Kristur.” 1. Kor. 3, 11. “Ekki er hjálpræðið í neinum öðrum, því að eigi er heldur annað nafn undir himninum, er menn kunna að nefna, er oss sje ætlað fyrir hólpnum að verða”. Post. 4, 12. Kristur, Orðið, opinberun Guðs, hann, sem er opinberun lunderniss hans, lögmáls hans, kærleika hans, lífs hans — er sá eini grundvöllur, er vjer getum bygt það lunderni á, sem fær staðist.

Vjer byggjum á Kristi, með því að hlýða orðum hans. Sá, sem einungis hefir rjettlæti, er ekki rjettlátur, heldur sá, sem iðkar rjettlætið. Heilagleikinn er ekki fólgin í algleymings-ástandi; heilagleikinn er afleiðing þess, að gefa sig algjörlega Guði á vald; hann er í því fólgin, að vjer gjörum vilja vors himneska Föður. Þegar Ísraelsmenn voru samankomnir á landamærum fyrirheitna landsins, var þeim það ekki nóg að þekkja til Kanaanlands eða syngja Kanaan söngva. Þetta eitt gat ekki veitt þeim eignarhald á góða landinu með víngörðum þess og olíulundum. Þeir gátu gjört það að rjettri eign sinni með því einu, að fullnægja skilyrðunum, með því að sýna lifandi trú á Guð, með því að tileinka sjer loforð hans, um leið og þeir fóru eftir leiðbeiningu hans.

Kristindómurinn er fólgin í því, að maður sje orðsins gjörandi — ekki gjörandi til þess að verðskulda með því hylli Guðs, heldur vegna þess, að maður hefir alveg óverðskuldað meðtekið ástgjafir hans. Kristur lætur frelsi mannsins ekki aðeins vera komið undir

játningu, heldur trú, sem birtist í rjettlætis-verkum. Það er verk, en ekki orðin tóm, sem Kristur tekur gild af þeim, er feta í fótspor hans. Lundernið byggist upp með fram- kvæmdum. “Allir þeir, sem leiðast [180] af anda Guðs, þeir eru Guðs börn”. Róm. 8, 14. Það eru ekki þeir, [181] hverra hjörtu verða fyrir áhrifum Andans, ekki þeir, sem við og við láta undan þessum áhrifum, heldur þeir, sem leiðast af Andanum, sem eru Guðs börn.

Er það ósk þín að fylgja Kristi, en veist ekki, hvernig þú átt að byrja? Ertu í myrkri og veist ekki, hvernig þú átt að finna ljósið? Notaðu það þekkingar-ljós, sem þú hefir. Hlýddu Guðs orði að svo miklu leyti sem þú skilur það. Máttur hans, sjálft líf hans, er í orði hans. Þegar þú tekur við orðinu í trú, þá mun það veita þjer kraft til að hlýðnast því. Þegar þú gengur í því ljósi, er þú hefir, þá mun meira ljós renna upp fyrir þjer. Þú byggir á orði Guðs, og lunderni þitt mun uppbyggjast í líkingu Krists lundernis. Kristur, hinn sanni grundvöllur, er lifandi steinn; og hans líf veitist öllum, er byggja á honum. “Látið sjálfir uppbyggjast sem lifandi steinar í andlegt hús”. Hyrningarsteinninn er Kristur sjálfur. “En hver sú bygging, sem samtengd er á honum, vex svo, að þar verður úr musteri, heilagt fyrir samfelagið við Drottin”. 1. Pjet. 2, 5; Ef. 2, 20. 21. Steinarnir verða eins og grundvöllurinn, því að sama lífið er í þeim og honum. Þessari byggingu geta engir stormar kollvarpað; því að það, sem hefir hlutdeild í lífinu í Guði, mun ásamt honum lifa alt af.

En sjerhver bygging, sem reist er á nokkrum öðrum grundvelli en Guðs orði, mun falla. Sá, sem eins og Gyðingarnir á Krists dögum byggir á grundvelli, sem er samsettur af hugmyndum og skoðunum manna, á venju og helgisiðum, er menn hafa fundið upp, eða á verkum í nokkurri mynd, sem framkvæmd eru án náðar Krists, hann byggir lundernis-byggingu sína á lausum sandi. Freistingaofviðrin munu svifta burt hinum sendna grundvelli og gjöra hús hans að [182] rekaldi á strönd tímans.

“Fyrir því segir herrann Drottinn svo: Jeg gjöri rjettinn að mæli-vað og rjettlætið að mælilóð; og haghlríð skal feykja burt hæli lygin-  
innar og vatnsflóð skola burt skjólinu.” Jes. 28, 16. 17.

En enn í dag kallar náðin á syndarann. “Svo sannarlega sem jeg líí’ i, segir herrann Drottinn, hefi jeg ekki þóknun á dauða hins óguðlega, heldur að hinn óguðlegi hverfi frá breytni sinni og haldi lífi. Snúið yður, snúið yður frá yðar vondu breytni! Hví viljið þjer deyya,

Ísraelsmenn. Esek. 33, 11. Raustin, sem talar til hins iðrunarlausa í dag, er raust hans, sem í angist hjartans hrópaði, er hann horfði yfir borgina, sem hann elskaði: “Jerusalem, Jerusalem! Þú sem líflætur spámennina og grýtir þá, sem sendir eru til þín, hversu oft hefi jeg viljað samansafna börnum þínum, eins og hæna ungum sinum undir vaengi sjer, — en þjer hafið eigi viljað það. Sjá, hús yðar skal yður eftir skilið verða.” Lúk. 34. 35. Jesús sá, að Jerusalem var ímynd heimsins, er hafði hafnað og fyrirlitið náð hans. Hann grjet — ó þú þrjóska hjarta, hann grjet vegna þín! Jafnvel þegar Jesús táraðist á fjallinu, hefði Jerusalem enn haft tíma til að snúa sjer og umflýja dóm sinn; stutta stund enn beið gjöf himinsins eftir því að verða þegin. Á sama hátt talar og Jesús enn til þín með innilegum kærleika: “Sjá, jeg stend við dyrnar og kný á. Ef einhver heyrir raust mína og lýkur upp dyrunum, þá mun jeg fara inn til hans og neyta kvöldverðar með honum og hann með mjer.” “Sjá, nú er mjög hagkvæm tíð, sjá, nú er hjálpræðis dagur”. Op. 3, 20; 2. Kor. 6, 2.

[183] Þú sem byggir von þína á sjálfum þjer, þú byggir á sandi. En það er enn ekki orðið of seint að umflýja hina yfirvofandi eyðileggingu. Flýðu á hinn trausta grund- völl, áður en ofviðrið skellur á! Svo segir “herrann Drottinn: Sjá, jeg legg undirstöðustein á Zíon, traustan stein, óbifanlegan, ágætan hornstein; sá sem trúir, er eigi óðlátur.” “Snúið yður til mín og látið frelsast, þjer gjörvöll endimörk jarðarinnar, því að jeg er Guð og enginn annar.” Jes. 28, 16; 45, 22. “Óttast þú eigi, því að jeg er með þjer; lát eigi hugfallast, því að jeg er þinn Guð; jeg styrki þig og hjálpa þjer, og styð þig með hægri hendi rjettlætis míns.” “Þjer skuluð eigi verða til skammar nje til háðungar að eilífu.” Jes. 41, 10; 45, 17.